Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlgufé með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947, eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

24. gr.

Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

V. KAFLI

Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.

25. gr.

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

26. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. málsgr. 15. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Valdsmaður getur enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

27. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 25. gr. og 26. gr. 1. málsgr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er valdsmaður ákveður. Framlög samkv. 26. gr. 2. málsgr. eru gjaldkræf við úrskurðun þeirra.

Framlög samkv. 1. málsgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun, er staðið hefir straum af útgjöldum þeim, sem hér getur verið um að ræða.

VI. KAFLI

Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.

28. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með börnum, sem valdsmaður hefir úrskurðað, er lögtakskræfur, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885. Hinu sama gegnir um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr.

Greiðslur samkv. 1. málsgrein, sem samningur aðilja tekur til, staðfestur af valdsmanni, eru einnig lögtakskræfar.

29. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr. 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

30. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

31. gr.

Þeir, sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri samkvæmt 28.—30. gr.

32. gr.

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

VII. KAFLI

Lögsaga íslenskra dómstóla um faðerni barna o. fl.

33. gr.

Mál um faðerni barna er heimilt að höfða hér á landi, ef varnaraðili á hér lögheimili eða dvelst hér á landi eða dánarbú hans sætir eða hefir sætt skiptameðferð hér á landi.

Slík mál má enn fremur höfða hér á landi, ef móðir barns eða barnið á lögheimili hér á landi.

Víkja má frá reglum 1. og 2. málsgr. með samningum við erlent ríki.

Um varnarþing í faðernismálum fer eftir því sem segir í IX. kafla um slík mál.

34. gr.

Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns.

Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Rík-

issjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú hefir faðir barns forsjá þess, en meðlagsúrskurður verður eigi gefinn út á hendur barnsmóður af því að hún er heimilisföst erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hennar. Skal valdsmaður þá úrskurða honum meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins, og fer það að öðru leyti svo sem segir í 2. mgr.

VIII. KAFLI

Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.

35. gr.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

36. gr.

Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskildir, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju, **og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar** til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsgr., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, **þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.**

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsgr. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr.

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, sbr. 8. gr. 2. mgr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 8. gr. 2. mgr., og á þá barnið rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef

honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 35. gr. 6. málsgr. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.

Umsjá forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr. og slíta samvistir, fer sem í 38. gr. segir.

Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefur veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við foreldri að undanförnu.

38. gr.

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjármálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll getur ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarslita foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr. Ákvæði 1. málsgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarslita foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

39. gr.

Samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38. gr., má breyta með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, ef aðiljar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu, eða með dómi. Breyting skal því aðeins á gerð, að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins.

Nú hefir dómsmálaráðuneytið mælt fyrir um, hvernig haga skuli forsjá barns, og getur ráðuneytið þá að ósk annars foreldris breytt ákvörðun sinni í þessu efni, ef breyting þykir réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Sama er að sínu leyti um dómstól, sem kveðið hefir á um það, að annað foreldri skuli hafa forsjá barns.

40. gr.

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsgr. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

41. gr.

Nú hefir forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómsmálaráðuneytið þá að ósk annars foreldris lagt svo fyrir, að það foreldra, sem barn hefir hjá sér, megi ekki fara úr landi með barnið.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema því foreldra, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þ. á m. bera mál undir dómsmálaráðuneytið.

42. gr.

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr. 3. málsgr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, svo sem vegna drykkjuskapar, eða hann er óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, getur dómsmálaráðuneytið svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.

IX. KAFLI

Mál til faðernis barna.

a. Faðerni óskilgetinna barna.

43. gr.

Barnsfaðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða föður, sbr. og 3. málsgr.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og skal þá höfða mál á varnarþingi varnaraðilja eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi samkvæmt 1. og 2. málsgrein er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Nú flyst aðili úr lögsagnarumdæmi, áður en nokkrar aðiljaskýrslur eru teknar í máli, og má þá vísa máli til dómstóls á þeim stað, þar sem varnarþing verður eftir flutning aðilja.

44. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefir móðir barns höfðað mál, og sóknaraðili andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans, að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru á höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

Nú er málsaðili yngri en 18 ára, og skal lögráðamaður þá koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns í málinu. Sama er, ef málsaðili er sviptur lögræði.

45. gr.

Barnsfaðernismál er höfðað, þegar dómari hefir veitt viðtöku ósk frá réttum aðilja um, að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Meðan á rannsókn og meðferð barnsfaðernismáls stendur, á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

46. gr.

Barnsfaðernismál eru rekin og dæmd á bæjarþingi eða aukadómþingi. Dómendur í málum þessum eru héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögum.

47. gr.

Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, og eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana.

48. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrá skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, eftir því sem nánar segir í stjórnvaldsreglum um störf þessi. Spyrja skal móður um faðerni barns og skrá skýrslu hennar um það, og skal sú skýrsla greind í kirkjubók (manntalsbók). Gæta skal þess, að fram

komi, ef barn er óskilgetið, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en eigi má fortakslaust greina hann föður, nema viðurkenning hans liggi fyrir eða önnur úrlausn um faðerni barns.

49. gr.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu.

Dómari ákveður, hverjir skuli kvaddir til aðiljayfirheyrslu og hverjir skuli krafðir vættis í málinu, svo og hverra yfirlýsinga og álitsgerða skuli leitað af hendi sérkunnáttumanna og svo annarra sönnunargagna.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist málsaðilja eða áhrif þess að hreyfa eigi andmælum við staðhæfingum gilda eigi um mál samkvæmt þessum kafla.

Dómari getur ákveðið að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en jafnan skal tilkynna málsaðiljum hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni komi fyrir dóm.

50. gr.

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að gefa skýrslu um samneyti sitt við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi átt samneyti við hana á getnaðartíma barns.

Aðiljum máls er skylt, eftir kröfum dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

51. gr.

Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðiljum, og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þ. á m. mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

52. gr.

Dómari leysir úr sakarefni án tillits til þeirra krafna, sem uppi eru hafðar í málinu.

Um lyktir barnsfaðernismáls og efnislega úrlausn fer svo sem segir í 12. gr.

53. gr.

Dómþing í barnsfaðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

Nú er dómur í barnsfaðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

54. gr.

Dómari barnsfaðernismáls annast um birtingu dóms.

55. gr.

Nú er óskað endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem dæmt hefir verið í héraði, en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og skal þá héraðsdómari, þar sem leyst hefir verið

úr máli, meta það, hvort endurupptaka verði leyfð. Ber að beita við það mat meginreglum 59. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun héraðsdóms sætir kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Umsókn um endurupptöku skal berast héraðsdómi eigi síðar en einu ári eftir að málsaðili fékk vitneskju um atvik þau, sem umsókn styðst við, og þó eigi síðar en 5 árum frá fæðingu barns. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti þessa, ef alveg sérstaklega stendur á.

Nú hefir barnsfaðernismál sætt dómi Hæstaréttar, og ákveður Hæstiréttur þá samkvæmt 59. gr. laga nr. 75/1973, hvort endurupptaka skuli leyfð. Ákvæði 1. málsgr. um fresti til að hafa uppi kröfu, eiga hér einnig við, þó svo, að ráðherra leitar umsagnar Hæstaréttar, áður en afstaða er tekin til lengingar frests. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju í héraðsdómi.

Nú er endurupptaka leyfð, og er þá heimilt í nýjum efnisdómi að taka ákvörðun um endurgreiðslu meðlaga og annarra fjárgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi samkv. fyrri dómi.

b. Mál til vefengingar á faðerni skilgetinna barna.

56. gr.

Um aðild máls fer svo sem segir í 4. gr. um málsmeðferð eftir því sem mælt er fyrir um í 6. gr. og um úrslit samkvæmt því sem á er kveðið í 5. gr.

Nú er mál höfðað af eiginmanni, og ber þá að öðru leyti að beita almennum reglum um meðferð einkamála í héraði. Ákvæði 44. gr. 2. og 4. málsgr., 49. gr. 3. málsgr., 52. gr. 1. málsgr., 53. gr. og 54. gr. og 55. gr. eiga þó við um þessi mál. Nú telur dómari, að kröfur eiginmanns séu studdar verulegum rökum, og má þá einnig beita ákvæðum 51. gr. Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls, og á þá 3. málsgr. 45. gr. við um mál.

X. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

57. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982.

Dómsmálaráðherra getur sett fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna. Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara, þegar eftir setningu þeirra.

58. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi, sbr. þó 2. málsgr., lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 og lög nr. 91/1971, er breyta þeim lögum, svo og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 ásamt breytingarlögum nr. 32/1954, 27/1971 og 92/1971, svo og 22. gr. 2.—4. málsgr. og 23. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Þá fellur enn fremur úr gildi XVIII. kafli laga nr. 85/1936, sbr. þó 2. málsgr.

Ákvæði II., III. og IX. kafla laga þessara, að undanskilinni 4. og 54. gr., taka til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna. Ákvæðum 4. og 54. gr. laganna skal þó einnig beitt varðandi börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna. Hinu sama gegnir um ákvæði IV., V. og VI. kafla, um framfærslueyri og önnur fram-

lög en þó aðeins að því er varðar tímabilið eftir gildistöku laganna, nema annars sé sérstaklega getið. Reglur 16.—23. gr. eiga einnig við, þegar tiltekinn maður eða menn hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með barni án þess að skorið hafi verið úr um faðerni samkv. löggjöf, er gilti fyrir gildistöku laganna.

Eiginmaður móður getur höfðað mál samkv. 4. gr., uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns.

Lög þessi raska eigi ákvörðunum á faðerni eða meðlagsskyldu, sem átt hafa sér stað fyrir gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík, 15. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

Nr. 10. 13. apríl 1981.

LÖG

um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr., 1. mgr. laga nr. 121 30. des. 1978 um kjaramál orðist svo:

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var fyrir 1. janúar 1981 til 1. maí 1981 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Fyrsti málsliður ákvæðis til bráðabirgða í 33. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. orðist svo:

Vaxtaákvarðanir skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1981 verði komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

3. gr.

Við 36. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. bætist eftirfarandi ákvæði:

Stofna skal til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða.

4. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar miðað við verðlag í janúarbyrjun 1981. Heildarútgjöld vísitölunnar þá skulu vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar hennar miðast við, og jafngilda því grunntölu 100 1. janúar 1981. Síðan skal vísitalan reiknuð miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember 1981, og eftir það fjórum sinnum á ári í sömu mánuðum, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

5. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1981 skal greiða verðbætur á laun, eins og þau eru í ársbyrjun, í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar frá grunntölu hennar í janúarbyrjun til febrúarbyrjunar 1981. Þó skulu verðbætur á laun 1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en orðið hefði samkvæmt ákvæðum laga nr. 13 1979. Á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1981 skal síðan greiða verðbætur á laun samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. febr. til 1. maí, 1. maí til 1. ágúst, og 1. ágúst til 1. nóv. 1981.

Við útreikning á breytingu vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt fyrstu málsgrein skal miða við hana að frádregnum áfengis- og tóbaksliðum.

Verðbætur 1. júní, 1. september og 1. desember á þann hluta dagvinnulauna, sem er yfir 725 þúsund krónur á mánuði, eða hliðstæð vikulaun og tímalaun, skulu skerðast skv. ákvæðum 50. gr. laga nr. 13 frá 1979, og breytist þessi viðmiðunartala í samræmi við áorðna hækkun verðbótavísitölu.

6. gr.

Verðbætur á laun samkvæmt þessum lögum skulu reiknaðar með tveimur aukastöfum. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega hverju sinni, hvaða verðbætur skuli greiddar á laun.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981, sem þar er gert ráð fyrir, eða í lánsfjáráætlun fyrir sama ár, telji hún það nauðsynlegt. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 70 20. nóvember 1967 um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1981

22. apríl 1981. 25 Nr. 11.

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 40 bifreiðum árlega um allt að 24 000 krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsgr. til samræmis við þróun framfærsluvísitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar, getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsgr., sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar, sem njóta tollívilnunar skv. 41. tl. 3. gr., geta notið hálfrar ívilnunar skv. 2. málsgr.

Fjármálaráðherra skipar sex manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fimm nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá sjötti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

2. gr.

Á eftir 22. tl. 3. gr. laganna komi ný heimild er orðist svo:

23. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu gjalda, til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð farmflytjanda og innflytjanda nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallinna gjalda og öðrum kostnaði sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

Stjórnartíðindi A 6, nr. 11. Útgáfudagur 27. apríl 1981.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1981

30. apríl 1981. 27 Nr. 12.

LÖG

um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé má ekki hækka fram til 31. desember 1981 frá því sem það var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækkanir umfram brýnustu nauðsyn. Miða skal verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur hverju sinni tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Fari aðili eða samtök aðila ekki að fyrirmælum réttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælunum.

Ákvæði III. kafla laga nr. 18 frá 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann taka og til lögbanns samkvæmt þessari grein eftir því sem við á.

3. gr.

Í 1. gr. B laga nr. 77 23. des. 1980 um vörugjald komi 17% í stað 30% frá 1. maí 1981. Fyrir tímabilið 1. mars til 30. apríl 1981 skal fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð sem nemur allt að 1/6 hluta gjaldsins.

Við innheimtu vörugjalds af innfluttum vörum, sem ekki hafa verið tollafgreiddar við gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 svo og sérstakra laga, sem gilda um einstaka útgjaldaliði, er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 milljón króna.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögunum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1981

28. apríl 1981. 29 Nr. 13.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 289 685 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 158 100 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 462 190 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 14 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána Járnblendifélaginu í samræmi við ákvæði 6. tl. 3. gr. laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S.

6. gr.

Kísiliðjunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 2 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á framkvæmdum og tímabundnum rekstrarerfiðleikum.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 70 750 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1981 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð 27 200 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

10. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1981 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 17 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

12. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 37 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr.

13. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 18 500 þús. kr. til að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1981 eigi fara fram úr 10 830 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1981 eigi fara fram úr 18 540 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 8 694 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977, skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981 eigi fara fram úr 27 887 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast af launaskatti 1981 rennur í ríkissjóð, sbr. b-lið 37. gr. laga nr. 51/1980 og 18. gr. þessara laga. Heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal eigi fara fram úr 43 000 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 75 000 þús. kr. á árinu 1981.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 150 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1981 eigi fara fram úr 6 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1981 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 2 430 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 20 100 þús. kr. á árinu 1981.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 191,5 þús. kr.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 2 961 þús. kr. á árinu 1981.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1981 eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 250 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

26. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána m. a. Rafmagnsveitum ríkisins til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980 og til að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980 er tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.

27. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands allt að 50 000 þús. kr. Skuld þessi skal færð á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum og greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn á árinu 1982.

28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að upphæð 400 þús. kr., sem verja skal til skipaiðnaðarverkefna. Fjárhæðin skiptist þannig:

Til Akraness	100 þús. kr.
Til Stykkishólms	20 þús. kr.
Til Ísafjarðar	80 þús. kr.
Til Vestmannaeyja	150 þús. kr.
Til Garðabæjar	50 þús. kr.
Samtals	400 þús. kr.

29. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af erlendum lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

30. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 370 þús. krónum. Skal þessari fjárhæð ráðstafað til viðgerða á ferjubryggjum við Ísafjarðardjúp vegna skemmda, sem urðu í fárviðri á þessum vetri, til þess að koma bryggjunum í nothæft ástand og tryggja að ekki verði á þeim frekari skemmdir.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

24. apríl 1981. Nr. 14.

LÖG

um breyting á lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: **Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist:

Framleiðslueftirlitið skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans skv. 3. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á ferskfiski, saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað 2 mánuði eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir að fenginni umsögn Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 24. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 15. 24. apríl 1981.

LÖG

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: **Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1981 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík 24. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Stjórnartíðindi A 8, nr. 13—15. Útgáfudagur 8. maí 1981.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1981

Nr. 16. 36 8. maí 1981.

LÖG

um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum framleiddum á árinu 1981 nema 4,5% af fob-verðmæti útflutnings og útflutningsgjald af skreið og hertum þorskhausum framleiddum á árinu 1981 10% af fob-verðmæti útflutnings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Stjórnartíðindi A 9, nr. 16. Útgáfudagur 11. maí 1981.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1981

13. maí 1981. 37 Nr. 17.

LÖG

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: **Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1981 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum og auk þess bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

6) Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómsmanna, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómsmanna.

7) Þegar meðdómsmaður tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8) Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómsmanna, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.

9) Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fógeta-, uppboðs- og skiptarétt.

10. gr.

1. mgr. 38. gr. orðist þannig:

Í Reykjavík og kaupstöðum landsins skal halda bæjarþing til meðferðar allra mála, sem ekki eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku eða oftar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra og á þeim stað og stund, sem ákveðið verður, ef mál eru fyrir hendi. Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann vegna embættisferðar í lögsagnarumdæmi sínu getur ekki sótt þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga. Utan kaupstaða skal halda manntalsþing í hverjum hreppi einu sinni á ári, eins og verið hefur, nema sýslumaður telji þarflaust og dómsmálaráðherra og sýslunefnd samþykki, að hætt skuli að halda manntalsþing eða breyta þeim. Aukadómþing skal halda til meðferðar þeirra mála, sem höfðuð eru utan kaupstaða, þegar þörf gerist og þar í lögsagnarumdæmi, sem dómari ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra ákveður þingstað. Þingstaður sýslu eða kaupstaðar má vera á skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, þótt hún sé utan sýslu eða kaupstaðar.

11. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Þingmálið er íslenska. Skjölum á erlendu máli skal fylgja þýðing löggilts skjalaþýðanda, ef hans er kostur. Ef aðili, eða vitni, er ekki nægilega fært í íslensku, skal aðili hafa með sér löggiltan dómtúlk til aðstoðar dómara, ef unnt er. Ef ekki er kostur löggilts skjalaþýðanda eða dómtúlks, skal þýðandi staðfesta þýðingu sína fyrir dómi, ef hún er vefengd, og túlkur vinna heit fyrir dómi, um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu. Aðili greiðir skjalaþýðanda og dómtúlki þóknun, en þó skal sú þóknun greidd úr ríkissjóði í einkarefsimálum og barnsfaðernismálum.

12. gr.

Í 42. gr. falli niður 4. og 5. töluliður 1. málsgreinar. Við mgr. bætist: Um bækur þinglýsingardómara fer eftir 8. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

13. gr.

1. mgr. 47. gr. orðist þannig:

Fleiri mönnum er rétt að sækja mál í félagi og rétt er að sækja fleiri menn í einu máli, ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar. Ella skal að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar.

14. gr.

53. gr. orðist þannig:

1) Ef sækjandi framselur réttindi þau, sem dómkrafa hans varðar, eftir birtingu utanréttarstefnu, útgáfu réttarstefnu eða, þar sem varnaraðili hefur mætt

óstefndur, eftir þingfestingu máls, en áður en það er tekið til dóms, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins og í því ástandi, sem það þá var í, enda verður hann þá jafnan að sæta þeim vörnum, er rétt var að hafa uppi gagnvart hinum upphaflega sækjanda, nema viðskiptabréfskrafa sé, enda hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né átt að vita, að mál var höfðað eða að málshöfðun stóð til.

2) Ef sækjandi deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur dánarbú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella falla þau niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú sækjanda er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þótt svo sé ekki, getur varnaraðili stefnt þrotabúinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

15. gr.

54. gr. orðist þannig:

1) Ef varnaraðili afhendir á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, hlut eða réttindi, sem hann er sóttur til að láta af hendi, má sækjandi halda málinu áfram gegn hinum upphaflega varnaraðila. Hinn nýi eigandi verður bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignast hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annarra manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum.

2) Ef varnaraðili deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur dánarbúið við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella fellur málið niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú varnaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þó getur sækjandi lýst því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir hinum upphaflega varnaraðila persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og hinn upphaflega varnaraðila persónulega. Þó að þrotabú verði ekki aðili máls skv. framansögðu, getur sækjandi stefnt því inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

16. gr.

4. mgr. 71. gr. falli niður.

Í 5. mgr. komi „fjögurra vikna“ í stað orðsins „viku“.

17. gr.

72. gr. orðist þannig:

Reykjavík, hver kaupstaður landsins og hver sýsla er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur, eftir tillögu viðkomandi héraðsdómara (forstöðumanns embættis), ákveðið að sameina dómþinghár.

18. gr.

Í 77. gr. falli brott orðin: eða sáttakæra.

19. gr.

Í 80. gr. falli brott orðin: sáttakæra eða.

20. gr.

85. gr. orðist þannig:

Mál til greiðslu launa má sækja í þinghá, þar sem unnið var, eða í einhverri þeirra, ef víðar var unnið. Sjómenn mega sækja slík mál á heimili skips.

21. gr.

86. gr. orðist þannig:
Haldast skulu ákvæði annarra laga um varnarþing.

22. gr.

88. gr. orðist þannig:

1) Í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má:

a. Nöfn aðila, nafnnúmer, stöðu og heimili eða dvalarstað.
b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, nafnnúmer, stöðu og heimili eða dvalarstað.
c. Dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekin skaðaverk, án þess að fjárhæð sé tiltekin, ef enn er óvíst um hana, vexti, ef því er að skipta, ákvörðun á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerking ummæla, málskostnað o. s. frv.
d. Málsástæður og önnur atvik, sem þörf er að greina samhengis vegna.
e. Lagarök.
f. Gögn, sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.
g. Dómþing, er mál verður þingfest, og stefnufrest.
h. Áskorun til stefnda að koma fyrir dóm, er málið verður þingfest, svara til sakar og leggja fram gögn.
i. Viðvörun um, að útivistardómur geti gengið, ef stefndi sækir ekki þing, þegar málið skal þingfesta.

2) Rétt er, að aðili sæki þing óstefndur.

3) Þeim einum, er krafa er á hendur gerð, þarf að stefna.

4) Með framhaldsstefnu má auka við kröfur og laga þær, sbr. þó 48. gr. og 2. mgr. 70. gr.

23. gr.

Í 89. gr. falli brott orðin: kvaðningar til sáttafunda. Í sömu grein falli brott orðin: „kvaðning til sáttafundar eða dóms“, en í stað þeirra komi: birting.

24. gr.

Í 92. gr. falli brott orðin: eða sáttakæru.

25. gr.

Í 95. gr. 1. mgr. falli brott orðin: sáttakæru eða.

26. gr.

Í 96. gr. 3. mgr. falli brott orðið: sáttakæra.

27. gr.

Í 97. gr. falli brott orðin: sáttafund eða. Í sömu grein falli brott orðin: sáttakæru eða.

28. gr.

99. gr. orðist þannig:

1) Ef stefndur á heimili eða dvöl í þinghá, þar sem mál skal þingfesta, ber honum þriggja sólarhringa frestur. Sama gildir, ef þingfesta skal mál í Reykjavík, Hafnarfirði, Görðum, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Kjósarsýslu og stefndur á heimili eða dvöl í einhverju þessara lögsagnarumdæma. Sama gildir og, ef þingstaður er hinn sami fyrir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi og stefndur á heimili eða dvöl í einhverju þeirra.

2) Ef stefndur á annars heimili eða dvöl utan þinghár, þar sem mál skal þingfest, skal stefnufrestur vera ein vika.

3) Ef stefndur á heimili eða dvöl erlendis eða ókunnugt er um heimili hans eða dvalarstað, skal stefnufrestur vera einn mánuður.

29. gr.

Brott falli þessi orð 101. gr.: Innan takmarka 99. gr. ákveður dómari stefnufrest, þegar hann gefur út eða ritar á stefnu, ella aðili sjálfur. Ákvörðun dómara um stefnufrest verður ekki skotið til æðra dóms.

30. gr.

103. gr. orðist þannig:

Mál er talið höfðað, þegar dómstefna hefur verið birt, eða, ef verjandi mætir óstefndur, þegar sækjandi gerir kröfu fyrir dómi um fyrirtöku málsins og verjandi tjáir sig þeirri kröfu samþykkan.

31. gr.

105. gr. orðist þannig:

1) Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu, ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl, er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, málsástæðum og öðrum atvikum, ef þess þarf til að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo og framlögðum sönnunargögnum. Sé þess óskað, að dómari taki munnlegar skýrslur um atvik málsins, skal þess getið, og nefndir þeir, sem skýrslur skulu gefa. Þá skal getið um sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið, að þurfi að afla.

2) Dómari getur veitt sækjanda frest til að leggja fram greinargerð, aðilaskýrslu og sönnunargögn skv. 1. mgr., ef aðilar eru á það sáttir eða ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn um skjöl þessi þá þegar eða hann má ekki lengja þingið að þessu sinni.

32. gr.

106. gr. orðist þannig:

Verjanda skal veita hæfilegan frest til að taka afstöðu til krafna sækjanda og kanna fram komin gögn. Honum er heimilt með sama hætti og sækjanda að leggja fram skriflega greinargerð og aðilaskýrslu, svo og sönnunargögn.

33. gr.

110. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja skriflega, má dómari veita aðilum frest til að afla skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal að jafnaði ekki taka munnlegar skýrslur, fyrr en þeim þætti gagnaöflunar er lokið. Báðum aðilum ber að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar, eftir því sem við verður komið. Þegar dómari telur aðila hafa haft nægan gagnaöflunarfrest, skal gefa þeim kost á að fá teknar á dómþingi skýrslur aðila, vitna og mats- og skoðunarmanna. Skal það að jafnaði gert á einu þingi. Þó má taka skýrslur, meðan öflun sýnilegra sönnunargagna fer fram, ef það þarf að gera í öðru lögsagnarumdæmi, eða ef sá, sem skýrslu skal gefa, verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla, þegar þing verður háð til skýrslutöku:

2) Lögmæt forföll eru:
a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra, er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Verulegur vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
d. Þörf á ferðalagi um langan veg.
e. Embættis- eða sýslunarstörf, sem fyrirfram eru ákveðin og þola ekki bið.
f. Áður ákveðið dómþing.

Dómari úrskurðar, ef krafist er, hvort forföll séu lögmæt.

3) Veita má frest til að afla frekari gagna, eftir að öflun þeirra er lokið skv. framansögðu, einnig eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara. Að jafnaði skal þó synja um fresti, þótt þeirra sé beiðst ágreiningslaust af aðilum, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs, enda hafi aðili ekki haft nægilega fresti áður.

4) Málsástæður og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annars kostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana.

5) Eftir að öll gögn eru komin fram, fer fram sókn og vörn máls. Af hálfu hvers aðila má leggja fram málflutningsskjöl tvívegis. Þó getur dómari leyft að leggja fram málflutningsskjöl oftar, ef skort hefur á leiðbeiningar hans til aðila. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á.

34. gr.

111. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja munnlega, má veita fresti til að afla sýnilegra sönnunargagna eftir sömu reglum og greindar eru í 110. gr. Um öflun munnlegra skýrslna, meðan þeir frestir standa, fer eftir sömu grein.

2) Þegar lokið er öflun gagna skv. 1. mgr., ákveður dómari, hvenær fram skuli fara skýrslutaka á dómþingi og munnlegur flutningur máls. Skal þetta að jafnaði fram fara í einni lotu. Um þinghaldið skal tilkynna aðila eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

3) 3. og 4. mgr. 110. gr. gilda einnig um munnlega flutt mál.

35. gr.

Í 118. gr. 4. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

36. gr.

124. gr. orðist þannig:

1) Hverjum 15 ára gömlum manni, sem hér á landi er og ekki er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila eftir 7. mgr. 115. gr., er skylt að koma fyrir dóm og svara munnlega spurningum, sem til hans er beint um málsatvik, eftir bestu getu og draga ekkert undan, sem hann getur frá skýrt þeim til skýringar, enda hafi honum verið löglega stefnt eða hann komi óstefndur fyrir dóm.

2) Ef vitni má ekki koma á þingstað vegna forfalla skv. 2. mgr. 110. gr., má vitnaleiðslan fara fram annars staðar.

3) Ef þess er krafist, getur dómari vitnamáls úrskurðað, að vitni sé skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl eða aðra hluti eða athuga bækur sínar og skjöl eða aðra muni og útdrátt úr þeim til upplýsingar um málsatvik.

37. gr.

Í 175. gr. falli niður orðið: Sáttakostnaður.

38. gr.

Í 177. gr. 2. mgr. falli niður: Ef hann hefir brotið sáttalöggjöfina samkvæmt 12. gr.

39. gr.

Í 188. gr. 1. mgr. falli niður: Fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkvæmt 12. gr.

40. gr.

190. gr. orðist þannig:

1) Úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er.

2) Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði án forsendna.

3) Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum skal þó láta forsendur fylgja ályktunarorði, ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til, enda sé um að ræða úrskurð, sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

4) Í aukamálum, sem tengd eru aðalmáli, svo og í sjálfstæðum vitna- og matsmálum gilda ákvæði 1.—3. mgr. eftir því sem við á.

41. gr.

193. gr. orðist þannig:

1) Dómar skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum. Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp.
d. Dómtökudag.
e. Nöfn dómenda, og hver er dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómsmanna.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins, sem um er kunnugt.
g. Kröfur.
h. Málsástæður í megindráttum og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði og lagaatriði.
k. Réttarfarssektir.
l. Málskostnað.

2) Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

3) Dæma má menn að viðlögðum dag- eða vikusektum til aðila til að vinna verk, annað en peningagreiðslu, þar á meðal til að skila hlut, ef það þykir hentug aðferð til að knýja aðila til að fullnægja dómi. Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður, þegar dómi er fullnægt eða sannað er eða gert sennilegt, að ómögulegt sé að gera það. Aðili getur fengið mál endurupptekið og dómi breytt skv. reglum 170. gr. Krafa um slíka endurupptöku frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafan komin til dómara innan viku eftir að hún kom fram fyrir fógeta.

4) Ef aðila er í dómi bönnuð athöfn eða hann er skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari sett frest til að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði.

5) Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Má ekki skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kunna að koma fram, nema úrslit máls eigi að velta á eiði eða drengskaparheiti.

6) Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

42. gr.

XVI. kafli, um sjó- og verslunardómsmál, falli niður, nema 204. gr.

43. gr.

221. gr. orðist þannig:

Um hjúskaparmál fer eftir lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna fer eftir lögum nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Þá falla niður:

Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5.—7. gr.

Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í umdæmi Akureyrar, 11.—14. gr.

Lög um landamerki o. fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, 9.—19. gr.

Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, 6. gr.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

Nr. 29. 26. maí 1981.

LÖG

um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við stjórn Búnaðarsambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvar að Stóra-Ármóti í Flóa.

2. gr.

Aðalviðfangsefni tilraunastöðvarinnar skal vera alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með aðaláherslu á fóðrun og meðferð gripa, en auk þess sinni hún verkefnum á sviði annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

3. gr.

Tilraunastarfsemin verði rekin innan sviðs landbúnaðarrannsókna á Íslandi skv. lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

4. gr.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

5. gr.

Við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður, ráðnir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en launaðir af ríkissjóði. Auk þess skulu sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa aðstöðu til rannsókna á tilraunastöðinni, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni samkvæmt mati stjórnar tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Tilraunastöðin starfar undir yfirstjórn þriggja manna, og skal hún skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarsambandi Suðurlands, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og starfandi bóndi á svæði Búnaðarsambands Suðurlands, tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Ráðherra skipar stjórn og stjórnarformann til 4ra ára í senn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Pálmi Jónsson.

26. maí 1981. Nr. 30.

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 7. málsgrein og orðist svo:

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Ný 2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

Nr. 31. 26. maí 1981.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Við 1. gr. laganna bætist undir viðkomandi vörulið eftirtalin tollskrárnúmer:

Tollskrárnr.	Vörulýsing	Tolltaxti %
19.02.03	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka	0
20.05.04	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn	0
21.05.22	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn	0
21.07.23	Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum, svo og fæðutegundir sérstaklega tilreiddar sem fæða fyrir ungbörn og sjúka	0

2. Tollur af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn sem flokkast undir tollskrárnúmer 20.02.09 og 20.06.20 verði felldur niður samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

LÖG

um lagningu sjálfvirks síma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Póst- og símamálastjóri skal láta gera sérstaka 5 ára áætlun um lagningu sjálfvirks símakerfis til sem flestra símnotenda og skal þeim framkvæmdum raðað í forgangsröð, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1977.

Í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan 5 ára frá 1. janúar 1982.

2. gr.

Tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, samkvæmt áætlun þeirri sem gerð verður, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til fjármögnunar framkvæmda skv. 1. gr.

Lántökuheimild þessi skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum skv. 1. gr. er lokið.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili þótt maður dveljist í skóla, vinnuhæli eða fangelsi. Sama gildir um dvöl á sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili, dvalarheimilum fyrir aldraða og

öryrkja svo og sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja, ef dvölin er eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

Nr. 34. 26. maí 1981.

LÖG

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

1) Sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963 skulu fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi.

2) Þegar sjóferðapróf fer fram, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómarinn skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

3) Ef skip hefur farist, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skal dómarinn rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn að jafnaði fara þar fram, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar, sem hagkvæmast þykir.

4) Þegar halda skal sjóferðapróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

5) Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjóferðapróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá, sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

6) Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjóferðapróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga þessara. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.

7) Að sjóferðaprófi loknu skal dómarinn senda ríkissaksóknara, siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

2. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Ef ríkissaksóknari telur koma til greina að sækja mann til saka út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, getur hann ákveðið lögreglurannsókn og sagt fyrir um þau atriði, sem lögregla skal rannsaka. Hann getur lagt opinbert mál út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum fyrir Siglingadóm, ef hann telur mál mikilvægt, en ella fer sakadómur með slík mál og dæmir þau. Skal með þau farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Ef mál er lagt fyrir Siglingadóm, sætir það sókn og vörn eftir 131.—136. gr. laga nr. 74/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

26. maí 1981. Nr. 35.

LÖG

um þýðingarsjóð.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð til þýðinga á erlendum bókmenntum.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hvers árs, þó aldrei lægra en 500 þúsund krónur á verðlagi ársins 1981.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.

Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Veita skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1983.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda. Skal þar kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 36. 26. maí 1981.

LÖG

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1981 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1981.
3. Af fyrstu 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.) gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.), greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum og vegna tekna ársins 1981 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. króna. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 15 millj. króna í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

26. maí 1981. Nr. 38.

LÖG

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa skulu bundin við veiðar á skarkola. Skal Hafrannsóknastofnunin gera tillögu til ráðherra um skipulag þeirra veiða, m. a. um aflamagn, veiðitíma og veiðisvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 8 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1980 um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 40. 26. maí 1981.

LÖG

um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan 1. gr. komi ný málsgrein:

Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila, er að uppeldis- og skólamálum vinna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Enn fremur er heimilt að endurgreiða söluskatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

26. maí 1981. Nr. 42.

LÖG

um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. málsgr. 13.1. í 13. gr. laganna bætast orðin:

Þar er þó einnig heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Starfa skal opinber stofnun, er nefnist Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Stofnunin heyrir undir utanríkisráðuneytið og starfar í tengslum við það.

2. gr.

Stofnunin skal vinna að samstarfi Íslands við þróunarlöndin. Markmið þess samstarfs skal vera að styðja viðleitni stjórnvalda í löndum þessum til að bæta efnahag þeirra og á þann veg eiga þátt í að tryggja félagslegar framfarir og stjórnmálalegt sjálfstæði þeirra á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur skal að því stefnt með auknum samskiptum, m. a. á sviði menningar og viðskipta, að efla gagnkvæman skilning og samstöðu Íslands og þróunarlandanna.

3. gr.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem kveðið er á um í 2. gr., skal starfsemi stofnunarinnar einkum beinast að eftirtöldum atriðum:

a) að gera tillögur til utanríkisráðherra um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem fjármögnuð yrðu af íslenska ríkinu skv. fjárlagaheimild, annaðhvort eingöngu eða í samvinnu við aðra. Verkefni þessi skulu einkum beinast að því að miða til umræddra landa reynslu og sérþekkingu, sem Íslendingar búa yfir og þau hafa áhuga á að afla sér.
b) að skipuleggja, annast framkvæmd og/eða yfirstjórn á og hafa eftirlit með þeim samstarfsverkefnum, sem um ræðir í staflið a þessarar greinar.
c) að sjá á sama hátt um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem Íslandi kynnu að vera falin af Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra eða öðrum ríkjasamtökum.
d) að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin og koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri við aðila hérlendis.
e) að vinna að auknum menningartengslum, m. a. að því að Ísland taki þátt í menntun fólks frá þróunarlöndunum, bæði veiti því aðgang að hérlendum menntastofnunum og fái hæfa íslenska menn til að annast kennslu við menntastofnanir í þróunarlöndunum eða sem reknar eru í þágu þróunarlandanna.
f) að veita aðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þróunarlöndunum, þær upplýsingar og leiðbeiningar, sem þeir kunna að óska.
g) að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings, hagsmunasamtaka og hvers konar félaga á auknu samstarfi og aðstoð við þau.
h) að gangast fyrir samráðum aðila hérlendis, sem láta þróunarsamstarf til sín taka, þ. á m. efna til ráðstefna og funda með þeim, eftir því sem þurfa þykir, til þess að tryggja að þróunarsamstarfið verði sem árangursríkast.
i) að vinna á annan hátt að því að framlög Íslendinga til aðstoðar við þróunarlöndin nái sem fyrst því marki, sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

4. gr.

Stofnuninni er við framkvæmd samstarfsverkefna skv. stafliðum a og b í 3. gr. heimilt að gera samninga við stofnanir hins opinbera eða aðra aðila hérlendis, sem hafa í fastri þjónustu sinni sérfræðinga og reynda kunnáttumenn á sviði viðkomandi verkefnis, um að taka að sér framkvæmdir einstakra verkefna. Yfirstjórn verkefna skal þó ætíð vera hjá stofnuninni. Opinberir aðilar skulu veita stofnuninni sérfræðilega aðstoð, eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveðinna verkefna í þróunarlöndunum, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir starfssvið annarra hérlendra aðila, sem að slíkum málum starfa.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 7 mönnum. Skulu 6 kjörnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi en 1 skipaður af utanríkisráðherra. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár. Utanríkisráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

7. gr.

Íslenskir ríkisborgarar, sem stofnunin ræður til starfa í þróunarlöndunum að framkvæmd samstarfsverkefna á hennar vegum, skulu njóta sömu kjara í skattamálum og íslenskir ríkisborgarar, er vinna hjá alþjóðlegum stofnunum.

8. gr.

Kostnaður við stofnunina og framkvæmdir á hennar vegum í þróunarlöndunum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

9. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð nánar um framkvæmdaatriði laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 20 frá 5. apríl 1971.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

LÖG

um horfna menn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um heimild skiptaráðanda til að úrskurða, að um bú horfins manns skuli fara sem um dánarbú.

1. gr.

Nú hverfur maður, og atvik benda eindregið til þess, að hann sé látinn. Getur skiptaráðandi þá úrskurðað að kröfu aðilja, sem lögmætra hagsmuna hefir að gæta, að um bú mannsins fari sem væri hann látinn.

Gögn um hvarf manns skulu lögð fyrir skiptaráðanda, þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing eða þar sem hann dvaldist síðast. Skiptaráðandi leysir úr því með úrskurði, hvort gögn þessi séu fullnægjandi. Sömu aðiljar og greinir í 1. málsgr. geta skotið úrskurði skiptaráðanda til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu úrskurðarins. Bú manns verður eigi tekið til skipta fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, en skiptaráðandi getur ákveðið, að frá uppsögu dómsins fari um eigur hins horfna svo sem segir í II. kafla, að svo stöddu.

Í úrskurði skiptaráðanda skal greina, hvaða dag skuli telja dánardægur manns, en við þann dag skal miða, er sennilegast þykir, að andlát manns hafi borið að höndum.

II. KAFLI

Um varðveislu og ráðstöfun á fjármunum horfins manns.

2. gr.

Nú telur skiptaráðandi eigi fært að taka bú horfins manns til skiptameðferðar samkv. 1. gr., og skal þá skipa hinum horfna manni fjárráðamann, ef þörf krefur, eftir atvikum að ósk aðilja þeirra, er greinir í 1. gr. Gilda reglur lögræðislaga um sérstaklega skipaða lögráðamenn um skipun fjárráðamanns og umsýslu hans.

3. gr.

Um varðveislu og stjórn á eignum horfins manns fer með sama hætti og um eigur ófjárráða manna samkv. lögræðislögum.

Yfirlögráðandi ákveður, hvort og að hverju marki sé heimilt að nota eigur hins horfna manns eða arð af þeim til framfærslu barna hans og maka eða til menntunar barna. Þegar sérstaklega stendur á, er unnt að ákveða, að fé þetta verði notað til framfærslu eða menntunar annarra, sem háðir hafa verið framfærslu af hálfu hins horfna manns.

4. gr.

Nú er hinn horfni maður í hjúskap, og lýtur þá hjúskapareign hans og séreign stjórn maka hans eða maka og fjárráðamanns í sameiningu, ef skipaður hefur verið.

Nú tæmist maka hins horfna arfur eftir að hann hverfur eða hann hlýtur verðmæti að gjöf, og ber þá að halda því fé utan skipta á hjúskapareignum, ef til skipta kemur með honum og hinum horfna manni eða erfingjum hans.

III. KAFLI
Dómur um, að horfinn maður skuli talinn látinn.

5. gr.

Unnt er að ákveða með dómi samkvæmt þessum kafla, að horfinn maður skuli talinn látinn, enda hafi á undan farið opinber stefna í Lögbirtingablaði um, að slíkt mál verði höfðað, og að fullnægðum öðrum þeim skilyrðum, sem greinir hér á eftir.

6. gr.

Kröfu um, að opinber stefna verði gefin út, er unnt að bera upp við héraðsdómara, í Reykjavík borgardómara, þegar 3 ár eru liðin frá því, að síðast spurðist til hins horfna manns eða vitað var, að hann væri á lífi.

Nú þykir sýnt, að hinn horfni maður hafi ratað í lífsháska eða miklar líkur eru að öðru leyti á, að hann sé látinn, t. d. vegna þess að skip eða loftfar, sem hann hefir verið á eða í, hefir farist, og er frestur samkvæmt 1. málsgr. þá 4 mánuðir.

Sóknaraðilar samkvæmt 1. málsgr. geta verið maki hins horfna, niðjar hans, þ. á m. kjörniðjar, aðrir erfingjar og aðrir þeir, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn um, að hinn horfna mann skuli telja látinn. Dómsmálaráðuneytið getur og haft uppi kröfu, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla vandamanna.

7. gr.

Mál til úrlausnar um, að horfinn mann skuli telja látinn, má höfða hér á landi, ef síðasta lögheimili hins horfna var hér á landi eða ef síðasti kunni dvalarstaður hans var hér.

Nú var síðasta heimilisfang hins horfna eða síðasti kunni dvalarstaður utan Íslands, og má allt að einu höfða mál hér á landi, ef annað tveggja er:

a) að sóknaraðili er maki hins horfna, og eigi makinn heimili hér á landi og sé íslenskur ríkisborgari eða hafi verið það, er hjúskapur var stofnaður, eða
b) að hinn horfni eigi eigur hér á landi, en þá hefir dómur aðeins gildi að því er þær varðar.

8. gr.

Mál skal höfða fyrir héraðsdómi, þar sem hinn horfni átti síðast heimilisfang eða dvaldist, eða fyrir héraðsdómi, sem dómsmálaráðuneyti ákveður.

9. gr.

Dómurinn skipar lögmann til að gæta hagsmuna hins horfna manns, og greiðist þóknun hans og önnur útgjöld eftir reglunum um gjafvörn. Dómurinn getur þó ákveðið, að þetta hvort tveggja sé greitt af eigum hins horfna manns.

10. gr.

Þegar dómara hefir borist krafa samkvæmt 6. gr. og gögn með henni, kveður hann sóknaraðila, maka hins horfna og nánustu ættingja hans og vandamenn, til dómþings, svo og aðra þá, sem ætla má að geti veitt upplýsingar um hvarf manns þess, er talinn er horfinn. Taka skal dómskýrslur af mönnum þessum eftir því sem dómari telur þörf á. Enn fremur skal kveðja réttargæslumann samkv. 9. gr. á dómþingið.

Nú þykir dómara fram komin sönnunargögn eigi fullnægjandi, og getur hann þá veitt sóknaraðila færi á að koma að frekari gögnum. Nú sinnir hann því ekki eða gögnin þykja ella eigi viðhlítandi, og hafnar dómari þá kröfu með úrskurði.

11. gr.

Nú telur dómari fram komin nægileg sönnunargögn fyrir því, að maður sá, sem krafa lýtur að, hafi verið horfinn um það tímabil, er segir í 6. gr., og eigi þykir á hinn veg sannað, að hann sé látinn. Gefur dómari þá út opinbera stefnu, er birta skal í Lögbirtingablaði og í blöðum og öðrum fjölmiðlum, ef þörf þykir á, og skal þar greint frá því, að dómþing verði háð á nánar greindum degi og stað, þar sem fjallað verði um kröfu um, að dómur verði upp kveðinn þess efnis, að tiltekinn maður verði talinn látinn. Í stefnu skulu einnig þeir, sem upplýsingar geta gefið í málinu, hvattir til að tilkynna dóminum um vitneskju þeirra. Fer um útgáfu stefnunnar eftir meginreglum 218. gr. laga nr. 85/1936.

Frá birtingu stefnu skulu líða 3 mánuðir, uns dómþing verður háð samkv. 12. gr.

12. gr.

Dómari kveður sóknaraðila og réttargæslumann hins horfna til dómþings þess, sem ákveðið er í hinni opinberu stefnu samkv. 11. gr. Skulu þar lögð fram stefna og frekari gögn, ef því er að skipta, og veita skal sóknaraðila og réttargæslumanni hins horfna kost á að reifa gögn og flytja mál með sama hætti og almennt er um einkamál í héraði.

Að svo búnu kveður dómari upp dóm í málinu, ef fallist er á að telja skuli hinn horfna mann látinn, en úrskurð, ef kröfu aðilja er hrundið.

Í dómi, sem kveður á um, að horfinn mann skuli telja látinn, skal tekin afstaða til þess, frá hvaða tíma telja skuli andlát manns. Skal í því efni miða við síðasta dag í þeim mánuði, sem frestur rann út samkv. 6. gr. 1. málsgr., eða þann dag, þegar sennilegast er, að andlát manns hafi borið að höndum, sbr. 6. gr. 2. málsgr., eða síðasta dag þess mánaðar, er 4 mánaða frestur rennur út samkv. þeirri málsgrein, eftir atvikum.

Nú hverfur sóknaraðili frá kröfu sinni um, að dómur kveði á um, að horfinn maður skuli talinn látinn, og skal þá veita dómsmálaráðuneyti kost á að halda áfram málinu.

13. gr.

Úrskurði dómara samkvæmt 10. og 12. gr. verður skotið til Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Dómi samkvæmt 12. gr. verður áfrýjað til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu dóms. Sóknaraðili, réttargæslumaður og erfingjar hins horfna geta skotið úrskurði eða dómi til Hæstaréttar, svo og aðrir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta af úrslitum máls, og enn fremur dómsmálaráðuneytið.

Dómi um, að horfinn mann skuli telja látinn, verður eigi fullnægt, fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, án þess að máli sé áfrýjað.

IV. KAFLI

Dánarlíkur, sem dómur samkvæmt III. kafla er reistur á, reynast rangar.

14. gr.

Nú kemur í ljós eftir að dómur hefir gengið, er kveður svo á, að horfinn maður skuli talinn látinn, að maður þessi er á lífi. Getur hann þá næstu 5 ár eftir það tímamark, sem dómur miðar réttaráhrif dánarlíkna við, endurheimt eign sína frá þeim, sem fengið hefir hana að arfi.

Nú er leitt í ljós, að hinn horfni hefir látist á öðrum tíma en við er miðað í dóminum, og getur þá sá aðili, sem rétt hefði átt til arfs, ef raunverulegt dánardægur hefir verið lagt til grundvallar, krafist eignar úr hendi þess, sem fengið hefir eign í hendur sem arf, innan sömu tímamarka og þeirra, sem greinir í 1. málsgrein.

15. gr.

Erfingi skal aðeins afhenda það, sem hann hefir veitt viðtöku samkvæmt 14. gr.

Nú hefir erfingi afhent eign til annars aðilja eða neytt hennar, eða eytt henni og skal hann þá svara til verðmætis eignar, er hún var afhent eða hennar var neytt, eða henni eytt, en þó skal eigi miða við hærri fjárhæð en núvirði eignar, sem sambærileg er að tegund og gæðum. Fjárkröfu gegn erfingja má færa niður eða fella hana niður, ef neysla munar var eðlileg, miðað við tegund hans og aðstæður, eða ef ósanngjarnt væri að láta erfingja svara til verðmætisins alls, miðað við fjárhag hans.

Nú hefir munur farist erfingja að ósekju, og er hann þá laus úr ábyrgð.

Aðili getur ekki krafið erfingja um arð af eign, sem til hefir fallið, áður en krafa um endurheimt var höfð uppi.

16. gr.

Ákvæði 14. og 15. gr. eiga einnig við eftir því sem við getur átt, þegar bú manns er tekið til skipta samkvæmt 1. gr. laga þessara.

17. gr.

Nú hefir vátryggingarfélag greitt vátryggingarfjárhæð á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., og hinn horfni kemur fram. Getur það þá endurheimt goldnar fjárhæðir innan þeirra fresta, sem greindir eru í 14. gr. Hægt er að lækka kröfu, ef féð hefir, svo sem eðlilegt má þykja og eins og á stendur, verið notað til framfærslu aðilja. Ákvæði 1., 3. og 4. málsgr. 15. gr. eiga við um þessa endurheimtukröfu, að breyttu breytanda.

Kröfu þess manns, sem komið hefir fram, á hendur vátryggingarfélagi, má lækka sem nemur þeirri fjárhæð, sem vátryggingarfélag getur ekki endurheimt samkvæmt 1. málsgr.

Vátryggingarfélag getur valið þann kost að endurheimta eigi kröfu sína á hendur viðtakanda fjár. Þegar svo stendur á, gengur sá maður, sem horfinn var, inn í rétt vátryggingarfélagsins samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Lífeyrir og annar slíkur framfærslueyrir, sem greiddur hefir verið á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., verður eigi endurkrafinn úr hendi þess, er við tók.

Nú kann sá, sem horfinn var talinn og fram hefir komið, að eiga rétt á hendur þeim, sem greiðslu hefir innt af hendi samkv. 1. málsgr., og lækkar þá krafa hans um þá fjárhæð, sem greidd hefir verið.

19. gr.

Nú hefir erfingi gerst sekur um svik í sambandi við móttöku verðmæta horfins manns, og er hann þá bótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Sama gildir um þá, sem veitt hafa verðmætum þeim móttöku, sem greinir í 17. og 18. gr.

20. gr.

Nú hefir maki þess manns, sem talinn er látinn samkvæmt dómi, sbr. 12. gr., gifst að nýju, og haggar það ekki gildi hins nýja hjúskapar, þótt hinn horfni maður reynist á lífi. Ef makinn hefir eigi gifst að nýju, heldur hjúskapurinn við mann þennan gildi sínu.

21. gr.

Nú stendur sá maður, sem talinn hefir verið látinn með dómi samkvæmt 12. gr., til arfs eftir annan mann og arfahluta þeim, sem honum bar, hefir verið úthlutað

til annars erfingja. Getur maður þessi þá krafið erfingja um verðmæti þau, sem þeir hafa hlotið, innan frests þess, er greinir í 14. gr. 1. málsgr. Ákvæðin í 15. gr. og 17. gr. eiga hér við eftir því sem við getur átt, sbr. og 19. gr.

Ákvæði þetta haggar ekki við gildi 56. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

22. gr.

Nú er dvalarstaður erfingja kunnur, en ekki er þó unnt að koma arfi til hans, og ber þá að varðveita hann samkvæmt 3. gr.

V. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

23. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Falla þá úr gildi lög nr. 23/1922 um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má, að farist hafi af slysum og lög nr. 61/1980 um breyting á þeim lögum, svo og 3. töluliður 2. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Nú hefir mál verið höfðað samkvæmt lögum nr. 23/1922, er lög þessi taka gildi, og fer þá um það mál samkvæmt þeim lögum og lögum um meðferð opinberra mála, sbr. og lög nr. 61/1980. Réttaráhrif slíks máls og eldri mála ráðast og af þeim lögum. Ákvæðum IV. kafla þessara laga verður einnig beitt um dóma og úrskurði eftir eldri lögum, þegar svo stendur á sem þar segir.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

Nr. 45. 29. maí 1981.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laga nr. 101/1966 (sbr. lög nr. 15/1979) komi ný grein, er orðist svo:

Verði búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fæst viðunandi verð fyrir umframframleiðslu á erlendum mörkuðum að mati Framleiðsluráðs, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, heimilt með reglugerð að grípa til eftirtalinna tímabundinna ráðstafana:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvörutegundir eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

b) Að innheimta gjald af innfluttu kjarnfóðri. Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins. Aldrei má gjald skv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða aðra innheimtuaðferð.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Seljendur skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu, sé þess óskað. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers kaupanda og einingarverð.

c) Framleiðsluráð fer með gæslu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum laga nr. 101/1966, inn í meginmál þeirra og gefa lögin út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Pálmi Jónsson.

Nr. 46. 29. maí 1981.

LÖG

um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. greinar laganna bætist: Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

2. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, svohljóðandi:

X. KAFLI

47. gr.

Þeir félagar BSRB, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

48. gr.

Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta vegna starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákveða.

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

49. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

29. maí 1981. Nr. 47.

LÖG

um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 42. grein laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu komi ný 43. grein svohljóðandi:

Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt lögum þessum.

43. grein laganna verði 44. grein.

2. gr.

Við 23. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

3. gr.

Við 6. grein laga nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

4. gr.

Við 3. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilasjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.

5. gr.

Við 6. grein íþróttalaga nr. 49/1956 bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að veita úr íþróttasjóði styrk til breytinga á íþróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

Nr. 48. 29. maí 1981.

LÖG

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og **ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir, en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Þó er heimilt að yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðnum, séu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Á sama hátt er heimilt að yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna séu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingaskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til annars lífeyrissjóðs.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar

eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Ennfremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti sex menn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnar er 3 ár. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

3. gr.

Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. komi tvær mgr. er verði 1. og 2. mgr. og orðist svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð af heildarlaunum sjóðfélagans hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

Í 2. málslið síðustu mgr. 10. gr. laganna standi „3. málsgr." í stað „5. málsgr."

4. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Fáist ekki upplýsingar um lögskráningardaga er stjórn sjóðsins heimilt að beita annarri reglu um mat á áunnum rétti til flýtingar á töku lífeyris.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur.

5. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Falli niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og geti hann ekki af þeim sökum innt af hendi iðgjald til lífeyrissjóðsins ávinnur hann sér ekki réttindi

meðan svo stendur. Sama gildir ef sjóðfélagi er launalaus vegna atvinnuleysis og nýtur ekki atvinnuleysisbóta. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

6. gr.

18. og 19. gr. laganna falli brott, en í staðinn komi ný grein:

Einungis er heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld í því skyni að færa fé og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

7. gr.

2. málsliður 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Sama gildir um sjóðfélaga, er starfað hafa samkvæmt bátakjarasamningum með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

8. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

Nr. 49. 29. maí 1981.

LÖG

um framkvæmdasjóð aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 100 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 gkr. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

3. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

a) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða dagvist fyrir aldraða.
b) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.
c) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.
d) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Ráðherra skipar 3 manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð einum manni eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum frá félagsmálaráðuneytinu, eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Stjórnin skal gera tillögur um úthlutanir úr sjóðnum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a) og b),
2. að veita sveitarfélögum og öðrum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða skv. 3. gr. stafliðum c) og d).

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

1.1. Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómenguðu umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómenguðu vatni. Ennfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða alþjóðasamþykktum.

1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

2. gr.

2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, sem gildir fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi.

2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utan húss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.
4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.
6. Íbúðarhúsnæði.
7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukaefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglug nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
11. Skóla og aðra kennslustaði.
12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.

14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarandi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um o. þ. u. l.
15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
17. Samkomuhús, þ. á m. kirkjur.
18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða og titring, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
22. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð skv. 3. gr.
23. Þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
24. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

25. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
26. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
27. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
28. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.

3. gr.

3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, er snerta umhverfismál.

3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
6. Frárennsli og skolp.
7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilega loftmengun.
8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
9. Geislun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur um takmörkun geislunar.
10. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
11. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

12. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
13. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

II. KAFLI
Stjórn og skipan.

4. gr.

4.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

5. gr.

5.1. Sveitarfélög annast og standa undir kostnaði við heilbrigðiseftirlit í héruðum, að svo miklu leyti sem ekki gilda hér um sérstök lög.

5.2. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits og þjónustu heilbrigðisfulltrúa.

5.3. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. okt. ár hvert gera fjárhagsáætlun og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu, sem miðast við íbúatölu 1. des. árið á undan. Skulu þessar áætlanir lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar.

5.4. Heilbrigðisnefndir skulu gera fyrir fram áætlanir um allar fjárfrekar framkvæmdir innan umdæmisins í samræmi við 3. tl. þessarar greinar.

6. gr.

6.1. Í landinu skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan heilbrigðisnefnda og kosningar í þær fer sem hér segir:

6.2. **Reykjavíkursvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Reykjavík**, skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
2) **Seltjarnarnes**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður.

6.3. **Vesturlandssvæði.**

Þar starfa 5 nefndir:

1) **Akranes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
2) **Borgarnes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundareykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.
3) **Ólafsvík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4) **Stykkishólmur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
5) **Búðardalur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

6.4. **Vestfjarðasvæði.**

Þar starfa 6 nefndir:
1) **Austur-Barðastrandarsýsla**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
2) **Patreksfjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
3) **Vestur-Ísafjarðarsýsla**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrarhreppur einn og Suðureyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4) **Bolungarvík**, skipuð þrem fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.
5) **Ísafjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
6) **Hólmavík**, skipuð þrem fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.5. **Norðurlandssvæði vestra.**

Þar starfa 4 nefndir:
1) **Hvammstangi**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um þrjá.

2) **Blönduós**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
3) **Sauðárkrókur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
4) **Siglufjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

6.6. **Eyjafjarðarsvæði.**
Þar starfa 3 nefndir:
1) **Ólafsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.
2) **Dalvík**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
3) **Akureyri**, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.7. **Norðurlandssvæði eystra.**
Þar starfa 4 nefndir:
1) **Húsavík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
2) **Kópasker**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Keldunesshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
3) **Þórshöfn**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
4) **Raufarhöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

6.8. **Austurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:

1) **Vopnafjörður,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

2) **Seyðisfjörður,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.
Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.

3) **Egilsstaðir,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4) **Neskaupstaður,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

5) **Eskifjörður,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.

6) **Reyðarfjörður,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.

7) **Fáskrúðsfjörður,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

8) **Djúpivogur,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

9) **Höfn Hornafirði,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.9. **Suðurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:

1) **Kirkjubæjarklaustur,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2) **Vík í Mýrdal,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.

3) **Hvolsvöllur,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-

Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4) **Hella**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn að sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

5) **Laugarás**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.

6) **Selfoss**, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

7) **Hveragerði**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Hveragerðishreppur.

8) **Þorlákshöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.
Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.

9) **Vestmannaeyjar**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

6.10. **Suðurnesjasvæði.**

Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kýs einn fulltrúa.

6.11. **Hafnarfjarðarsvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Hafnarfjörður**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.

2) **Garðabær**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.
Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

6.12. **Kópavogssvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Kópavogur**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

2) **Mosfellssveit**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Mosfellshreppur skal eiga þrjá fulltrúa, Kjalarneshreppur einn og Kjósarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

6.13. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu áliti Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.
6.14. Þau sveitarfélög, sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.
6.15. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.
6.16. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.
6.17. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram.

7. gr.

7.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, heilbrigðisreglugerðar, mengunarreglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga, sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á.
Heilbrigðisnefndir skulu sérstaklega vinna að:
1. Bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.
2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.
3. Fræðslu um hollustuháttamál.
4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

8. gr.

8.1. Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.

9. gr.

9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf, og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.
9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.
9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórnum og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.
9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.
9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.
9.6. Heilbrigðisnefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.
9.7. Formaður heilbrigðisnefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar, séu boðaðir.

10. gr.

10.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
10.2. Afgreiðsla í heilbrigðisnefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna viðstaddur.
10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.
10.4. Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesjasvæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.
11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
11.3. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

12. gr.

12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

III. KAFLI
Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

13.1. Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdu og sér um framkvæmd þess í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna, er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu alls heilbrigðiseftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana, er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á sviði hollustuháttamála, m. a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint heilbrigðiseftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það, og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.
13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum, sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.
13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi skipulegri fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustuhætti.
13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila, er að þessum málum starfa í landinu.
13.8. Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands, sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila.

13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál, sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
13.11. Stofnunin annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla. Skulu þær vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki líði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

14. gr.

14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefnir einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.
14.2. Stjórn stofnunarinnar hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

15. gr.

15.1. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og/eða reynslu á sviði hollustuháttamála og í stjórnun.
15.2. Forstjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.

16. gr.

16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við deildir stofnunarinnar.
16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum bókakosti.

17. gr.

17.1. Stofnuninni skal skipt í þrjár deildir, heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu og mengunarvarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar, sbr. 2. gr. 2. tl., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum deildum stofnunarinnar, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl.
Heilbrigðiseftirlit annast ennfremur framkvæmd laga nr. 27/1977 um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum.
17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum í mengunarreglugerð, sbr. 3. gr. 2. tl.
Mengunarvarnir annast ennfremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
2. Starfsemi geislavarna skv. reglug. nr. 5/1968, sbr. lög nr. 95/1962.
3. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

18. gr.

18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

19. gr.

19.1. Við stofnunina starfa þrír forstöðumenn.
1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og hafa reynslu á því sviði.
2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði gerla- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á því sviði.
3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og reynslu á sviði mengunarvarna.

19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

19.3. Forstöðumenn skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

20.1. Forstjóri ræður starfsfólk á skrifstofu.

20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu að deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk hinna einstöku deilda.

21. gr.

21.2. Eiturefnanefnd, skv. lögum nr. 85/1968, Áfengisvarnaráði, skv. lögum nr. 82/1969, og Manneldisráði, skv. lögum nr. 45/1978, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánu samstarfi við hana, en halda fullu sjálfstæði skv. fyrrgreindum lögum.

21.2. Stofnunin skal, eftir því sem við á, hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál, er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur, skipulag mengunarvarna og skyld málefni.

IV. KAFLI
Samþykktir sveitarfélaga.

22. gr.

22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:
1. Bann eða takmörkun hundahalds.
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

22.3. Upphæð gjalda samkv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.

22.4. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

22.5. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI
Heilbrigðiseftirlitssvæði og heilbrigðisfulltrúar.

23. gr.

23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðisskiptingu 6. gr. 2.—12. tl.

24. gr.

24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.

24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

24.3. Um skiptingu kostnaðar milli viðkomandi sveitarfélaga á eftirlitssvæði fer samkvæmt íbúafjölda.

24.4. Starf heilbrigðisfulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

24.5. Einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri eftirlitsins á svæðinu.

25. gr.

25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr. Skal þá tekið tillit til þess að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama heilbrigðisfulltrúa. Ennfremur skal taka tillit til umfangs og nauðsynjar á heilbrigðiseftirliti, stærð svæða og samgangna.

26. gr.

26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja heilbrigðiseftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.

26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins. Skal áður leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins um hæfni þeirra.

26.3. Svæðisnefndir setja heilbrigðisfulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins.

26.4. Eingöngu má ráða sem heilbrigðisfulltrúa menn með sérmenntun á sviði heilbrigðiseftirlits.

26.5. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur Hollustuvernd ríkisins heimilað að ráðinn sé annar maður til bráðabirgða, en hafa skal hann reynslu á þessu sviði.

26.6. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

VI. KAFLI
Valdsvið og þvingunarúrræði.

27. gr.

A. HEILBRIGÐISNEFNDIR.

27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum skv. þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.

2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

27.3. Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.

27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.

27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl., til komin vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir, og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.

27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Nr. 59. 4. júní 1981.

LÖG

um stálbræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: **Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.

2. gr.

Í tengslum við aðild sína að hlutafélaginu er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 12 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17.5 milljónum kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis

og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að áliti viðskiptaráðuneytisins.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

4. júní 1981. Nr. 60.

LÖG

um raforkuver.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: **Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar

— að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl,
— að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl,
— að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga,
— að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun.

— Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli,
— virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli,
— virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landskerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

Ríkisstjórnin getur enn fremur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja til útboðs, sem um getur í 1. gr.

Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstjórnin kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstjórnin fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán, er virkjunaraðilar kunna að taka til greiðslu stofnkostnaðar vegna mannvirkja, er um getur í 1. gr. allt að 2000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs, er komi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 3. mgr., og endurlána virkjunaraðilum með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

Fjáröflun til einstakra framkvæmdaþátta verður nánar ákvörðuð í lánsfjárlögum hverju sinni.

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m.kr. til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn, sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

3. gr.

Heimilt er að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna skv. 1. gr.

4. gr.

Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. gr. Þó skal greiða sýslusjóðum og sveitarfélögum þau gjöld, sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna skv. öðrum lagafyrirmælum.

5. gr.

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

4. júní 1981. Nr. 61.

LÖG

um steinullarverksmiðju.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

2. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 14 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 milljón kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Nr. 62. 4. júní 1981.

LÖG

um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: **Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með hliðsjón af lögum nr. 47/1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum, sem til falla við þá vinnslu.

Heiti hlutafélagsins verði Sjóefnavinnslan h.f. Málefni Sjóefnavinnslunnar h.f. heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr.

Nú tekst ekki að afla meiri hluta hlutafjár á almennum markaði innanlands og leggur þá ríkisstjórnin til meiri hluta hlutafjár í félaginu.

Hlutafé félagsins skal vera a. m. k. 25% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

3. gr.

Hlutafélaginu er heimilt að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati til útflutnings. Til samvinnu um þann undirbúning er því heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á slíkri vinnslu.

4. gr.

Iðnaðarráðherra getur heimilað hlutafélaginu að reisa og reka raforkuver allt að 10 MW að stærð, í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins.

5. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 45 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að 105 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.
4. Að greiða lán, sem Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. hefur tekið vegna kostnaðar við rannsóknir á undanförnum árum. Yfirtaka ríkissjóðs á þeim skuldum skal ekki hafa áhrif á mat hlutabréfa skv. 6. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

6. gr.

Slíta má Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1976, með þeim hætti að sameina það Sjóefnavinnslunni h.f. og má ákveða að hluthafar Undirbúningsfélagsins skipti á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í Sjóefnavinnslunni h.f.

7. gr.

Heimilt er að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi.

8. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi nema fulltrúar ríkisins, sem skulu skipaðir af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnaðarráðherra formann stjórnar.

9. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum, og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað, svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonna afköst fyrr en Alþingi hefur heimilað byggingarframkvæmdir með þingsályktun. Þó er heimilt að ljúka hönnun, bora gufuholu og setja upp gufuhverfil til rafmagnsframleiðslu.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Nr. 63. 5. júní 1981.

LÖG

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga, svo og fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Lögin taka bæði til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga og stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni, er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri eða skráningarauðkenni, sem unnt er að persónugreina fyrir þá, sem búa yfir greiningarlykli.

2. gr.

Æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956 fellur utan marka laga þessara, svo og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita.

II. KAFLI
Heimild til skráningar.

3. gr.

Kerfisbundin skráning upplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að slík skráning sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra, er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

4. gr.

Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðflokk manna, kynþátt og litarhátt, svo og skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum og á trúmálum, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Skráning er þó heimil, ef hinn skráði hefur látið í té upplýsingar eða þeirra er aflað með samþykki hans og við þær aðstæður, að honum getur eigi dulist, að ætlunin er að skrá þær með þeim hætti, er greinir í 3. gr. Það er enn fremur skilyrði, að aðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar.

Ákvæði 1. málsgr. eiga einnig við um upplýsingar varðandi brotaferil manna, kynlíf þeirra og heilsuhagi, notkun þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum og svipuð einkalífsatriði. Opinberum aðilum, þ. á m. læknum og sjúkrahúsum, er þó heimil skráning án vitundar eða samþykkis hins skráða, standi til þess sérstök lagaheimild eða skráning sé ótvírætt nauðsynleg vegna notagildis skránna, sbr. 3. gr.

5. gr.

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhag manna og lögpersóna eða lánstraust, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, enda sé ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt 1. málsgr. aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrám, án þess að skýra viðkomandi frá. Ef önnur atriði eru tekin á skrá ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut, má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. 6 mánuði.

Skriflegar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt 3. málsgr., skulu vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma þeirra getið.

6. gr.

Eigi er heimilt að tengja saman skrár, er falla undir ákvæði laga þessara, nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama skráningaraðila er hér átt við sama fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er hér jafnt átt við vélræna sem og handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, svo og heimilisfang eða aðsetur, enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrá annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. málsgr. þegar sýnt er fram á að brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. gr. og 4. málsgr. 16. gr.

III. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

7. gr.

Beita skal virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar, sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem

sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum.

8. gr.

Nú hafa upplýsingar eða mat varðandi fjárhag og lánstraust verið látnar í té til annarra og þær reynast rangar eða villandi. Er ábyrgum aðila samkv. 5. gr. þá skylt að senda án tafar öllum þeim, sem fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu 6 mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá aðila um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

9. gr.

Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar, sem líklegt þykir, að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki, og skal þá koma við öryggisráðstöfunum, sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar, ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir, að til styrjaldarátaka komi.

IV. KAFLI

Um rétt skráðra aðila.

10. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um einkamálefni hans séu færðar í tiltekna skrá. Getur hann þá óskað þess við þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu, að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Nú telur maður, að upplýsingar um hagi sína séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúkraskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir lækninum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomanda.

Ákvæði 1. málsgr. gildir ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almenningshagsmunum eða öðrum veigamiklum einkahagsmunum. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra hluta þeirra, þá skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta, sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

Tölvunefnd getur ákveðið, að skrár séu þegnar undan ákvæðum þessum, ef ætla má, að sérregla 3. málsgr. muni hafa í för með sér, að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

11. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar samkvæmt 5. gr. og er þá skráningaraðila skylt að beiðni hans að skýra honum frá efni þeirra upplýsinga og þess mats, sem aðilinn hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hagi beiðanda. Aðilanum er einnig skylt að greina hinum skráða frá því, hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Nú hefur aðili samkv. 5. gr. í vörslum sínum frekari gögn um skráðan mann eða stofnun en þau, sem beiðni lýtur að, og er honum þá skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim.

Hinn skráði aðili á eigi kröfu til þess, að honum sé skýrt frá því, hvaðan upplýsingarnar stafa.

12. gr.

Nú óskar sá, sem tekinn hefur verið á skrá samkv. 5. gr., að skráningaraðili afmái eða leiðrétti atriði, er varða fjárhag hans eða mat á lánstrausti hans, og er honum þá skylt að svara því án ástæðulausrar tafar og í síðasta lagi innan 4 vikna frá því, að tilmæli bárust.

Nú synjar aðili, sem er ábyrgur fyrir skráningu, tilmælum samkv. 1. málsgr., og getur hinn skráði þá innan 4 vikna frá móttöku svars eða innan 4 vikna frá lokum svarafrests samkv. 1. málsgr. óskað eftir því við tölvunefnd, að hún skeri úr um kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Ákvæði 8. gr. eiga við, ef fallist er á kröfuna.

13. gr.

Nú telur skráður aðili, að upplýsingar um hann í skrám, er lög þessi taka til, séu efnislega rangar eða villandi, og getur hann þá krafist þess, að sá, sem ábyrgur er fyrir skráningu, færi þær í rétt horf eða afmái þær.

Nú telur maður eða fyrirsvarsmaður félags, fyrirtækis eða stofnunar, að nafn hans eða félags o. s. frv. sé fært á skrá, sem notuð er til útsendingar dreifibréfa, tilkynninga, auglýsinga eða áróðurs, og getur hann þá óskað þess, að nafnið sé afmáð af viðkomandi skrá, og er þá skylt að verða við því.

Nú neitar sá, sem ábyrgur er fyrir skrá, að fallast á kröfu samkv. 1. eða 2. málsgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan 4 vikna, og getur aðili þá krafist þess, að tölvunefnd kveði á um, hvort kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra beri að taka til greina.

Nú fellst tölvunefnd á kröfu manns um leiðréttingu eða afmáingu, og leggur hún þá fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar eða afmá þær.

14. gr.

Nú rís ágreiningur eða vafamál vakna í sambandi við heimild manna til að fá upplýsingar samkvæmt 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr., og má þá leggja málið fyrir tölvunefnd til úrlausnar.

15. gr.

Heimilt er skráningaraðila að krefjast sanngjarns gjalds fyrir veitingu upplýsinga samkvæmt 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr.

Tölvunefnd getur sett ákvæði um hámarksgjald í þessu sambandi.

V. KAFLI

Upplýsingar látnar í té öðrum en hinum skráða.

16. gr.

Eigi má skýra frá upplýsingum úr skrám, er lög þessi taka til, nema með samþykki hins skráða aðila eða skráðra upplýsinga hafi verið aflað með vitund þess skráða og á þann hátt, að honum gat ekki dulist að ætlunin væri að veita öðrum aðgang að upplýsingunum, enda falli slík upplýsingamiðlun undir eðlilega starfsemi skráningaraðilans.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, ef ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

Um miðlun upplýsinga úr skrám, er falla undir 1. málsgr. 5. gr., gilda ákvæði þeirrar greinar. Enn fremur skal virða ákvæði 3. málsgr. 10. gr. Þá skerði ákvæði 1. málsgr. ekki ákvæði 3. málsgr. 7. gr.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, sbr. 1. málsgr., leiði slíkt af öðrum lögum eða stjórnvaldsreglum. Enn fremur er heimilt að veita stjórnvaldsstofnun upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eðlilegrar starfsemi stofnunarinnar. Ekki má þó láta í té upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda hvílir á samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum.

17. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, sem hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskrám þess varðandi mann þennan. Upplýsingar geta einnig, þegar læknir á í hlut, tekið til annarra manna, einkum vandamanna viðkomandi manns, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

18. gr.

Nú er sýnt fram á af hálfu einstaklings, fyrirtækis, félags eða stofnunar, að þessum aðilum sé þörf á tilteknum skráðum upplýsingum vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, og er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefur af upplýsingum, enda sé ótvírætt, að þörfin á að fá þær vegi þyngra en tillitið til þess, að upplýsingum sé haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar, sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum eða stjórnvaldsreglum.

VI. KAFLI

Um tölvuþjónustu.

19. gr.

Einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra aðila, er óheimilt að varðveita eða vinna úr upplýsingum um einkamálefni sem falla undir sérákvæði 4. gr., eða 5. gr., eða undanþáguákvæði 3. málsgr. 6. gr., nema hafa til þess starfsleyfi er tölvunefnd veitir.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Aðili samkvæmt 1. málsgr. má ekki án samþykkis verkbeiðanda nota upplýsingar, sem hann fær í sambandi við framkvæmd umbeðins verks, í öðru skyni en til að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að. Er honum óheimilt að varðveita gögn um þær hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar á tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnsla þeirra skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara.

20. gr.

Starfsmenn við tölvuþjónustufyrirtæki samkvæmt 19. gr. eru þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við störf sín, og skulu undirrita þagnarheit, áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíka aðila, og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn, sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns á þagnarskyldu varðar, þegar svona stendur á, refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga.

VII. KAFLI
Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis.

21. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi samkv. 1. og 2. málsgr. má því aðeins veita, að tölvunefnd telji, að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna vernd þá, sem lögin búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.

VIII. KAFLI
Um eftirlit með lögum þessum.

22. gr.

Dómsmálaráðherra skal skipa 3 manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til 4 ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari nefndarinnar.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum.

23. gr.

Tölvunefnd veitir starfsleyfi samkvæmt 5. og 19. gr. og heimildir samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., 3. málsgr. 7. gr. og 21. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið eðlilegt gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfa og heimilda samkvæmt 1. málsgr.

24. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda um skráningarstarfsemi er fellur undir ákvæði 4. gr. eða 1. málsgr. 5. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi starfsemin í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar, svo og að einstakar upplýsingar á skrám séu afmáðar eða skrár í heild sinni séu eyðilagðar.

Tölvunefnd getur enn fremur lagt fyrir ábyrgan skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða, sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur bannað að viðhafa nánar tiltekna aðferð við söfnun upplýsinga til tölvuvinnslu eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, enda telji hún, að aðferð sú, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á, að skráning

eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi, eða að um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila, sem ábyrgð ber á starfsemi, er lýtur lögunum, að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá, eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði, sem eru röng eða villandi. Enn fremur er tölvunefnd rétt að krefjast þess af ábyrgum skráningaraðila, að hann hlutist til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir eða dragi úr hættu á, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi mönnum.

25. gr.

Úrlausnir tölvunefndar verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

26. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita samþykki til einstakra aðgerða samkvæmt lögum þessum, og er henni þá heimilt að binda samþykkið skilyrðum og tímabinda það.

27. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta þau starfsleyfi, sem nefndin hefur veitt, reglur, sem hún hefur sett, og úrskurði, sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslu tölvunefndar skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri, er ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

IX. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum.

28. gr.

Brot á 4.—6. gr., 8. gr., 11. gr., 1. málsgr. og 2. málslið 2. málsgr. 12. gr., 3. málsgr. 13. gr., 1. málsgr. 16. gr., 1. og 3. málsgr. 19. gr., 1. málsgr. 20. gr., svo og 1. og 2. málsgr. 21. gr. varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara eftir úrlausn tölvunefndar samkvæmt 2. málsgr. 12. gr. og 4. málsgr. 13. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði, sem sett er fyrir leyfi til starfrækslu, er lýtur lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni, sem uppi hefur verið haft samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim.

Nú er brot framið í starfsemi, sem hlutafélag, samvinnufélag eða annað atvinnufyrirtæki hefur með höndum, og má þá leggja sektarrefsingu á félagið sem slíkt.

29. gr.

Þann, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 5. eða 19. gr., án leyfis, má auk refsingar svipta rétti til starfrækslu þeirrar, sem hann hefur með höndum, enda gefi brot til kynna nærlæga hættu á misnotkun manns í sambandi við skráningarstarfsemi. Sama er um brot á 4. gr. Að öðru leyti eiga ákvæði 1. og 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga hér við.

Gera má upptæk með dómi tæki, sem stórfelld brot á lögum þessum eru framin með, svo og hagnað af broti, og eiga ákvæði 69. gr. alm. hegningarlaga hér við.

X. KAFLI

Gildistaka og lagaframkvæmd.

30. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982 og falla úr gildi 31. desember 1985. Leita skal starfsleyfa samkvæmt 5. og 19. gr. og heimilda samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., 3. málsgr. 7. gr. og 21. gr. vegna starfsemi, sem hafin er fyrir gildistöku laganna, innan 3 mánaða frá gildistökunni.

Dómsmálaráðherra skal láta endurskoða lögin og leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1984.

31. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

2. júní 1981. Nr. 64.

LÖG

um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þeir félagar í stéttarfélögum, sem atvinnulausir verða, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Stéttarfélög eru samtök manna, sem vinna í þjónustu annarra og taka laun fyrir vinnu sína, og hafa það meginverkefni að koma fram sem samningsaðili við atvinnurekendur um kaup og kjör félagsmanna sinna og fullnægja að öðru leyti reglum um stéttarfélög samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga né annarra sambærilegra aðila.

4. gr.

Félagi í stéttarfélagi, sem auk þess að stunda vinnu hjá gjaldskyldum atvinnurekanda, sbr. 9. gr., stundar sjósókn á eigin fari, á rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda óski hann þess í skattframtali sínu og geri örugga grein fyrir tímalengd sjósóknar sinnar.

II. KAFLI
Um stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs o. fl.

5. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur, er um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a) Iðgjöld atvinnurekenda skv. 10. gr.
b) Framlag frá sveitarfélögum skv. 14. gr.
c) Framlag úr ríkissjóði skv. 15. gr.
d) Vextir af innistæðufé sjóðsins og verðbréfum.

6. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og fjórir kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi aðalmanna. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar.

Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag skal ráðherra skera úr ágreiningi.

Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnun ríkisins ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

8. gr.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

III. KAFLI
Um iðgjöld.

9. gr.

Hver launagreiðandi, sem hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára og eldri, er tekur laun samkvæmt kjarasamningi eða launataxta stéttarfélags, sbr. þó 2. og 3. gr., svo og iðnnema, skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þeir sem um ræðir í 4. gr. skulu greiða iðgjöld vegna sjósóknar sinnar.

10. gr.

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, skv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku, sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn, reiknast árið 52 tryggingarvikur, en hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingarvika. Tryggingarvikufjöldi sjómanna er skráningar- eða ráðningartími í skipsrúm.

Við ákvörðun iðgjalds skal miða við meðalkaup á s. l. ári skv. umræddum taxta og skal það reiknast af Hagstofu Íslands.

Við ákvörðun iðgjalds skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr., jafngildir hver róðrardagur 12 vinnustundum.

11. gr.

Allir þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun, sbr. 9. og 10. gr., eru skyldir til þess að skýra frá því ókeypis á launamiðum og launaframtali í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður. Sama skylda hvílir á þeim aðila, sem hefur milligöngu um greiðslu launa. Á launamiða skal greina í vikum eða vinnustundum lengd starfstíma starfsmanna á árinu og það stéttarfélag, sem gert hefur samning eða sett taxta þann, sem launamanni er greitt eftir.

Um skilafrest launaframtals, meðferð þess og viðurlög skulu gilda ákvæði X.—XII. kafla laga nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

12. gr.

Iðgjöld samkvæmt 10. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti. Fer um skráningu og birtingu álagningar eftir 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980. Um kærur, gjaldfresti og úrskurði fer eftir 99. og 100. gr. sömu laga.

Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar tekjuskatts og eignarskatts.

Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum skulu lögð á og innheimt fyrirfram af lögskráningarstjórum.

13. gr.

Iðgjöld skv. 10. gr. skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs eða sérstökum innheimtustofnunum. Skulu ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalds að svo miklu leyti sem við getur átt.

Iðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs og almannatrygginga.

14. gr.

Sveitarsjóður skal greiða framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé árlega jafnhátt heildariðgjöldum skv. 10. gr. í því sveitarfélagi. Innheimtumenn ríkisins skulu innheimta framlag þetta án endurgjalds. Áætlað framlag sveitarfélags greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafa endanlega verið ákveðin.

Um dráttarvexti skulu gilda reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt.

15. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er skal nema tvöfalt hærri fjárhæð en heildariðgjöld skv. 10. gr.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafa endanlega verið ákveðin. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir framlag þetta.

Um dráttarvexti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt.

IV. KAFLI
Um bótarétt.

16. gr.

Rétt til atvinnuleysisbóta skv. lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru 16 ára að aldri.
2. Dvelja hér á landi.
3. Eru fullgildir félagsmenn í stéttarfélögum.
4. Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu.
   Hver róðrardagur við sjósókn, sbr. 4. gr., telst 12 klst., en þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda, sem umsækjandi hefur unnið tryggingarskylda dagvinnu hjá öðrum.
   Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið í tryggingarskyldri vinnu a. m. k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma, eftir að hann varð 16 ára.
5. Sanna með vottorði vinnumiðlunarstofu skv. lögum um vinnumiðlun, að hann hafi verið atvinnulaus 3 eða fleiri heila vinnudaga.
   Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

17. gr.

Sá, sem fullnægir skilyrðum bótaréttar samkvæmt 16. gr., en tekur starfi, sem ekki er tryggingarskylt skv. lögum þessum, og stundar það allt að 24 mánuðum, heldur að loknu því starfi bótarétti þeim, sem hann hafði áunnið sér, enda taki ákvæði annarra laga eða samninga um atvinnuleysistryggingar ekki til starfsins. Sama gildir um þá, sem taka að stunda nám eða heimilisstörf allt að 24 mánuðum.

Ef sá, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur hann þeim bótarétti, þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði, svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru í 3. tl. 21. gr.

18. gr.

Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að sex vikur, ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa. Sama gildir, þegar bótaþegi sækir námskeið verkalýðssamtaka eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, allt að sex vikum. Úthlutunarnefnd skal tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlunarskrifstofu ákvarðanir sínar samkvæmt þessari málsgrein. Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans skv. framansögðu að viðlagðri sviptingu bóta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða á vinnustað eða utan hans, enda verði það talið nauðsynlegt vegna verulegra breytinga og nýjunga í starfsháttum, eða ef atvinnuleysi eða hliðstæðir erfiðleikar eru fyrirsjáanlegir í ákveðnum starfsgreinum. Styrkur má nema

allt að þeim atvinnuleysisbótum, sem hver einstakur þátttakandi hefur áunnið sér rétt til, auk óhjákvæmilegs ferðakostnaðar þátttakanda, sem miðast við fargjöld með almenningsfarartækjum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Maður, sem fengið hefur rétt til bóta, en bótatíma hans er lokið skv. 22. gr., heldur bótarétti sínum ef hann er áfram atvinnulaus og fullnægir ákvæðum um skráningu hjá vinnumiðlun skv. lögum þessum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknisvottorði.

20. gr.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 16.—20. greinar eiga eftirtaldir menn ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkrapeninga skv. lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna, eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta skv. þessum tölulið fellur niður í fyrsta sinn 30 bótadaga og skerðist bótatímabil sem þessu nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunarstofu, að hann hafi stundað vinnu í samfellt 6 vikur eftir að hann missti bótarétt sinn.
5. Þeir sem ófærir eru til vinnu af heilsufarsástæðum.
6. Þeir sem neita starfi, sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar, að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á. Eigi fellur heldur niður bótaréttur þótt hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur eigi áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vosbúð en þeim störfum er hann áður hefur stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt heimilisástæðna umsækjanda.

   Þegar hafnað er vinnu í annarri starfsgrein eða fjarri heimili, sbr. 3. og 4. mgr. þessa töluliðar, getur úthlutunarnefnd fellt niður bætur þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur.
7. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu, sem gefur þeim tekjur eða tekjugildi, er samsvarar 8. taxta Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, fyrir hverja vinnuviku.
8. Þeir sem firrt hafa sig bótarétti skv. 40. gr.

22. gr.

Maður, sem öðlast bótarétt skv. ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga, sem hann er atvinnulaus, frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 4. mgr. 24. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga. Enginn skal þó fá bætur fyrir fleiri en 180 daga á 12 mánuðum.

V. KAFLI
Atvinnuleysisbætur.

23. gr.

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu samkvæmt efsta starfsaldursþrepi 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands. Lágmarksdagpeningar eru 1/4 hluti sömu launa.

Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 17 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framangreindum launum með hverju barni.

Af atvinnuleysisbótum greiðir bótaþegi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

24. gr.

Fjárhæð bóta miðast við unnar dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir fyrsta skráðan atvinnuleysisdag. Hámarksbætur greiðast þeim, sem unnið hafa 1 700 dagvinnustundir eða fleiri. Lágmarksbætur greiðast, þegar dagvinnustundir eru 425. Annars greiðast bætur í hlutfalli við dagvinnustundafjölda.

Bætur vegna barna skv. 23. gr. skerðast ekki.

Vinna í reglubundinni vaktavinnu svo og vinna, sem eðli sínu samkvæmt er jafnan unnin utan venjulegs dagvinnutíma, telst dagvinna í þessu sambandi, þó aldrei yfir 40 klukkustundir á viku.

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess, ef um fleiri en eina er að ræða.

Nú hefur umsækjandi, sem hefur áunnið sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu 12 mánuðum í ekki skemmri tíma en 6 mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir, að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 520 dagvinnustundir vegna námsins til viðbótar vinnustundum hans að námi loknu.

Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 17. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju tryggingarskyld störf, gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu 12 mánuðum, skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma. Hafi hann notið fullra bóta, reiknast tímabilið með fullum dagvinnutíma, ella skerðist það í sama hlutfalli og bætur sem hann naut.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum til skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma.

VI. KAFLI
Úthlutunarnefndir og greiðsla bóta.

25. gr.

Úthlutunarnefnd hefur á hendi úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband. Úthlutunarnefnd skal skipuð fimm mönnum, þremur frá því stéttarfélagi eða félagasambandi, sem hlut á að málum, einum frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einum frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun nefndarmanna og úrskurðar um kostnað vegna nefndarstarfanna. Allur kostnaður vegna nefndarstarfa greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

26. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau séu hvort tveggja í senn, umsóknir um atvinnu, til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun.

Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd.

27. gr.

Úthlutunarnefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Nefnd er því aðeins ályktunarfær, að meirihluti nefndarmanna sitji fund.

Úthlutunarnefnd úrskurðar um umsóknir til samþykktar eða synjunar. Hún úrskurðar hvaða hundraðshluta hámarksbóta skal greiða umsækjanda. Allar ákvarðanir varðandi bótarétt skal færa í gerðabók, svo og úrskurði um ágreiningsatriði. Nefndarmenn skulu undirrita gerðabók.

Þegar úthlutunarnefnd hefur ákveðið hvaða bætur skal greiða umsækjanda, getur hún falið einstökum nefndarmönnum eða starfsmönnum sínum frekari afgreiðslu, útreikning framhaldsbóta samkvæmt dagpeningavottorðum vinnumiðlunar og útborgun bóta.

Bótafjárhæðir samkvæmt úrskurðum nefndarinnar skal færa á bótaskrá. Í bótagögnum skal sérstaklega geta þess, ef ágreiningur hefur verið um úrskurð, svo og rita á þau þær athugasemdir eða skýringar, sem nefndin telur ástæðu til.

Að þessu loknu skal senda bótaskrá ásamt umsóknum og fylgiskjölum til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar.

28. gr.

Þegar skrá um bætur hefur borist frá úthlutunarnefnd, sbr. 27. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar þegar í stað kanna skrána og fylgiskjöl hennar. Telji þessir aðilar, að einhverjum hafi verið úrskurðaðar bætur, sem ekki eiga rétt á þeim, eða að bætur séu rangt ákveðnar, skulu þeir leiðrétta skrána í samráði við úthlutunarnefnd. Verði ekki samkomulag um leiðréttingu, frestast að svo stöddu greiðsla bóta að þeim hluta, sem ágreiningur er um, og fer um ágreininginn samkvæmt 29. gr.

Að lokinni könnun og leiðréttingu bótaskrár, skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar afhenda úthlutunarnefnd eintak af henni ásamt nægilegu fé til greiðslu bóta. Að lokinni greiðslu skal úthlutunarnefnd skila eintaki af skránni með áritaðri kvittun bótaþega.

29. gr.

633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.

645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.
647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi um Skagaströnd á Skagaveg hjá Harastöðum.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar á Grundarstokki, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Neðra-Núpi.
711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Ásbjarnarstöðum.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
721 Þingvravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.

727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
757 Tunguhálsvegur: Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklaholi.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklaholi, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Unadalsvegur syðri: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.

784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Melum.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Ólafsfjarðarvegur eystri: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Kálfsá, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hóls.
803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjaltevrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjaltevri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Arnarnes, á Ólafsfjarðarveg hjá Kambhóli.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Bjögum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.

817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Áslákssstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Stóradal.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Sölvadalsveg hjá Gnúpufelli.
827 Sölvadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará að Eyvindarstöðum.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Norðurlandsvegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fossbóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.

855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur vestri: Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
857 Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Axarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Akurseli.
867 Axarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Laxárdal.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Kópaskeri: Af Norðausturvegi norðan Kópaskers að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.

924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg við Gagnstöð.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
971 Lónsheiðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri, um Lónsheiði á Austurlandsveg hjá Svínhólum.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir

1 **Suðurlandsvegur.**

30 **Skeiða- og Hrunamannavegur:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

31 **Skálholtsvegur.**

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
Stokkseyri — Eyrarbakkavegur.

34 **Eyrarbakkavegur.**

35 **Biskupstungnabraut:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

36 **Þingvallavegur.**

38 **Þorlákshafnarvegur.**

39 **Þrengslavegur.**

343 **Álfsstétt.**

1 **Vesturlandsvegur.**

40 **Hafnarfjarðarvegur.**

41 **Reykjanesbraut.**

43 **Grindavíkurvegur.**

44 **Hafnavegur:**
Reykjanesbraut — Keflavíkurflugvöllur.

45 **Garðskagavegur:**
Reykjanesbraut — Sandgerði.

411 **Arnarnesvegur.**

412 **Vífilsstaðavegur.**

415 **Bessastaðavegur:**
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.

431 **Hafravatnsvegur:**
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.

433 **Reykjalundarvegur.**

51 **Akranesvegur.**

54 **Ólafsvíkurvegur.**

55 **Heydalsvegur.**

56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnesvegur — Stykkishólmur.

57 **Snæfellsnesvegur.**

574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.

60 **Vestfjarðavegur.**

61 **Djúpvegur.**

62 **Barðastrandarvegur.**

63 **Bíldudalsvegur.**

68 **Hólmavíkurvegur.**

1 **Norðurlandsvegur.**

72 **Hvammstangavegur.**

74 **Skagastrandarvegur:**
Norðurlandsvegur hjá Blönduósi — Skagaströnd.

75 **Sauðárkróksbraut.**

76 **Siglufjarðarvegur.**

82 **Ólafsfjarðarvegur.**

85 **Norðausturvegur.**

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegar.

845 **Aðaldalsvegur.**

1 **Austurlandsvegur.**

92 **Norðfjarðarvegur.**

93 **Seyðisfjarðarvegur.**

96 **Suðurfjarðavegur.**

99 **Hafnarvegur.**

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 **Fjallabaksleið nyrðri:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulsárkvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 **Sprengisandsleið:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 **Kaldadalsvegur:**
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F78 Skagafjarðarleið:

Af Eyjafjarðarleið (F82) vestan Kiðagilsdraga um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (66 km).

F82 Eyjafjarðarleið:

Af Sprengisandsleið (F28) norðan Fjórðungsvatns um Eyjafjarðardal á Eyjafjarðarbraut vestri (821) hjá Hólsgerði (53 km).

F98 Gæsavatnaleið:

Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Samgönguráðuneytið, 11. júní 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 5. mars 1981 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem telja að norrænir ríkisborgarar, sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi en sínu eigin, eigi að njóta sama félagslegs öryggis og ríkisborgarar landsins,

sem gera sér ljóst að löggjöf norrænna landa tryggi að miklu leyti slíkt jafnrétti,

sem telja þó að á vissum sviðum sé þörf fyrir ítarlegri reglur, að nokkru til þess að veita þeim, sem starfa eða dveljast utan heimalands síns, fullnægjandi vernd og að nokkru til þess að samræma löggjöf landanna,

sem álíta að Norðurlandasamningurinn frá 1955 um félagslegt öryggi hafi haft mikla þýðingu í þessu tilliti, en að með tilliti til þróunarinnar beri nú að setja nýjar reglur í hans stað,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um félagslegt öryggi, svohljóðandi:

I. HLUTI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í þessum samningi merkja orðin:

a) „norrænt land"
sérhvert samningsríkjanna,

b) „norrænn ríkisborgari"
ríkisborgara norræns lands,

c) „löggjöf"
lög, reglugerðir og aðrar tilskipanir um þær greinar félagslegs öryggis, sem um ræðir í 1. málsgrein 2. greinar, þó ekki að því leyti, sem í þeim felast reglur um samskipti eins norræns lands eða fleiri annars vegar og eins eða fleiri annarra landa hins vegar,

d) „hlutaðeigandi stjórnvald"
í Danmörk
félagsmálaráðuneytið,
í Finnlandi

félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
á Íslandi
heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið,
í Noregi
félagsmálaráðuneytið,
í Svíþjóð
ríkisstjórnina
eða það stjórnvald, sem nefnd stjórnvöld ákveða,

e) „stofnun"
stjórnvald eða stofnun, sem veitir bætur,

f) „aðstoð"
annars vegar undanþágu frá greiðslu, eftirgjöf eða endurgreiðslu kostnaðar vegna sjúkrahjálpar, þar með taldar tannlækningar, hjálp vegna meðgöngu og fæðingar, lyf, gervilimir og önnur stoðtæki, og hins vegar greiðslur vegna ferða, sem farnar eru vegna slíkrar sjúkrahjálpar,

g) „dagpeningar"
greiðslu í reiðufé, er miðast við dag eða viku og innt er af hendi vegna veikinda, barnsburðar eða ættleiðingar,

h) „grunnlífeyrir"
almennan lífeyri, sem ekki miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur né iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

i) „viðbótarlífeyrir"
almennan lífeyri, sem miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða greidd iðgjöld, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

j) „iðgjald"
tillag, miðað við ár eða annað ákvarðað tímabil, sem maður, er samningur þessi tekur til, eða vinnuveitandi hans greiðir til þess að standa straum af bótagreiðslum, sem um ræðir í þessum samningi,

k) „búsettur"
að maður sé búsettur í landi samkvæmt þjóðskrá þess, ef sérstakar ástæður leiða ekki til annars.

2. gr.

1. Þessi samningur tekur til allra þeirra laga í norrænum löndum, sem á hverjum tíma gilda um eftirtaldar greinar hins félagslega réttindakerfis:

a) bætur vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga,
b) bætur vegna örorku, elli eða dauða,
c) bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,
d) bætur vegna atvinnuleysis,
e) almennar bætur í peningum til barna,
f) félagslega aðstoð.

2. Þegar norrænt land fullgildir þennan samning skal það leggja fram skrá yfir þá löggjöf, sem fjallar um þær greinar félagslegs öryggis, sem nefndar eru í 1. málsgrein. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu þær breytingar á skránni, sem verða vegna löggjafar, sem sett hefur verið á næstliðnu almanaksári.

3. Í viðauka við samning þennan er að finna sérstök ákvæði um framkvæmd samningsins í vissum tilvikum að því er varðar hvert land fyrir sig.

3. gr.

Samningur þessi tekur til:

a) norrænna ríkisborgara,
b) flóttamanna, sem um ræðir í 1. grein samnings frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna eða bókun með þeim samningi frá 31. janúar 1967,
c) ríkisfangslausra manna, sem um ræðir í 1. grein samnings frá 28. september 1954 um réttarstöðu ríkisfangslausra manna,
d) annarra manna, sem löggjöf norræns lands tekur eða hefur tekið til,
e) manna, sem rekja rétt sinn til einhvers þeirra manna, sem nefndir eru í stafliðum a) — d).

4. gr.

Við framkvæmd löggjafar í norrænu landi njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa sama réttar og eigin borgarar landsins að svo miklu leyti sem ekki leiðir annað af ákvæðunum í III. hluta þessa samnings.

5. gr.

Nú skerðast bætur samkvæmt löggjöf norræns lands ef þær lenda með öðrum bótum og skal þá einnig unnt að skerða þær, ef þær lenda með tilsvarandi bótum samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

II. HLUTI

Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beitt.

6. gr.

1. Sá, sem búsettur er í norrænu landi, fellur undir löggjöf búsetulandsins að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af öðru ákvæði í þessum hluta.

2. Norrænn ríkisborgari, sem er í skiprúmi á skipi, sem siglir undir fána norræns lands, telst búsettur og ráðinn til starfs í því landi.

3. Nú er skip, sem siglir undir fána norræns lands, selt á leigu að mestu ómannað til útgerðarmanns í öðru norrænu landi og skal þá ákvæðið í 2. málsgrein aðeins gilda um þá, sem ráðnir eru af eiganda skipsins eða einhverjum í hans umboði. Norrænn ríkisborgari, sem ráðinn er á skip af útgerðarmanni eða einhverjum í hans umboði, telst búsettur og ráðinn í síðar nefnda landinu.

7. gr.

1. Sá, sem ráðinn er til starfa í öðru norrænu landi en því, sem hann er búsettur í, skal með tilliti til þess starfs falla undir löggjöf starfslandsins að því er tekur til bótaréttar, sem byggist á launuðu starfi eða tekjum af slíku starfi.

2. Þegar maður er ráðinn til starfa í tveim eða fleiri norrænum löndum skal litið svo á að hann starfi þar sem vinnuveitandinn er búsettur eða fyrirtækið á heima.

3. Sá, sem er í starfsliði og í ferðum hjá fyrirtæki, sem annast flutninga í lofti eða á landi, skal teljast starfa þar sem hið fasta starfsaðsetur hans er.

4. Það skal einnig talið starf í norrænu landi, þegar unnið er við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni þess lands eins og það er skilgreint í Genfarsamþykktinni frá 29. apríl 1958 um landgrunnið.

8. gr.

1. Nú sendir atvinnurekandi starfsmann frá norrænu landi til annars norræns lands til þess að inna þar af hendi á atvinnurekandans reikning starf, sem ætlað er að taki í mesta lagi tólf mánuði, og skal hann þá enn vera undir lögum fyrrnefnda landsins að því er tekur til bótaréttar, sem um ræðir í 7. grein.

2. Nú tekur starfið í landinu, sem starfsmaður var sendur til, lengri tíma en búist var við og meira en tólf mánuði og getur þá það, sem segir í 1. málsgrein, gilt áfram þar til starfinu lýkur, enda sé það samþykkt af hlutaðeigandi stjórnvöldum í löndum þeim, sem hlut eiga að máli.

3. Við beitingu ákvæða þessarar greinar skal það gilda, sem segir í 7. grein, 4. málsgrein.

9. gr.

Þessi samningur snertir ekki þau ákvæði í Vínarsamningnum frá 18. apríl 1961 um stjórnmálasamband né Vínarsamningnum frá 24. apríl 1963 um ræðissamband, sem varða þá löggjöf, sem nefnd er í 2. grein, 1. málsgrein. Sérstök ákvæði um rétt til aðstoðar er að finna í III. hluta, 1. kafla.

10. gr.

Iðgjöld vegna bóta, sem þessi samningur fjallar um, skulu innt af hendi í því landi, er löggjöf um rétt til bóta, sem byggjast á atvinnu eða atvinnutekjum, gildir í. Slíkra iðgjalda skal ekki krafist í öðru landi.

11. gr.

Að því er varðar sérstaka flokka manna eða einstaklinga geta hlutaðeigandi stjórnvöld tveggja eða fleiri norrænna landa samið um undantekningar frá reglunum í þessum hluta. Tilkynningar um slíkt samkomulag skal senda danska utanríkisráðuneytinu, en því ber að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum í þeim löndum, sem ekki eru aðilar að samkomulaginu.

III. HLUTI

Sérstök ákvæði um bótarétt.

1. kafli. Bætur vegna veikinda, barnsfæðinga og ættleiðinga.

12. gr.

1. Sá, sem flyst frá einu norrænu landi til annars, getur að því er varðar rétt til bóta vegna veikinda, barnsburðar eða ættleiðingar í landinu, sem flust er til, skírskotað til aðstæðnanna á þeim tíma, sem hann var háður löggjöf landsins, sem hann fluttist frá. Við veitingu bóta í landinu, sem flust var til, skal taka tillit til bóta, sem veittar eru í landinu, sem flust var frá.

2. Réttur til bóta samkvæmt þessari grein er einnig fyrir hendi vegna sjúkdóms, meðgöngu eða fæðingar, sem átti sér stað áður en búseta var tekin upp í landinu, sem flust var til. Þessi samningur veitir þó ekki rétt til bóta ef ætla má að tilgangurinn með flutningnum til landsins hafi verið sá, að fá slíkar bætur þar.

3. Nú er maður aðnjótandi dagpeninga frá landinu, sem hann flyst frá, þegar flutningur á sér stað og skal hann þá eftir flutninginn fá dagpeninga frá landinu, sem hann fluttist til, samkvæmt löggjöf þess. Þegar nauðsynlegt er skal taka tillit til atvinnutekna í landinu, sem flust var frá.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu á samsvarandi hátt gilda fyrir þann mann, sem af öðrum ástæðum en vegna flutnings samkvæmt ákvæðunum í II. hluta þessa samnings á rétt til bóta vegna sjúkdóms, barnsburðar eða ættleiðingar frá öðru norrænu landi en því hvers löggjöf hann áður var háður.

13. gr.

Maður, sem ráðinn er til starfa í öðru norrænu landi en því, sem hann er búsettur í, á í veikindum rétt á dagpeningum frá starfslandinu meðan ráðningin stendur, eigi þó skemur en 90 daga. Síðan greiðast dagpeningar frá búsetulandinu og gilda um það ákvæði 12. greinar.

14. gr.

1. Um mann, sem búsettur er í norrænu landi og á þar rétt til aðstoðar, gildir það, að verði hann þurfandi sjúkrahjálpar meðan hann dvelur í öðru norrænu landi skal hann njóta aðstoðar frá dvalarlandinu samkvæmt löggjöf þess. Hið sama gildir um mann, sem án þess að vera norrænn ríkisborgari á rétt á aðstoð í norrænu landi vegna þess að hann vinnur á skipi, sem siglir undir fána norræns lands.

2. Réttur til bóta samkvæmt þessari grein er þó ekki fyrir hendi ef telja má að tilgangur með dvöl í landinu sé að njóta aðstoðar þar. Sá sem dvelst í einhverju landanna vegna annars en atvinnu eða náms á því aðeins rétt á aðstoð vegna barnsfæðingar að ekki hafi verið ástæða til þess að ætla að fæðingin mundi eiga sér stað meðan á þeirri dvöl stæði.

3. Réttur til bóta samkvæmt þessari grein fellur niður um leið og ástand bótaþegans leyfir að hann ferðist til landsins, sem hann er búsettur í. Þó skal halda bótagreiðslum áfram þegar þannig er ástatt að ekki er sanngjarnt að vísa hinum sjúka til umönnunar í búsetulandinu.

4. Við heimför til búsetulandsins skal dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði, sem af því leiðir að maður vegna sjúkdóms síns verður að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

15. gr.

Menn, sem samkvæmt samningum þeim, sem nefndir eru í 9. grein, falla ekki undir löggjöf landsins, sem þeir starfa í, skulu þó eiga rétt á aðstoð vegna veikinda, barnsfæðinga og ættleiðinga samkvæmt löggjöf starfslandsins. Eigi skal krafið um iðgjöld í starfslandinu.

16. gr.

Ákvæði í löggjöf norræns lands um takmarkanir á greiðslu dagpeninga til þeirra, sem dveljast erlendis, gilda ekki þegar sá, sem á rétt á dagpeningum, dvelst í öðru norrænu landi.

17. gr.

Nú greiðir vinnuveitandi í norrænu landi laun í fjarvist frá vinnu vegna veikinda, barnsfæðingar eða ættleiðingar til starfsmanns, sem fyrir sama tíma og vegna sömu tekna fær dagpeninga frá öðru norrænu landi, og á þá vinnuveitandinn rétt á nefndum dagpeningum í stað starfsmannsins, eins og dagpeningarnir væru greiddir frá starfslandinu.

2. kafli. Bætur vegna örorku, elli og dauða. Grunnlífeyrir.

18. gr.

1. Meðan ríkisborgari norræns lands er búsettur í öðru norrænu landi, á hann rétt til grunnlífeyris frá búsetulandinu á sömu forsendum og gilda fyrir ríkisborgara landsins og með þeim skilyrðum, sem annars eru sett í þessari grein.

2. Í þeim tilvikum, sem nefnd eru í 1. málsgrein, greiðist grunnlífeyrir

1) að því er varðar ellilífeyri, þegar sá, sem um lífeyri sækir, hefur dvalist í landinu að minnsta kosti þrjú síðustu árin samfleytt.
2) að því er varðar örorkulífeyri, þegar sá, sem um lífeyri sækir,
   a) hefur dvalist í landinu samfleytt að minnsta kosti þrjú síðustu árin, eða
   b) hefur dvalist í landinu samfleytt að minnsta kosti síðasta árið og hefur á þeim dvalartíma verið samfellt í að minnsta kosti eitt ár líkamlega og andlega fær um að inna af hendi almenn arðbær störf.
3) að því er varðar lífeyri til eftirlifenda,
   a) þegar hinn eftirlifandi hefur dvalist í landinu samfleytt að minnsta kosti þrjú síðustu árin, eða
   b) þegar hinn látni var aðnjótandi örorkulífeyris frá þessu landi er hann lést eða fullnægði þeim kröfum, sem greinir í 2 a eða b, hvort tveggja með því skilyrði, að hinn eftirlifandi hafi verið búsettur í landinu, þegar andlátið bar að.

3. Þegar maður, sem nýtur örorkulífeyris eða eftirlifendalífeyris samkvæmt þessari grein, nær almennum lífeyrisaldri, sem gildir í búsetulandinu, kemur ellilífeyrir í stað þess lífeyris án tillits til dvalartíma.

4. Við athugun á því hvort fullnægt sé skilyrði 2. málsgreinar um tiltekna samfellda dvöl skal ekki tekið tillit til fjarveru um stundarsakir. Sem slík fjarvera skal jafnan teljast fjarvera sem hverju

sinni stendur ekki lengur en fjóra mánuði, ellegar einn mánuð að því er varðar skilyrðið um eins árs samfellda dvöl. Tímabil fjarveru um stundarsakir teljast ekki dvalartími.

19. gr.

1. Grunnlífeyrir samkvæmt 18. grein miðast við samanlagðan búsetutíma lífeyrisþegans í einu eða fleiri hinna norrænu landa.

2. Ef búsetutími samkvæmt 1. málsgrein er að minnsta kosti 40 ár, greiðist grunnlífeyrir án skerðingar vegna búsetutíma. Í öðrum tilvikum er grunnlífeyririnn að minnsta kosti einn fertugasti hluti fyrir hvert búsetuár. Í þessum útreikningi er sleppt tímanum fyrir fullnaðan 16 ára aldur og tímanum eftir að almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu er náð. Ef lífeyrisgreiðslur hefjast áður en lífeyrisþegi nær hinum almenna lífeyrisaldri reiknast honum einnig til góða tíminn, sem á vantar að hann hafi náð lífeyrisaldri.

3. Eftirlifendalífeyrir til maka reiknast á samsvarandi hátt á grundvelli búsetutíma hins látna ef sá tími er lengri en búsetutími lífeyrisþegans. Hið sama á við um útreikning ellilífeyris til eftirlifandi maka, sem mundi hafa átt rétt á eftirlifendalífeyri, ef hann hefði ekki þegar náð lífeyrisaldri. Eftirlifendalífeyrir til barna greiðist án skerðingar vegna lengdar búsetutímans.

4. Ef grunnlífeyrir er samkvæmt löggjöf norræns lands miðaður við búsetutíma í landinu, skal búsetutími borgara þess lands í öðru norrænu landi teljast sem búsetutími í heimalandinu.

5. Nú á norrænn ríkisborgari, sem nýtur grunnlífeyris frá búsetulandinu, einnig rétt á grunnlífeyri frá öðru norrænu landi samkvæmt löggjöf þess og greiðist þá lífeyrir frá síðarnefnda landinu einungis að því marki sem hann er hærri en lífeyrir frá búsetulandinu. Þetta gildir þó ekki, ef hvor tveggja lífeyririnn miðast eingöngu við búsetutíma í hlutaðeigandi landi og sá búsetutími, sem lagður er til grundvallar við útreikning lífeyrisins frá búsetulandinu, er skemmri en 40 ár.

20. gr.

1. Nú flyst ríkisborgari norræns lands frá einu þeirra til annars og lífeyrisatburðurinn skeður áður en svo langur tími er liðinn að unnt sé að greiða grunnlífeyri frá landinu, sem flust var til, og skal þá greiða lífeyrinn frá því landi þar sem tímaskilyrðinu fyrir rétti til grunnlífeyris var síðast fullnægt eins og maðurinn væri enn búsettur þar. Þetta gildir því aðeins að sótt sé um lífeyri innan þriggja ára frá því hann fór frá síðarnefnda landinu.

2. Nú nýtur norrænn ríkisborgari grunnlífeyris frá landi, sem hann er ríkisborgari í, en flyst frá því landi til annars norræns lands, og skal hann þá halda rétti sínum til grunnlífeyris frá því landi, sem lífeyrinn greiðir.

3. Grunnlífeyrir samkvæmt 1. eða 2. málsgrein greiðist þar til lífeyrisþeginn fær grunnlífeyri frá landinu, sem hann fluttist til, eða hefur dvalist þar svo lengi að hann uppfyllir skilyrðið um ákveðinn dvalartíma í landinu til þess að öðlast rétt til þess grunnlífeyris, sem um er að ræða, í mesta lagi þó í þrjú ár. Að því er varðar mann, sem flyst til heimalands síns, fellur réttur til lífeyris, sem hér um ræðir, niður í öllum tilvikum þegar hann nær þeim lífeyrisaldri, sem gildir í heimalandinu.

4. Nú á maður rétt á grunnlífeyri samkvæmt löggjöf landsins, sem hann fluttist til, og sá lífeyrir miðast einungis við búsetutíma í því landi og skal þá slíkur lífeyrir ekki koma í veg fyrir að hann fái lífeyri í samræmi við ákvæði þessarar greinar frá landinu, sem hann fluttist frá. Lífeyrir frá landinu, sem flust var frá, greiðist þó aðeins að því marki, sem hann er hærri en lífeyririnn frá landinu, sem flust var til.

Viðbótarlífeyrir.

21. gr.

Í sambandi við skilyrði fyrir rétti til viðbótarlífeyris frá norrænu landi eru tryggingatímabil, sem maður á að baki samkvæmt löggjöf um viðbótarlífeyri í fleiri en einu norrænu landi, lögð saman að svo miklu leyti sem þau taka ekki yfir sama tímaskeið.

22. gr.

Einungis í þeim tilvikum, sem um ræðir í 23. grein, hefur það áhrif á viðbótarlífeyri, að maður á einnig rétt á viðbótarlífeyri frá öðru norrænu landi.

23. gr.

1. Nú uppfyllir maður í fleiri en einu norrænu landi þau skilyrði, sem gilda um útreikning viðbótarlífeyris einnig á grundvelli áætlunar um tryggingatímabil, sem hefðu náðst, ef lífeyrisatburðurinn hefði ekki skeð, og skal þá slíkur útreikningur einungis gerður í því landi þar sem hækkun lífeyrisins, er af útreikningnum leiðir, verður mest.

2. Nú er kveðinn upp nýr úrskurður um einstakt lífeyrismál í einhverju landanna eða fyrra úrskurði breytt og skal þá að nýju athuga frá hvaða landi

skuli greiða viðbótarlífeyri, sem reiknaður er á grundvelli áætlunar eins og í 1. málsgrein segir.

3. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda þegar maður hefur áunnið sér lífeyrisrétt í fleirum en einu landi samtímis á tveimur síðustu árunum áður en tryggingaratburðurinn átti sér stað.

3. kafli. Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

24. gr.

1. Það hefur ekki áhrif á bótarétt vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms, að rétthafi er búsettur eða dvelst í öðru norrænu landi en landinu, er löggjöf sú, sem skaðinn skal bættur eftir samkvæmt II. hluta þessa samnings, gildir í.

2. Ákvæði samningsins um rétt til aðstoðar í búsetu- eða dvalarlandinu gilda einnig um vinnuslys og atvinnusjúkdóma.

25. gr.

1. Nú er unnt að greiða bætur vegna atvinnusjúkdóms samkvæmt löggjöf fleiri en eins norræns lands og skulu þá bæturnar greiddar einungis samkvæmt löggjöfinni í landinu þar sem það starf, sem sýkingarhættan fylgir, var síðast innt af hendi fyrir þann tíma er sjúkdómurinn kom í ljós.

2. Nú elnar atvinnusjúkdómur, sem bættur er samkvæmt löggjöf norræns lands, og skal það land þá einnig bæta það heilsuhrak, ef það verður ekki rakið til vinnu í öðru norrænu landi.

4. kafli. Bætur vegna atvinnuleysis.

26. gr.

Nánari ákvæði um rétt til bóta vegna atvinnuleysis er að finna í samningnum frá 28. júní 1976 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á rétthæfingarskeiði m. m. vegna réttar til dagpeninga fyrir þá, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi.

IV. HLUTI

Önnur ákvæði.

27. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu í samvinnu semja þær reglur, sem þörf er á til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

28. gr.

Í sambandi við framkvæmd þessa samnings skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af hlutaðeigandi stjórnvaldi sem sérstakur tengiliður.

29. gr.

1. Nú afhendir maður stofnun í norrænu landi umsókn um bætur samkvæmt löggjöf annars norræns lands og skal þá sú stofnun þegar í stað senda umsóknina til viðeigandi stofnunar í hlutaðeigandi landi. Umsókn skal talin fram komin þar þann dag, sem hún var lögð fram í fyrrnefnda landinu.

2. Nú er svo kveðið á í löggjöf norræns lands að kæru eða öðru erindi, er um ræðir í 1. málsgrein, skuli framvísað innan ákveðins tíma til þess að það verði tekið til greina og skal þá talið að þessu skilyrði sé fullnægt ef erindinu hefur verið framvísað til stofnunar í öðru norrænu landi innan hins tilskilda tíma. Sú stofnun skal þegar í stað senda erindið til hlutaðeigandi stofnunar.

30. gr.

1. Nú hefur stofnun í norrænu landi greitt bætur með þeim hætti að skylda til endurgreiðslu skapast og má þá draga frá bótum greiddum í öðru norrænu landi það sem ofgreitt var að svo miklu leyti sem réttarreglurnar í því landi leyfa.

2. Nú hefur stofnun í norrænu landi veitt bætur til bráðabirgða meðan beðið er endanlegs úrskurðar og síðar kemur í ljós að bótaþeginn átti ekki rétt á bótum eða átti aðeins rétt á lægri bótum og má þá halda eftir, í heild eða að hluta, samsvarandi bótum frá öðru norrænu landi fyrir sama tíma. Sama gildir þegar bætur eru greiddar án þess að gætt hafi verið ákvæða í þessum samningi eða þegar síðari framkvæmd samningsins leiðir til þess að bætur í fyrrnefnda landinu hefði ekki átt að greiða eða aðeins greiða með lægri fjárhæð.

3. Fjárhæðir, sem haldið er eftir samkvæmt 1. eða 2. málsgrein, skal afhenda stofnun þeirri, sem ekki hefði átt að greiða bætur eða hefði átt að greiða lægri bætur.

31. gr.

1. Skjal um rétt til meðlags, sem gefið er út í norrænu landi, skal einnig talið gildur grundvöllur fyrirframgreiðslu meðlags í öðru norrænu landi. Ef skjalið geymir ekki úrskurð dómstóls eða annars opinbers stjórnvalds, skal það áritað vottorði um að samkvæmt því sé unnt að innheimta hjá hinum meðlagsskylda í landinu, sem það var gefið út í.

2. Ekki er skylt að inna af hendi fyrirframgreiðslu meðlags að því leyti sem hún hefur verið innt af hendi í öðru norrænu landi fyrir sama tíma.

32. gr.

Norrænt land, sem að staðaldri veitir ríkisborgara annars norræns lands framfærslu eða aðra félagslega umönnun að mestu leyti, getur ekki af þeim sökum krafist þess að heimaland styrkþegans taki við honum ef fjölskylduástæður hans, tengsl við búsetulandið eða aðstæður að öðru leyti mæla með því að hann fái að vera þar áfram og alls ekki ef hann hefur fimm síðustu árin verið búsettur í landinu.

33. gr.

Þessi samningur veitir ekki rétt til greiðslu grunnlífeyris til nokkurs manns, sem ekki er búsettur í norrænu landi. Samningurinn veitir ekki heldur rétt til öflunar réttinda utan norrænu landanna.

34. gr.

1. Samningur þessi gildir ekki um bætur og iðgjöld vegna tímans fyrir gildistöku hans.

2. Við ákvörðun réttar til bóta samkvæmt þessum samningi skal einnig taka tillit til tímabila trygginga, starfs og búsetu fyrir gildistöku hans.

3. 23. grein þessa samnings skal einnig gilda um lífeyri, sem við gildistöku hans er greiddur samkvæmt 5. grein b í samningnum frá 15. september 1955.

35. gr.

Þessi samningur skal ekki hafa í för með sér lækkun bóta, sem greiddar eru þegar hann tekur gildi.

36. gr.

1. Vilji eitthvert land segja samningnum upp, skal það tilkynna danska utanríkisráðuneytinu það skriflega, en það skal skýra ríkisstjórnum annarra norrænna landa frá því.

2. Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem segir upp, og gildir frá og með byrjun þess almanaksárs, sem hefst að liðnum a. m. k. sex mánuðum frá því að danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

3. Sé samningnum sagt upp, haldast þau réttindi, sem fengist hafa samkvæmt honum.

37. gr.

1. Samning þennan skal fullgilda og skal fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu.

2. Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá því að fullgildingarskjöl allra landanna voru afhent til varðveislu.

38. gr.

Þegar þessi samningur gengur í gildi fellur úr gildi samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 15. september 1955 um félagslegt öryggi ásamt síðari breytingum og viðaukum við hann svo og samningur sömu ríkja frá 6. febrúar 1975 um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 5. mars 1981 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

VIÐAUKI

við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

ÁKVÆÐI UM BEITINGU LÖGGJAFAR EINSTAKRA LANDA

A. DANMÖRK

1. Um 6. gr.

Ákvæðin í 2. og 3. málsgrein 6. greinar hafa ekki áhrif á réttinn til aðstoðar í Danmörk vegna veikinda eða barnsfæðingar til handa þeim, sem búsettir eru þar í landi.

2. Um 14. gr.

Ákvæðin um aðstoð vegna veikinda taka ekki til greftrunarstyrks samkvæmt lögum um almennar sjúkratryggingar.

3. Um 18. gr.

Þegar fullnægt er skilyrðunum til þess að fá eftirlifendalífeyri samkvæmt 18. grein, 2. málsgrein, tölulið 3 b, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Danmörk er meta skal hvort fullnægt sé skilyrðinu um að minnsta kosti eins árs búsetu í Danmörk, eftir að náð er lægra aldursmarkinu til vinnslu lífeyrisréttar á grundvelli búsetutíma. Þetta ákvæði gildir á samsvarandi hátt um danska ríkisborgara.

4. Um 19. gr.

a) Ríkisborgarar annarra norrænna landa skulu eiga rétt á fullum dönskum ellilífeyri samkvæmt ákvæði almannalífeyrislaga um rétt til fulls lífeyris til handa þeim, sem hefur verið búsettur í Danmörk að minnsta kosti tíu ár á því aldursskeiði, sem menn geta áunnið sér rétt til lífeyris á grundvelli búsetutíma, og þar af að minnsta kosti fimm síðustu árin áður en venjulegum lífeyrisaldri er náð. Búsetutími í öðrum norrænum löndum er ekki talinn með þegar ákvörðun er tekin um það, hvort fullan lífeyri megi greiða samkvæmt nefndu ákvæði.

b) Við beitingu 19. greinar, 2. málsgreinar, 3. málsliðs, er við útreikning lífeyris til manns, sem samkvæmt samningnum skal fá lífeyri frá Danmörk, talinn með búsetutími í norrænu löndunum eftir að náð er lægra aldursmarkinu, sem samkvæmt dönsku lífeyrislöggjöfinni er krafist til þess að maður geti áunnið sér rétt til lífeyris á grundvelli búsetutíma.

c) Ákvæðin í 19. grein, 3. málsgrein, taka á tilsvarandi hátt til örorkulífeyris samkvæmt dönsku lögunum um öruorkulífeyri o. fl. með þeim skilyrðum, sem í þeim lögum greinir.

d) Við útreikning á ekkjulífeyri, örorkulífeyri og ellilífeyri samkvæmt danskri löggjöf til þeirra, sem misst hafa maka sinn, miðuðum við búsetutíma hins látna maka í norrænu löndunum, skal fullnægt þeim skilyrðum, sem um það gilda samkvæmt örorkulífeyrislögum, ekkjulífeyrislögum og almannalífeyrislögum. Við útreikning búsetutíma frá því er lífeyrisgreiðslur hefjast þar til lífeyrisaldri, sem gildir í búsetulandinu, er náð er lagður til grundvallar aldur eftirlifandi maka, þegar réttur til lífeyris stofnast.

5. Um 20. gr.

a) Norrænn ríkisborgari, sem er búsettur í öðru norrænu landi en Danmörk, getur ekki samkvæmt 20. gr., 1. málsgrein, fengið danskan ellilífeyri fyrir aldursmörk eða undanþágu frá aldursskilyrðum vegna atvinnuleysis eða álíka skorts á möguleika til atvinnu.

b) Einstæð kona, sem er orðin 62 ára, fær ellilífeyri frá Danmörk samkvæmt 20. grein, 2. málsgrein, umfram þriggja ára tímann eftir flutning samkvæmt 3. málsgrein greinarinnar svo lengi sem lífeyrisþeginn hefur ekki náð almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu.

c) Að því er tekur til manna, sem með undanþágu frá aldursskilyrðum fá ellilífeyri fyrir aldursmörk frá Danmörk eftir flutning til annars norræns lands fyrir 1. janúar 1978, veitist lífeyririnn umfram þriggja ára tímabilið eftir flutninginn samkvæmt 20. grein, 3. málsgrein, þar til lífeyrisþeginn hefur náð almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu.

6. Um 21. gr.

Við beitingu 21. greinar skulu þeir aðilar að viðbótarlífeyrissjóði vinnumarkaðarins, sem greiddur hefur verið fyrir á einu almanaksári sá fjöldi iðgjaldagreiðslna, sem krafist er til þess að ná fullum réttindum, teljast hafa lokið heils árs tryggingartíma. Þeir aðilar, sem greiddar hafa verið fyrir færri iðgjaldagreiðslur, skulu teljast hafa lokið tryggingartíma, er nemi svo miklum hluta árs sem svarar til hlutfallsins milli fjölda greiddra iðgjaldagreiðslna og þess fjölda, sem krafist er til þess að ná fullum réttindum.

B. FINNLAND.

1. Um 5. gr.

Við ákvörðun réttar til dagpeninga vegna barnsfæðingar samkvæmt finnskri löggjöf skal einnig taka tillit til dagpeninga, sem samkvæmt löggjöf annars norræns lands eru greiddir hinu foreldrinu vegna sömu barnsfæðingar eða ættleiðingar.

2. Um 18.—20. gr.

a) Þegar grunnlífeyrir er veittur manni, sem er búsettur í öðru norrænu landi en Finnlandi, skal lífeyririnn og viðbótargreiðslur honum tengdar reiknast eftir þeim reglum, sem gilda fyrir lífeyrisþega búsetta í sveitarfélagi, sem er í lægsta bótaflokki, sem um ræðir í 27. grein almannalífeyrislaganna.

b) Við ákvörðun réttar til húsnæðisstyrkja samkvæmt lögum um húsnæðisstyrki til lífeyrisþega skal einungis taka tillit til húsnæðiskostnaðar í Finnlandi.

c) Við beitingu 18. greinar skal litið á atvinnuleysislífeyri samkvæmt 20. og 22. grein C í almannalífeyrislögunum sem örorkulífeyri.

d) Ákvæðin í 20. grein taka ekki til atvinnuleysislífeyris samkvæmt 20. og 22. grein almannalífeyrislaganna.

3. Um 21. grein.

Við beitingu 21. greinar skal þeim, sem hefur verið tryggður samkvæmt lögunum um lífeyri til

launþega í skammtíma störfum, reiknaður tryggingartími, er sé einn mánuður fyrir hvern almanaksmánuð, sem iðgjald hefur verið greitt til lífeyrissjóðsins hans vegna.

C. ÍSLAND

1. Um 18.—20. gr.

Þegar dvalartíminn, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein, er liðinn og ákvarða skal tryggingartíma á Íslandi, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma þar. Þetta á við hvort sem sá, sem sest að á Íslandi, er ríkisborgari Íslands eða annars norræns lands. Um íslenska ríkisborgara, sem taka sér búsetu á Íslandi, skal það gilda að þegar þeir hafa náð þeim lífeyrisaldri, sem þar gildir, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma á Íslandi, án þess að krafist sé þess lágmarksbúsetutíma sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein.

2. Um 19. gr.

Við beitingu 19. greinar skulu greiðslur vegna barna til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt 14. grein almannatryggingalaga reiknast sem full fjárhæð án tillits til búsetutíma.

3. Um 21. gr.

Við beitingu 21. greinar skulu félagar íslenskra lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, taldir hafa lokið heils árs tryggingartímabili ef fyrir þá hafa á einu almanaksári verið greidd iðgjöld, er nema a. m. k. 10% af sex mánaða launum samkvæmt þeim launataxta, sem dagpeningagreiðslur atvinnuleysistrygginga miðast við.

4. Um 22. gr.

Við útreikning lífeyris samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal viðbótarlífeyrir frá öðru norrænu landi dragast frá á sama hátt og lífeyrir frá íslenskum lífeyrissjóði.

D. NOREGUR

1. Um 5. gr.

Við ákvörðun réttar foreldris til fæðingarstyrks samkvæmt norskri löggjöf skal taka tillit til dagpeninga, sem hitt foreldrið fær samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

2. Um 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. greinar skulu ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar, sem eru í skiprúmi á norsku skipi í utanlandssiglingum, því aðeins falla undir lögin um lífeyristryggingar sjómanna að þeir séu raunverulega búsettir í Noregi.

3. Um 10. gr.

Ákvæði almannatryggingalaganna um að iðgjöld vinnuveitenda vegna bóta til erlends ríkisborgara vegna starfa erlendis skuli því aðeins greidd að hann sé búsettur í Noregi eða í skiprúmi á norsku skipi í utanlandssiglingum á ekki við í sambandi við beitingu 7. og 8. greinar.

4. Um 12.—17. gr.

Ákvæðin í 12.—17. grein gilda ekki um bætur samkvæmt 12. kafla almannatryggingalaganna til foreldra sem ógiftir eru, fráskildir eða skildir að borði og sæng.

5. Um 18.—20. gr.

Þegar fullnaður er sá búsetutími, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein, og ákvarða skal tryggingartíma í Noregi skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Noregi. Þetta gildir bæði fyrir norska ríkisborgara, sem setjast að í Noregi, og ríkisborgara annarra norrænna landa. Um norska ríkisborgara, sem taka sér búsetu í Noregi, skal það gilda, að þegar þeir hafa náð þeim lífeyrisaldri, sem þar gildir, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Noregi, án þess að krafist sé þess lágmarksbúsetutíma, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein.

6. Um 19. gr.

a) Eftirtaldar bætur frá almannatryggingunum skulu greiddar með fullri fjárhæð án tillits til búsetutíma:

1. Greiðslur vegna barna, sem fylgja lífeyri frá almannatryggingum.
2. Grunnstyrkur samkvæmt almannatryggingalögum, grein 8—2, fyrstu málsgrein a).
3. Hjálparstyrkur samkvæmt almannatryggingalögum, grein 8—2, fyrstu málsgrein b).
4. Styrkur til barnagæslu samkvæmt almannatryggingalögum, grein 10—2.

b) Við beitingu 19. greinar, 2. málsgreinar, skal sem búsetutími einnig reiknast það almanaksár, sem hlutaðeigandi nær 67, 68 eða 69 ára aldri og hefur áunnið sér stig til lífeyrisréttinda.

c) Barnalífeyrir, sem greiðist með fyrsta barni þegar báðir foreldrarnir eru látnir og nemur sömu fjárhæð og eftirlifendalífeyrir til þess foreldranna, sem í því tilfelli hefði fengið hærri þess konar lífeyri, reiknast eftir reglunum í 19. grein, 1. málsgrein, sbr. 2.—4. málsgrein.

7. Um 20. gr.

a) Uppbót á bætur frá almannatryggingunum samkvæmt lögum frá 19. desember 1969 greiðist einungis þeim, sem búsettir eru í Noregi.

b) Grunnstyrkur, hjálparstyrkur og styrkur til barnagæslu greiðist norrænum ríkisborgurum, sem búsettir eru í öðru norrænu landi en Noregi, einungis að því marki, sem leiðir af norskri löggjöf.

8. Um 21.—23. gr.

Að því er tekur til viðbótarlífeyris til norrænna ríkisborgara skal dvöl eða búseta í öðru norrænu landi jafngilda dvöl eða búsetu í Noregi.

E. SVÍÞJÓÐ

1. Um 5. gr.

Við ákvörðun réttar foreldris til foreldrapeninga samkvæmt sænskri löggjöf skulu dagpeningar vegna barnsburðar eða ættleiðingar samkvæmt löggjöf annars norræns lands frádregnir á sama hátt og foreldrapeningar til hins foreldrisins.

2. Um 6. gr.

a) Sá, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar, 2. málsgreinar, skal falla undir sænska löggjöf um foreldrapeninga vegna atvinnu á sænsku skipi, skal eiga rétt á foreldrapeningum, jafnvel þótt barnið sé búsett í öðru norrænu landi en Svíþjóð.

b) Ákvæði 6. greinar hafa ekki áhrif á þann rétt til sjúkrahjálpar, sem maður á rétt á vegna innritunar á sænska sjómannaskrá.

3. Um 7. gr.

Sá, sem samkvæmt ákvæðum 7. greinar skal falla undir sænska löggjöf um foreldrapeninga, án þess að vera búsettur í Svíþjóð, skal eiga rétt á slíkum styrk jafnvel vegna barns, sem búsett er í sama landi og hinn tryggði sem í hlut á.

4. Um 12. gr.

Foreldrapeningar samkvæmt sænskri löggjöf, sem ekki eru hærri en hið tryggða lágmark, skulu greiddir ef innflytjandanum hefur við fæðingu barnsins eða áætlaðan fæðingartíma þess verið tryggð aðstoð í norrænum löndum samanlagt a. m. k. 180 undanfarandi daga.

5. Um 15. gr.

Aðstoð samkvæmt 15. grein skal, að því er Svíþjóð varðar, veitt öllum þeim, sem sænska sjúkratryggingin tekur ekki til vegna tengsla þeirra við sendiráð eða ræðisskrifstofu norræns lands í Svíþjóð.

6. Um 18. gr.

Við beitingu 18. greinar skal litið á lífeyri fyrir aldursmörk samkvæmt sænskri löggjöf sem örorkulífeyri.

7. Um 19. gr.

a) Ákvæðin í 19. grein taka ekki til norrænna ríkisborgara, sem búsettir eru í Svíþjóð og fullnægja skilyrðum sænskrar löggjafar fyrir rétti til sænsks almannalífeyris.

b) Viðbótargreiðslur vegna barna til almannalífeyrisþega, styrkur til aðhlynningar og styrkir vegna örorku, sem ekki eru veittir sem uppbót á almannalífeyri, greiðast með fullri fjárhæð án tillits til búsetutíma.

8. Um 20. gr.

Ekki er unnt með skírskotun til 20. greinar að greiða norrænum ríkisborgara, sem er búsettur í öðru norrænu landi en Svíþjóð, ellilífeyri áður en náð er almennum lífeyrisaldri, sem gildir í Svíþjóð, styrk til aðhlynningar, eða þess konar bætur vegna örorku, sem ekki eru viðauki við almannalífeyri.

9. Um 21. gr.

21. grein á ekki við um rétt til sjómannalífeyris samkvæmt sænskri löggjöf.

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá sem um ræðir hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að staðfesta síðar breytingar á samningnum. Þegar gildistaka breytinga hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum, C-deild, skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

4. gr.

Ráðherra siglingamála fer með mál er varða samning þennan. Er ráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd samningsins svo og ákvæði í samræmi við síðari breytingar á honum sem staðfestar verða af Íslands hálfu.

Siglingamálastjóri skal á vegum ráðherra annast eftirlit með framkvæmd samningsins.

5. gr.

Brot á ákvæðum þessa samnings varða sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

SAMNINGSAÐILAR

SEM GERA SÉR LJÓST að hafið og lífríki þess hafi ómetanlega þýðingu fyrir allar þjóðir,

SEM GERA SÉR LJÓST að mengun ógnar í vaxandi mæli jafnvægi lífríkisins og lögmætum notum hafsins,

SEM HAFA Í HUGA tilmæli ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins sem haldin var í Stokkhólmi í júní 1972,

SEM VIÐURKENNA að samræmdar aðgerðir sem ná til einstakra ríkja, svæða og hnattarins alls séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir og vinna gegn mengun sjávar,

SEM ERU ÞESS FULLVISSIR að þegar í stað sé unnt og verði að grípa til alþjóðlegra aðgerða til að hafa hemil á mengun sjávar frá landstöðvum með markvissum og samstilltum aðgerðum til þess að vernda hafið gegn mengun, án tillits til upptaka hennar, og skal þá telja með þær aðgerðir sem nú standa yfir til varnar gegn mengun á alþjóðlegum siglingaleiðum,

SEM TELJA að sameiginlegir hagsmunir ríkja sem tengjast sama hafsvæðinu ættu að verða þeim hvöt til samstarfs vegna svæðisins í heild eða hluta þess,

SEM HAFA Í HUGA samninginn um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem gerður var í Osló 15. febrúar 1972,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir mengun sjávar, en með því er átt við beina eða óbeina losun efna eða orku af mannavöldum í sjó (þar með talda árósa) sem hefur í för með sér skaðleg áhrif svo sem að stofna heilsu manna í hættu, skaða lifandi auðlindir og raska lífkerfi hafsins, spilla gæðum umhverfis eða valda röskun á annarri lögmætri nýtingu hafsins.

2. Samningsaðilar skulu hver fyrir sig eða sameiginlega gera ráðstafanir til þess að vinna gegn mengun sjávar frá landstöðvum í samræmi við ákvæði samnings þessa og skulu samræma stefnu sína í þessu tilliti.

CONVENTION
for the Prevention of Marine Pollution from Land-Based Sources

THE CONTRACTING PARTIES:

RECOGNIZING that the marine environment and the fauna and flora which it supports are of vital importance to all nations;

MINDFUL that the ecological equilibrium and the legitimate uses of the sea are increasingly threatened by pollution;

CONSIDERING the recommendations of the United Nations Conference on the Human Environment, held in Stockholm in June 1972;

RECOGNIZING that concerted action at national, regional and global levels is essential to prevent and combat marine pollution;

CONVINCED that international action to control the pollution of the sea from land-based sources can and should be taken without delay, as part of progressive and coherent measures to protect the marine environment from pollution, whatever its origin, including current efforts to combat the pollution of international waterways;

CONSIDERING that the common interests of States concerned with the same marine area should induce them to cooperate at regional or sub-regional levels;

RECALLING the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft concluded in Oslo on 15 February 1972,

HAVE AGREED as follows:

Article 1

1. The Contracting Parties pledge themselves to take all possible steps to prevent pollution of the sea, by which is meant the introduction by man, directly or indirectly, of substances or energy into the marine environment (including estuaries) resulting in such deleterious effects as hazards to human health, harm to living resources and to marine ecosystems, damage to amenities or interference with other legitimate uses of the sea.

2. The Contracting Parties shall adopt individually and jointly measures to combat marine pollution from land-based sources in accordance with the provisions of the present Convention and shall harmonize their policies in this regard.

2. gr.

Samningur þessi gildir fyrir hafsvæðið sem takmarkast á eftirfarandi hátt:

a. þeir hlutar Atlantshafsins og Norður-Íshafsins og aðliggjandi hafsvæða sem eru norðan 36° n.br. og milli 42° v.l. og 51° a.l. að undanteknu:

i. Eystrasalti og Sundunum sunnan og austan lína sem liggja frá Hasenörehöfða til Gnibentanga, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen, og

ii. Miðjarðarhafi og aðliggjandi höfum að skurðpunkti 36° n.br. og 5° 36' v.l.

b. sá hluti Atlantshafsins sem er norðan 59° n.br. og milli 44° v.l. og 42° v.l.

Article 2

The present Convention shall apply to the maritime area within the following limits:

a. those parts of the Atlantic and Arctic Oceans and the dependent seas which lie north of 36° north latitude and between 42° west longitude and 51° east longitude, but excluding:

i. the Baltic Sea and Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point, from Korshage to Spodsbjerg and from Gilbjerg Head to Kullen, and

ii. the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the point of intersection of the parallel of 36° north latitude and the meridian of 5°36' west longitude;

b. that part of the Atlantic Ocean north of 59° north latitude and between 44° west longitude and 42° west longitude.

3. gr.

Í samningi þessum merkir:

a. „hafsvæði" úthöfin, landhelgi samningsaðila og hafsvæðin landmegin við grunnlínur þær er breidd landhelginnar er mæld frá og ná, ef um er að ræða vatnsfarvegi, upp að ferskvatnsmörkum, nema öðruvísi sé ákveðið skv. 16. gr. c. samnings þessa.

b. „ferskvatnsmörk" þann stað í vatnsfarvegi þar sem vart verður verulegrar aukningar seltu úr sjó þegar rennsli í umræddum vatnsfarvegi er lítið og lágsjávað er.

c. „mengun frá landstöðvum" mengun hafsvæðisins:

i. frá vatnsfarvegi,

ii. frá ströndinni þar með talið með neðansjávarleiðslum eða öðrum leiðslum,

iii. frá mannvirkjum sem komið er undir lögsögu samningsaðila á því hafsvæði sem samningur þessi tekur til.

Article 3

For the purpose of the present Convention:

a. "Maritime area" means: the high seas, the territorial seas of Contracting Parties and waters on the landward side of the base lines from which the breadth of the territorial sea is measured and extending in the case of watercourses, unless otherwise decided under article 16 c of the present Convention, up to the freshwater limit;

b. "Freshwater limit" means: the place in the watercourse where, at low tide and in a period of low freshwater flow, there is an appreciable increase in salinity due to the presence of seawater;

c. "Pollution from land-based sources" means: the pollution of the maritime area

i. through watercourses,

ii. from the coast, including introduction through underwater or other pipelines,

iii. from man-made structures placed under the jurisdiction of a Contracting Party within the limits of the area to which the present Convention applies.

4. gr.

1. Samningsaðilar takast á hendur:

a. að uppræta, í áföngum ef nauðsyn krefur, mengun hafsvæðisins frá landstöðvum af völdum efna þeirra sem upp eru talin í I. hluta Viðauka A samnings þessa;

b. að takmarka stranglega mengun hafsvæðisins frá landstöðvum af völdum efna sem upp eru talin í II. hluta Viðauka A samnings þessa.

Article 4

1. The Contracting Parties undertake:

a. to eliminate, if necessary by stages, pollution of the maritime area from land-based sources by substances listed in Part I of Annex A to the present Convention;

b. to limit strictly pollution of the maritime area from land-based sources by substances listed in Part II of Annex A to the present Convention.

2. Til þess að framkvæma aðgerðir þær sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar skulu samningsaðilar annað hvort sameiginlega eða hver fyrir sig, eftir því sem henta þykir, framfylgja áætlunum og aðgerðum:

a. til þess að uppræta þegar í stað mengun hafsvæðisins frá landstöðvum af völdum efna sem upp eru talin í I. hluta Viðauka A samnings þessa;

b. til þess að draga úr eða, ef henta þykir, uppræta mengun hafsvæðisins frá landstöðvum af völdum efna sem talin eru upp í II. hluta Viðauka A samnings þessa. Þessi efni skal aðeins losa í sjó ef viðkomandi stjórnvöld samningsríkis hafa gefið til þess samþykki sitt. Slíkt samþykki skal endurskoða reglulega.

3. Þær áætlanir og aðgerðir sem ákveðnar verða samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skulu, eftir því sem henta þykir, vera fólgnar m. a. í setningu sérstakra reglna eða staðla um gæði umhverfisins, losun í hafsvæðið, þá losun í vatnsfarvegi er hefur áhrif á hafsvæðið og um samsetningu og notkun efna og vara. Þessar áætlanir og aðgerðir skulu gerðar með hliðsjón af nýjustu tækniþróun.

Áætlanirnar skulu miðast við að þeim ljúki á ákveðnum tíma.

4. Samningsaðilar geta ennfremur sameiginlega eða hver fyrir sig, eftir því sem henta þykir, framfylgt áætlunum eða aðgerðum til að koma í veg fyrir, draga úr eða uppræta mengun hafsvæðisins frá landstöðvum af völdum efnis sem ekki er þá upp talið í Viðauka A samnings þessa, ef vísindalega hefur verið sannað að það efni geti valdið alvarlegum skaða á hafsvæðinu og ef brýnna aðgerða er þörf.

5. gr.

1. Samningsaðilar takast á hendur að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og, eftir því sem henta þykir, uppræta mengun hafsvæðisins frá landstöðvum af völdum geislavirkra efna sem um getur í III. hluta Viðauka A samnings þessa.

2. Án þess að það hafi áhrif á skyldur samningsaðila samkvæmt öðrum samþykktum eða samningum skulu samningsaðilar við framkvæmd þessa samningsákvæðis:

a. taka fullt tillit til tillagna viðkomandi alþjóðasamtaka og stofnana;

2. In order to carry out the undertakings in paragraph 1 of this Article, the Contracting Parties, jointly or individually as appropriate, shall implement programmes and measures:

a. for the elimination, as a matter of urgency, of pollution of the maritime area from land-based sources by substances listed in Part I of Annex A to the present Convention;

b. for the reduction or, as appropriate, elimination of pollution of the maritime area from land-based sources by substances listed in Part II of Annex A to the present Convention. These substances shall be discharged only after approval has been granted by the appropriate authorities within each Contracting State. Such approval shall be periodically reviewed.

3. The programmes and measures adopted under paragraph 2 of this Article shall include, as appropriate, specific regulations or standards governing the quality of the environment, discharges into the maritime area, such discharges into watercourses as affect the maritime area, and the composition and use of substances and products. These programmes and measures shall take into account the latest technical developments.

The programmes shall contain time-limits for their completion.

4. The Contracting Parties may, furthermore, jointly or individually as appropriate, implement programmes or measures to forestall, reduce or eliminate pollution of the maritime area from land-based sources by a substance not then listed in Annex A to the present Convention, if scientific evidence has established that a serious hazard may be created in the maritime area by that substance and if urgent action is necessary.

Article 5

1. The Contracting Parties undertake to adopt measures to forestall and, as appropriate, eliminate pollution of the maritime area from land-based sources by radio-active substances referred to in Part III of Annex A of the present Convention.

2. Without prejudice to their obligations under other treaties and conventions, in implementing this undertaking the Contracting Parties shall:

a. take full account of the recommendations of the appropriate international organisations and agencies;

b. taka tillit til þeirra aðferða við eftirlit sem þessi alþjóðasamtök og stofnanir mæla með;

c. samræma eftirlit og rannsóknir á geislavirkum efnum skv. 10. og 11. gr. samnings þessa.

6. gr.

1. Til þess að viðhalda og auka gæði hafsins skulu samningsaðilar, án þess að rýra gildi ákvæða 4. gr., gera sér far um:

a. að draga úr ríkjandi mengun frá landstöðvum;

b. að koma í veg fyrir sérhverja nýja mengun frá landstöðvum, þar með talda þá mengun sem rekja má til nýrra efna.

2. Við framkvæmd þessa samningsákvæðis skulu samningsaðilar taka tillit til:

a. eðlis og magns mengunarvalda sem um er að ræða;

b. hversu mikil mengunin er þegar orðin;

c. gæða og upptökugetu vatnsins á hafsvæðinu;

d. nauðsynjar samræmdrar stefnumörkunar sem samrýmist umhverfisverndarsjónarmiðum.

7. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að framkvæma þær ráðstafanir sem þeir ákveða á þann hátt að ekki valdi aukinni mengun:

— í höfunum utan svæðisins sem samningur þessi nær til;

— á hafsvæðinu sem samningur þessi nær til og upptök sín á annars staðar en í landstöðvum.

8. gr.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka á þann veg að það komi í veg fyrir að samningsaðilar geri strangari ráðstafanir til varnar gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

9. gr.

1. Þegar mengun frá landstöðvum, upprunnin á landsvæði samningsaðila af völdum efna sem ekki eru talin í I. hluta Viðauka A samnings þessa, þykir líkleg til að skaða hagsmuni eins eða fleiri hinna samningsaðilanna takast hlutaðeigandi samningsaðilar á hendur að hafa samráð, að beiðni einhvers þeirra, í því skyni að gera með sér samvinnusamning.

b. take account of the monitoring procedures recommended by these international organisations and agencies;

c. coordinate their monitoring and study of radio-active substances in accordance with Articles 10 and 11 of the present Convention.

Article 6

1. With a view to preserving and enhancing the quality of the marine environment, the Contracting Parties, without prejudice to the provisions of Article 4, shall endeavour:

a. to reduce existing pollution from land-based sources;

b. to forestall any new pollution from land-based sources, including that which derives from new substances.

2. In implementing this undertaking, the Contracting Parties shall take account of:

a. the nature and quantities of the pollutants under consideration;

b. the level of existing pollution;

c. the quality and absorptive capacity of the receiving waters of the maritime area;

d. the need for an integrated planning policy consistent with the requirement of environmental protection.

Article 7

The Contracting Parties agree to apply the measures they adopt in such a way as to avoid increasing pollution:

— in the seas outside the area to which the present Convention applies;

— in the maritime area covered by the present Convention, originating otherwise than from land-based sources.

Article 8

No provision of the present Convention shall be interpreted as preventing the Contracting Parties from taking more stringent measures to combat marine pollution from land-based sources.

Article 9

1. When pollution from land-based sources originating from the territory of a Contracting Party by substances not listed in Part I of Annex A of the present Convention is likely to prejudice the interests of one or more of the other Parties to the present Convention, the Contracting Parties concerned undertake to enter into consultation, at the request of any one of them, with a view to negotiating a co-operation agreement.

2. Að ósk einhvers hlutaðeigandi samningsaðila skal nefndin sem um getur í 15. gr. þessa samnings taka málið til meðferðar og getur hún gert tillögur með það fyrir augum að viðunandi lausn náist.

3. Þeir sérstöku samningar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar mega meðal annars tiltaka þau svæði sem þeir ná til, þau gæðamörk sem ná skal og leiðir til að ná þessum mörkum, þar með talið hvernig beita skuli viðeigandi stöðlum og hvaða vísindalegum og tæknilegum upplýsingum skuli safnað.

4. Þeir samningsaðilar er undirrita þessa sérsamninga skulu fyrir milligöngu nefndarinnar tilkynna öðrum samningsaðilum um efni samninganna svo og hvernig miði að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að koma á samræmdum eða sameiginlegum vísindalegum og tæknilegum rannsóknum, þar með töldum rannsóknum á bestu aðferðum við að útrýma skaðlegum efnum eða finna efni í þeirra stað til að draga úr mengun sjávar frá landstöðvum, svo og að skiptast á þeirri vitneskju sem fæst á þennan hátt. Þeir skulu á þessu sambandi taka tillit til þess starfs sem viðkomandi alþjóðasamtök og stofnanir hafa unnið á þessu sviði.

11. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að koma á fót í áföngum og starfrækja á svæðinu sem samningur þessi nær til fast eftirlitskerfi sem geri kleift:

— að sem allra fyrst fari fram mat á núverandi mengun hafsins;

— að fram fari mat á gagnsemi ráðstafana til þess að draga úr mengun sjávar frá landstöðvum sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

Í þessu skyni skulu samningsaðilar ákveða leiðir og aðferðir til að starfrækja hver um sig eða sameiginlega kerfisbundna og sérstaka eftirlitsstarfsemi. Þessi starfsemi skal taka mið af starfsemi rannsóknarskipa og annarri aðstöðu á eftirlitssvæðinu.

Starfsemi þessi skal taka mið af skyldri starfsemi sem starfrækt er samkvæmt samningum er þegar hafa öðlast gildi og starfsemi viðkomandi alþjóðasamtaka og stofnana.

2. At the request of any Contracting Party concerned, the Commission referred to in Article 15 of the present Convention shall consider the question and may make recommendations with a view to reaching a satisfactory solution.

3. The special agreements specified in paragraph 1 of this Article may, among other things, define the areas to which they shall apply, the quality objectives to be achieved, and the methods for achieving these objectives including methods for the application of appropriate standards and the scientific and technical information to be collected.

4. The Contracting Parties signatory to these special agreements shall, through the medium of the Commission, inform the other Contracting Parties of their purport and of the progress made in putting them into effect.

Article 10

The Contracting Parties agree to establish complementary or joint programmes of scientific and technical research, including research into the best methods of eliminating or replacing noxious substances so as to reduce marine pollution from land-based sources, and to transmit to each other the information so obtained. In doing so they shall have regard to the work carried out, in these fields, by the appropriate international organizations and agencies.

Article 11

The Contracting Parties agree to set up progressively and to operate within the area covered by the present Convention a permanent monitoring system allowing:

— the earliest possible assessment of the existing level of marine pollution;

— the assessment of the effectiveness of measures for the reduction of marine pollution from land-based sources taken under the terms of the present Convention.

For this purpose the Contracting Parties shall lay down the ways and means of pursuing individually or jointly systematic and ad hoc monitoring programmes. These programmes shall take into account the deployment of research vessels and other facilities in the monitoring area.

The programmes shall take into account similar programmes pursued in accordance with conventions already in force and by the appropriate international organisations and agencies.

12. gr.

1. Sérhver samningsaðili tekst á hendur að tryggja að ákvæði samnings þessa séu haldin og að gera viðeigandi ráðstafanir á sínu landsvæði til að stemma stigu við atferli sem brýtur í bága við ákvæði samnings þessa og refsa fyrir það.

2. Samningsaðilar skulu tilkynna nefndinni um lagasetningar og aðgerðir stjórnvalda til þess að framfylgja ákvæðum 1. mgr.

13. gr.

Samningsaðilar takast á hendur að aðstoða hver annan á viðeigandi hátt til þess að koma í veg fyrir óhöpp sem leiða kunna til mengunar frá landstöðvum, til þess að draga sem mest úr og eyða afleiðingum slíkra óhappa og að skiptast á upplýsingum í þeim tilgangi.

14. gr.

1. Ákvæðum þessa samnings má ekki beita gegn samningsaðila í því tilviki að hann geti ekki framfylgt þeim til fulls vegna mengunar sem á upptök á landsvæði ríkis sem ekki er aðili að þessum samningi.

2. Eigi að síður skal umræddur samningsaðili leitast við að taka upp samstarf við ríkið sem ekki er aðili að samningnum svo að unnt verði að framfylgja samningi þessum til fulls.

15. gr.

Nefnd sem í eiga sæti fulltrúar sérhvers samningsaðila er hér með stofnuð. Nefndin skal halda fundi reglulega og hvenær sem svo er ákveðið samkvæmt starfsreglum vegna sérstakra tilvika.

16. gr.

Verkefni nefndarinnar skulu vera:

a. að hafa yfirumsjón með framkvæmd samnings þessa;

b. að hafa á hendi almenna athugun á ástandi sjávarins á svæðinu sem samningur þessi nær til, á gagnsemi þeirra varúðarráðstafana sem gerðar eru og á því hvort þörf er viðbótar- eða breyttra ráðstafana;

c. að ákveða, ef nauðsyn krefur, að tillögu samningsaðilans eða samningsaðilanna sem liggja að sama vatnsfarveginum samkvæmt samræmdum reglum mörk þau er hafsvæðið skal ná til í þessum vatnsfarvegi;

Article 12

1. Each Contracting Party undertakes to ensure compliance with the provisions of this Convention and to take in its territory appropriate measures to prevent and punish conduct in contravention of the provisions of the present Convention.

2. The Contracting Parties shall inform the Commission of the legislative and administrative measures they have taken to implement the provisions of the preceding paragraph.

Article 13

The Contracting Parties undertake to assist one another as appropriate to prevent incidents which may result in pollution from land-based sources, to minimize and eliminate the consequences of such incidents, and to exchange information to that end.

Article 14

1. The provisions of the present Convention may not be invoked against a Contracting Party to the extent that the latter is prevented, as a result of pollution having its origin in the territory of a non-Contracting State, from ensuring their full application.

2. However, the said Contracting Party shall endeavour to cooperate with the non-Contracting State so as to make possible the full application of the present Convention.

Article 15

A Commission composed of representatives of each of the Contracting Parties is hereby established. The Commission shall meet at regular intervals and at any time when due to special circumstances it is so decided in accordance with its rules of procedure.

Article 16

It shall be the duty of the Commission:

a. to exercise overall supervision over the implementation of the present Convention;

b. to review generally the condition of the seas within the area to which the present Convention applies, the effectiveness of the control measures being adopted and the need for any additional or different measures;

c. to fix, if necessary, on the proposal of the Contracting Party or Parties bordering on the same watercourse and following a standard procedure, the limit to which the maritime area shall extend in that watercourse;

d. að ákveða í samræmi við 4. gr. samnings þessa starfsemi og aðgerðir er miða að því að uppræta eða draga úr mengun frá landstöðvum;

e. að gera tillögur samkvæmt ákvæðum 9. gr.;

f. að taka á móti og meta upplýsingar og dreifa þeim til samningsaðila samkvæmt ákvæðum 11., 12. og 17. gr. samnings þessa;

g. að gera samkvæmt 18. gr. tillögur varðandi breytingar á listum efna í Viðauka A samnings þessa;

h. að sinna öðrum verkefnum eftir því sem henta þykir samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

17. gr.

Samningsaðilar skulu samkvæmt samræmdum reglum senda nefndinni:

a. niðurstöður um eftirlit samkvæmt 11. gr.;

b. eins nákvæmar upplýsingar og til eru um efni sem talin eru upp í Viðaukum samnings þessa og hætta er á að berist til hafsvæðisins.

Samningsaðilar skulu leitast við að bæta í síauknum mæli aðferðir við söfnun þeirra upplýsinga sem stuðla að endurskoðun á starfsemi þeirri er lýtur að því að draga úr mengun og ákveðin er samkvæmt 4. gr. samnings þessa.

18. gr.

1. Nefndin skal setja sér starfsreglur og skulu þær samþykktar með samhljóða atkvæðum.

2. Nefndin skal setja sér fjárhagsreglur og skulu þær samþykktar með samhljóða atkvæðum.

3. Nefndin skal samþykkja með samhljóða atkvæðum áætlanir og aðgerðir sem miða að því að draga úr eða uppræta mengun frá landstöðvum eins og fyrir er mælt í 4. gr., áætlanir um vísindalegar rannsóknir og eftirlit eins og fyrir er mælt í 10. og 11. gr. og ákvarðanir samkvæmt 16. gr. c.

Allir samningsaðilar skulu hefja og framfylgja áætlunum þessum og aðgerðum tvö hundruð dögum eftir að þær eru samþykktar, nema nefndin ákveði aðra dagsetningu.

d. to draw up, in accordance with Article 4 of the present Convention, programmes and measures for the elimination or reduction of pollution from land-based sources;

e. to make recommendations in accordance with the provisions of Article 9;

f. to receive and review information and distribute it to the Contracting Parties in accordance with the provisions of Articles 11, 12 and 17 of the present Convention;

g. to make, in accordance with Article 18, recommendations regarding any amendment to the lists of substances included in Annex A to the present Convention;

h. to discharge such other functions, as may be appropriate, under the terms of the present Convention.

Article 17

The Contracting Parties, in accordance with a standard procedure, shall transmit to the Commission:

a. the results of monitoring pursuant to Article 11;

b. the most detailed information available on the substances listed in the Annexes to the present Convention and liable to find their way into the maritime area.

The Contracting Parties shall endeavour to improve progressively techniques for gathering such information which can contribute to the revision of the pollution reduction programmes drawn up in accordance with Article 4 of the present Convention.

Article 18

1. The Commission shall draw up its own Rules of Procedure which shall be adopted by unanimous vote.

2. The Commission shall draw up its own Financial Regulations which shall be adopted by unanimous vote.

3. The Commission shall adopt, by unanimous vote, programmes and measures for the reduction or elimination of pollution from land-based sources as provided for in Article 4, programmes for scientific research and monitoring as provided for in Articles 10 and 11, and decisions under Article 16 c.

The programmes and measures shall commence for and be applied by all Contracting Parties two hundred days after their adoption, unless the Commission specifies another date.

Falli atkvæði ekki samhljóða, getur nefndin engu að síður samþykkt áætlun eða aðgerðir með þremur fjórðu atkvæða nefndarmanna. Þessar áætlanir eða aðgerðir skulu hefjast, að því er varðar þá samningsaðila sem greiddu með þeim atkvæði, tvö hundruð dögum eftir að þær voru samþykktar, nema nefndin ákveði aðra dagsetningu, og að því er varðar sérhvern annan samningsaðila, jafnskjótt og hann hefur samþykkt afdráttarlaust áætlanirnar eða aðgerðirnar, en það getur hann gert hvenær sem er.

4. Nefndin getur samþykkt breytingartillögur við Viðauka A samnings þessa með þremur fjórðu atkvæða nefndarmanna, og skal hún senda þær ríkisstjórnum samningsaðila til samþykktar. Sérhver ríkisstjórn samningsaðila sem sér sér ekki fært að samþykkja breytingartillögu skal tilkynna þeirri ríkisstjórn sem er vörsluaðili samningsins skriflega þar um innan tvö hundruð daga frá því nefndin samþykkti tillögu um breytinguna. Berist engin slík tilkynning skal breytingin öðlast gildi fyrir alla samningsaðila tvö hundruð og þrjátíu dögum eftir atkvæðagreiðsluna í nefndinni. Ríkisstjórn sú sem er vörsluaðili samningsins skal tilkynna samningsaðilum eins fljótt og unnt er um móttöku sérhverrar tilkynningar.

19. gr.

Þegar Efnahagsbandalagið á hlut að máli á það rétt á jafnmörgum atkvæðum og fjöldi samningsaðila þessa samnings innan bandalagsins segir til um.

Efnahagsbandalag Evrópu skal eigi nýta atkvæðisrétt sinn í tilvikum þeim er aðildarríki þess nýta atkvæðisrétt sinn og öfugt.

20. gr.

Ríkisstjórn sú sem er vörsluaðili samningsins skal boða til fyrsta fundar nefndarinnar svo skjótt sem kostur er eftir að samningur þessi öðlast gildi.

21. gr.

Öllum ágreiningi milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa sem hlutaðeigandi aðilar geta ekki með öðrum hætti jafnað, til dæmis með rannsókn eða sáttargerð í nefndinni, skal, að beiðni einhvers þessara aðila, vísað til gerðardómsmeðferðar samkvæmt þeim skilmálum sem tilgreindir eru í Viðauka B samnings þessa.

Should unanimity not be attainable, the Commission may nonetheless adopt a programme or measures by a three quarters majority vote of its members. The programmes or measures shall commence for those Contracting Parties which voted for them two hundred days after their adoption, unless the Commission specifies another date, and for any other Contracting Party after it has explicitly accepted the programme or measures, which it may do at any time.

4. The Commission may adopt recommendations for amendments to Annex A to the present Convention by a three quarters majority vote of its members and shall submit them for the approval of the Governments of the Contracting Parties. Any Government of a Contracting Party that is unable to approve an amendment shall notify the depositary Government in writing within a period of two hundred days after the adoption of the Recommendation of amendment in the Commission. Should no such notification be received, the amendment shall enter into force for all Contracting Parties two hundred and thirty days after the vote in the Commission. The depositary Government shall notify the Contracting Parties as soon as possible of the receipt of any notification.

Article 19

Within the areas of its competence, the European Economic Community is entitled to a number of votes equal to the number of its member States which are Contracting Parties to the present Convention.

The European Economic Community shall not exercise its right to vote in cases where its member States exercise theirs and conversely.

Article 20

The depositary Government shall convene the first meeting of the Commission as soon as possible after the coming into force of the present Convention.

Article 21

Any dispute between Contracting Parties relating to the interpretation or application of the present Convention, which cannot be settled otherwise by the Parties concerned, for instance by means of inquiry or conciliation within the Commission, shall, at the request of any of those Parties, be submitted to arbitration under the conditions laid down in Annex B to the present Convention.

22. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í París dagana 4. júní 1974 til 30. júní 1975 fyrir þau ríki sem boðin var þátttaka í ráðstefnunni um samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem haldin var í París og fyrir Efnahagsbandalag Evrópu.

23. gr.

Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið til ríkisstjórnar Frakklands til vörslu.

24. gr.

1. Eftir 30. júní 1975 geta þau ríki sem vitnað er til í 22. gr. og Efnahagsbandalag Evrópu gerst aðilar að honum.

2. Frá sama tíma getur sérhver annar samningsaðili að alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem lagður var fram til undirritunar í Osló 15. febrúar 1972 gerst aðili að samningnum.

3. Frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi getur sérhvert ríki sem ekki er vitnað til í 22. gr. en á land að vatnsfarvegum sem liggja um landsvæði eins eða fleiri aðila að samningi þessum og til hafsvæðis þess sem skilgreint er í 2. gr. gerst aðili að honum.

4. Samningsaðilum er heimilt með samhljóða ákvörðun að bjóða öðrum ríkjum að gerast aðilar að samningi þessum. Í því tilviki er heimilt í samræmi við 27. gr. samnings þessa að breyta skilgreiningu hafsvæðisins í 2. gr. ef nauðsyn ber til.

5. Aðildarskjölum skal komið til ríkisstjórnar Frakklands til vörslu.

25. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag sem sjöunda fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjalið berst til vörslu.

2. Að því er varðar aðila er fullgildir, staðfestir eða samþykkir þennan samning eða gerist aðili að honum eftir að sjöunda fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjalið berst til vörslu tekur samningurinn gildi á þrítugasta degi eftir að

Article 22

The present Convention shall be open for signature at Paris, from 4th June 1974 to 30th June 1975, by the States invited to the Diplomatic Conference on the Convention for the prevention of Marine Pollution from Land-Based Sources, held at Paris, and by the European Economic Community.

Article 23

The present Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the French Republic.

Article 24

1. After 30th June 1975, the present Convention shall be open for accession by States referred to in Article 22 and by the European Economic Community.

2. The present Convention shall also be open for accession from the same date by any other Contracting Party to the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft, opened for signature at Oslo on 15th February 1972.

3. From the date of its entry into force, the present Convention shall be open for accession by any State not referred to in Article 22, located upstream on watercourses crossing the territory of one or more Contracting Parties to the present Convention and reaching the maritime area defined in Article 2.

4. The Contracting Parties may unanimously invite other States to accede to the present Convention. In that case the maritime area in Article 2 may, if necessary, be amended in accordance with Article 27 of the present Convention.

5. The instruments of accession shall be deposited with the Government of the French Republic.

Article 25

1. The present Convention shall come into force on the thirtieth day following the date of deposit of the seventh instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For each Party ratifying, accepting or approving the present Convention or acceding to it after the deposit of the seventh instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the present Convention shall enter into force on the

fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjal hans berst til vörslu.

26. gr.

Hvenær sem er að tveim árum liðnum frá því er samningur þessi öðlast gildi að því er varðar samningsaðila getur sá aðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til þeirrar ríkisstjórnar, sem er vörsluaðili samningsins. Slík tilkynning öðlast gildi einu ári eftir móttöku hennar.

27. gr.

1. Ríkisstjórn sú sem er vörsluaðili samningsins skal að beiðni nefndarinnar sem samþykkt hefur verið með tveimur þriðju atkvæða nefndarmanna boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta þessum samningi.

2. Þegar ríki gerist aðili samkvæmt 2., 3. eða 4. mgr. 24. gr. er heimilt að breyta skilgreiningu hafsvæðisins í 2. gr. að tillögu nefndarinnar samþykktri með samhljóða atkvæðum. Slíkar breytingar öðlast gildi þegar samningsaðilar hafa samþykkt þær samhljóða.

28. gr.

Ríkisstjórn sú sem er vörsluaðili samningsins skal tilkynna samningsaðilum og ríkjum þeim sem um getur í 22. gr.:

a. um undirritanir þessa samnings, um afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- og aðildarskjala og um afhendingu tilkynninga um uppsögn samkvæmt 22., 23., 24. og 26. gr.;

b. hvenær samningur þessi öðlast gildi samkvæmt 25. gr;

c. um móttöku tilkynninga um samþykki eða andmæli og um gildistöku breytinga á samningi þessum og viðaukum hans samkvæmt 18. og 27. gr.

29. gr.

Frumriti samnings þessa, en hinn franski og enski texti hans eru jafngildir, skal komið í vörslu ríkisstjórnar Frakklands, sem senda skal staðfest afrit til samningsaðila og til þeirra ríkja sem um getur í 22. gr. og skal hún einnig senda staðfest afrit til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

thirtieth day after the date of deposit by that Party of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 26

At any time after the expiry of two years from the date of coming into force of the present Convention in relation to any Contracting Party such Party may withdraw from the Convention by notice in writing to the depositary Government. Such notice shall take effect one year after the date on which it is received.

Article 27

1. The depositary Government shall, at the request of the Commission on a decision taken by a two-thirds majority of its members, call a Conference for the purpose of revising or amending the present Convention.

2. Upon accession by a State as provided for in paragraphs 2, 3 and 4 of Article 24, the maritime area in Article 2 may be amended upon a proposal by the Commission adopted by a unanimous vote. These amendments shall enter into force after unanimous approval by the Contracting Parties.

Article 28

The depositary Government shall inform the Contracting Parties and those referred to in Article 22:

a. of signatures to the present Convention, of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, and of notices of withdrawal in accordance with Articles 22, 23, 24 and 26;

b. of the date on which the present Convention comes into force in accordance with Article 25;

c. of the receipt of notifications of approval or objection, and of the entry into force of amendments to the present Convention and its Annexes, in accordance with Articles 18 and 27.

Article 29

The original of the present Convention of which the French and English texts shall be equally authentic, shall be deposited with the Government of the French Republic which shall send certified copies thereof to the Contracting Parties and the States referred to in Article 22 and shall deposit a certified copy with the Secretary General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the United Nations Charter.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna undirritað samning þennan.

GJÖRT Í PARÍS hinn 4. júní 1974.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Convention.

DONE AT PARIS, this 4th day of June 1974.

Viðauki A

Við niðurröðun efna í I., II. og III. hluta hér á eftir er tekið mið af eftirtöldum einkennum þeirra:

a. þrávirkni;

b. eitrunaráhrifum og öðrum skaðlegum áhrifum;

c. tilhneigingu til lífkeðjusöfnunar.

Þessi einkenni þurfa ekki öll að vera jafnráðandi fyrir ákveðið efni eða flokk efna og nauðsynlegt getur verið að huga að öðrum þáttum svo sem losunarstað og losunarmagni.

ANNEX A

The allocation of substances to Parts I, II and III below takes account of the following criteria:

a. persistence;

b. toxicity or other noxious properties;

c. tendency to bio-accumulation;

These criteria are not necessarily of equal importance for a particular substance or group of substances, and other factors, such as the location and quantities of the discharge, may need to be considered.

I. HLUTI

Eftirtalin efni eru sett í þennan hluta

i. vegna þess að þau brotna ekki auðveldlega niður eða verða ekki fljótt skaðlaus af völdum náttúrlegra breytinga; og

ii. vegna þess að þau geta annað hvort:

a. valdið hættulegri söfnun á skaðlegu efni í fæðukeðjuna, eða

b. stofnað velferð lífvera í hættu og haft með því óæskileg áhrif á lífkerfi hafsins, eða

c. valdið alvarlegri röskun á öflun fæðu úr sjó eða öðrum lögmætum notum hafsins; og

iii. vegna þess að álitið er að þörf sé skjótra aðgerða vegna mengunar af völdum þessara efna:

1. Lífræn halogen efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.

2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.

3. Kadmium og efnasambönd þess.

4. Varanleg gerviefni sem kunna að fljóta, mara eða sökkva og geta valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.

5. Þrávirkar olíur og olíukennd kolvetni.

Part I

The following substances are included in this Part

i. because they are not readily degradable or rendered harmless by natural processes; and

ii. because they may either:

a. give rise to dangerous accumulation of harmful material in the food chain, or

b. endanger the welfare of living organisms causing undesirable changes in the marine eco-systems, or

c. interfere seriously with the harvesting of sea foods or with other legitimate uses of the sea; and

iii. because it is considered that pollution by these substances necessitates urgent action:

1. Organohalogen compounds and substances which may form such compounds in the marine environment, excluding those which are biologically harmless, or which are rapidly converted in the sea into substances which are biologically harmless.

2. Mercury and mercury compounds.

3. Cadmium and cadmium compounds.

4. Persistent synthetic materials which may float, remain in suspension or sink, and which may seriously interfere with any legitimate use of the sea.

5. Persistent oils and hydrocarbons of petroleum origin.

II. HLUTI

Eftirtalin efni eru sett í þennan hluta, þrátt fyrir að þau sýni svipuð einkenni og efni í I. hluta og þurfi að vera undir ströngu eftirliti, vegna þess að þau virðast ekki eins skaðleg eða breytast auðveldar í óskaðleg efni í náttúrunni:

1. Lífræn efnasambönd fosfórs, silikons og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Óbundinn fosfór.
3. Olíur og olíukennd kolvetni sem ekki eru þrávirk.
4. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra:

arsen	blý
króm	nikkill
eir	zink.

5. Efni sem nefndin er sammála um að hafi skaðleg áhrif á bragð og/eða lykt neysluvara úr sjónum.

III. HLUTI

Eftirtalin efni eru sett í þennan hluta, þrátt fyrir það að þau sýni svipuð einkenni og efni þau sem talin eru upp í I. hluta og ættu að vera undir ströngu eftirliti sem miðaði að því að koma í veg fyrir og, eftir því sem við á, uppræta mengun af þeirra völdum, vegna þess að þau eru þegar tilefni rannsókna, leiðbeininga og í sumum tilvikum aðgerða á vegum ýmissa alþjóðasamtaka og stofnana; þessi efni eru háð ákvæðum 5. gr.:

— geislavirk efni þar með talið geislavirkur úrgangur.

Viðauki B

1. gr.

Ef deiluaðilar gera ekki samkomulag um annað skal gerðardómsmeðferð fara fram samkvæmt ákvæðum þessa Viðauka.

2. gr.

1. Að tilmælum eins samningsaðila til annars samkvæmt 21. gr. samningsins skal gerðardómur skipaður. Með beiðni um gerð skal tiltaka efni

Part II

The following substances are included in this Part because, although exhibiting similar characteristics to the substances in Part I and requiring strict control, they seem less noxious or are more readily rendered harmless by natural processes:

1. Organic compounds of phosphorous, silicon, and tin and substances which may form such compounds in the marine environment, excluding those which are biologically harmless, or which are rapidly converted in the sea into substances which are biologically harmless.
2. Elemental phosphorus.
3. Non-persistent oils and hydrocarbons of petroleum origin.
4. The following elements and their compounds:

Arsenic	Lead
Chromium	Nickel
Copper	Zinc

5. Substances which have been agreed by the Commission as having a deleterious effect on the taste and/or smell of products derived from the marine environment for human consumption.

Part III

The following substances are included in this Part because, although they display characteristics similar to those of substances listed in Part I and should be subject to stringent controls with the aim of preventing and, as appropriate, eliminating the pollution which they cause, they are already the subject of research, recommendations and, in some cases, measures under the auspices of several international organisations and institutions; those substances are subject to the provisions of Article 5:

— Radioactive substances, including wastes.

ANNEX B

Article 1

Unless the parties to the dispute decide otherwise, the arbitration procedure shall be in accordance with the provisions of this Annex.

Article 2

1. At the request addressed by one Contracting Party to another Contracting Party in accordance with Article 21 of the Convention, an arbitral

málsins og sérstaklega þær greinar samningsins sem ágreiningur er um varðandi túlkun eða framkvæmd.

2. Kröfuhafi skal tilkynna nefndinni að hann hafi farið þess á leit að skipaður verði gerðardómur og skal hann tiltaka nafn hins deiluaðilans og þær greinar samningsins sem að hans mati valda ágreiningi um túlkun eða framkvæmd. Nefndin skal koma slíkum upplýsingum til allra aðila að samningnum.

3. gr.

Gerðardómurinn skal skipaður þrem mönnum: hvor deiluaðili tilnefnir einn gerðardómsmann; gerðardómsmennirnir tveir sem þannig eru tilnefndir skulu koma sér saman um tilnefningu þriðja gerðardómsmannsins sem skal vera forseti gerðardómsins. Sá síðastnefndi skal ekki vera þegn annars hvors deiluaðilans eða hafa fasta búsetu á landsvæði annars hvors deiluaðilans eða vera starfandi fyrir annan hvorn eða hafa haft afskipti af málinu á einhvern annan hátt.

4. gr.

1. Hafi forseti gerðardómsins ekki verið tilnefndur innan tveggja mánaða frá því að seinni gerðardómsmaðurinn var skipaður, skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, að beiðni annars hvors aðilans, tilnefna hann innan næstu tveggja mánaða.

2. Ef annar deiluaðilinn skipar ekki gerðardómsmann innan tveggja mánaða frá móttöku tilmælanna getur hinn aðilinn tilkynnt það aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem þá skal tilnefna forseta gerðardómsins innan næstu tveggja mánaða. Síðan skal tilnefndur forseti gerðardómsins óska eftir því við aðilann sem ekki hefur skipað gerðardómsmann að gera það innan tveggja mánaða. Að þeim tíma loknum skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna þar um og skal hann þá skipa í embættið innan næstu tveggja mánaða.

5. gr.

1. Gerðardómurinn úrskurðar samkvæmt reglum þjóðaréttar og sérstaklega reglum samnings þessa.

2. Gerðardómur sem skipaður hefur verið samkvæmt ákvæðum þessa Viðauka setur sér eigin starfsreglur.

tribunal shall be constituted. The request for arbitration shall state the subject matter of the application including in particular the Articles of the Convention, the interpretation or application of which is in dispute.

2. The claimant shall inform the Commission that he has requested the setting up of an arbitral tribunal, stating the name of the other party to the dispute and the Articles of the Convention the interpretation or application of which is in his opinion in dispute. The Commission shall forward the information thus received to all Contracting Parties to the Convention.

Article 3

The arbitral tribunal shall consist of three members: each of the parties to the dispute shall appoint an arbitrator; the two arbitrators so appointed shall designate by common agreement the third arbitrator who shall be the chairman of the tribunal. The latter shall not be a national of one of the parties to the dispute, nor have his usual place of residence in the territory of one of these parties, nor be employed by any of them, nor have dealt with the case in any other capacity.

Article 4

1. If the chairman of the arbitral tribunal has not been designated within two months of the appointment of the second arbitrator, the Secretary General of the United Nations shall, at the request of either party, designate him within a further two months' period.

2. If one of the parties to the dispute does not appoint an arbitrator within two months of receipt of the request, the other party may inform the Secretary General of the United Nations who shall designate the chairman of the arbitral tribunal within a further two months' period. Upon designation, the chairman of the arbitral tribunal shall request the party which has not appointed an arbitrator to do so within two months. After such period, he shall inform the Secretary General of the United Nations who shall make this appointment within a further two months' period.

Article 5

1. The arbitral tribunal shall decide according to the rules of international law and, in particular, those of this Convention.

2. Any arbitral tribunal constituted under the provisions of this Annex shall draw up its own rules of procedure.

6. gr.

1. Ákvarðanir gerðardómsins, bæði um málsmeðferð og ágreiningsefni, skulu teknar með meiri hluta greiddra atkvæða gerðardómsmanna.

2. Dómurinn má gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afla staðreynda um málið. Hann getur, að beiðni annars aðilans, mælt með aðkallandi varúðarráðstöfunum til bráðabirgða.

3. Ef tveir eða fleiri gerðardómar, skipaðir samkvæmt ákvæðum þessa Viðauka, fást við sams konar eða hliðstæð mál geta þeir upplýst hver annan um málsmeðferð við öflun staðreynda um málið og tekið mið af þeim, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

4. Deiluaðilar skulu leggja til alla nauðsynlega aðstöðu fyrir virka málsmeðferð.

5. Fjarvera eða forföll eins deiluaðila skal ekki vera málsmeðferð til fyrirstöðu.

7. gr.

1. Úrskurði dómsins skal fylgja greinargerð. Hann skal vera endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

2. Hvorum aðila um sig er heimilt að vísa ágreiningi sem kann að rísa milli þeirra um túlkun eða framkvæmd úrskurðarins til gerðardómsins sem úrskurðinn kvað upp eða ef hann er ekki tiltækur þá til annars gerðardóms sem skipaður er í þessum tilgangi með sama hætti og fyrri gerðardómurinn.

8. gr.

Efnahagsbandalag Evrópu hefur, eins og sérhver annar samningsaðili að samningi þessum, rétt til þess að koma fyrir gerðardóminn sem sóknaraðili eða varnaraðili.

Article 6

1. The decisions of the arbitral tribunal, both on procedure and on substance, shall be taken by majority voting of its members.

2. The tribunal may take all appropriate measures in order to establish the facts. It may, at the request of one of the Parties, recommend essential interim measures of protection.

3. If two or more arbitral tribunals constituted under the provisions of this Annex are seized of requests with identical or similar subjects, they may inform themselves of the procedures for establishing the facts and take them into account as far as possible.

4. The parties to the dispute shall provide all facilities necessary for the effective conduct of the proceedings.

5. The absence or default of a party to the dispute shall not constitute an impediment to the proceedings.

Article 7

1. The award of the arbitral tribunal shall be accompanied by a statement of reasons. It shall be final and binding upon the parties to the dispute.

2. Any dispute which may arise between the parties concerning the interpretation or execution of the award may be submitted by either party to the arbitral tribunal which made the award or, if the latter cannot be seized thereof, to another arbitral tribunal constituted for this purpose in the same manner as the first.

Article 8

The European Economic Community, like any Contracting Party to the present Convention, has the right to appear as applicant or respondent before the arbitral tribunal.

LÖG

um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóvember 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd samningsins.

3. gr.

Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 2. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000—40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Ennfremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. apríl 1982 falla úr gildi lög nr. 14 30. mars 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

Gjört í Reykjavík 29. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi

SAMNINGSAÐILAR

SEM GERA SÉR LJÓST að strandríki við Norðaustur-Atlantshaf hafa í samræmi við viðeigandi grundvallarreglur í þjóðarétti fært út lögsögu sína yfir hinum lifandi auðlindum aðliggjandi hafsvæða í allt að tvöhundruð sjómílur frá grunnlínum þeim er viðátta landhelgi miðast við, og beita innan þessara svæða fullveldisrétti í því skyni að rannsaka og hagnýta, vernda og hafa stjórnun á auðlindum þessum,

SEM TAKA TILLIT TIL starfa þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að því er varðar fiskveiðar,

SEM ÓSKA þess að stuðla að verndun og bestu nýtingu á fiskveiðiauðlindum í Norðaustur-Atlantshafi á þann hátt er samrýmist útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja, og samkvæmt því hvetja til alþjóðlegrar samvinnu og samráðs að því er auðlindir þessar varðar,

SEM LÍTA SVO Á að samningurinn um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs frá 24. janúar 1959 ætti því að víkja,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Svæði það sem samningur þessi nær til, hér á eftir nefnt „samningssvæðið", er hafsvæði

a. innan þess hluta Atlantshafsins og Norður-Íshafsins og aðliggjandi hafsvæða sem er norðan 36° n. br. og milli 42° v. l. og 51° a. l., að undanteknu:

i. Eystrasalti og sundunum sunnan og austan lína sem liggja frá Hasenörehöfða til Gnibentanga, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen, og

ii. Miðjarðarhafi og aðliggjandi hafsvæðum að skurðpunkti 36° n. br. og 5° 36′ v. l.

CONVENTION

on Future Multilateral Cooperation in North-East Atlantic Fisheries

The Contracting Parties,

Noting that the coastal states of the North-East Atlantic have, in accordance with relevant principles of international law, extended their jurisdiction over the living resources of their adjacent waters to limits of up to two hundred nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, and exercise within these areas sovereign rights for the purpose of exploring and exploiting, conserving and managing these resources,

Taking into account the work of the Third United Nations Conference on the Law of the Sea in the field of fisheries,

Desiring to promote the conservation and optimum utilisation of the fishery resources of the North-East Atlantic area within a framework appropriate to the régime of extended coastal state jurisdiction over fisheries, and accordingly to encourage international cooperation and consultation with respect to these resources,

Considering that the North-East Atlantic Fisheries Convention of 24 January 1959 should accordingly be replaced,

Have agreed as follows:

Article 1

1. The area to which this Convention applies, hereinafter referred to as "the Convention Area", shall be the waters:

(*a*) within those parts of the Atlantic and Arctic Oceans and their dependent seas which lie north of 36° north latitude and between 42° west longitude and 51° east longitude, but excluding:

(i) the Baltic Sea and the Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point, from Korshage to Spodsbierg and from Gilbierg Head to the Kullen, and

(ii) the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the point of intersection of the parallel of 36° latitude and the meridian of 5°36′ west longitude,

b. á Atlantshafinu fyrir norðan 59° n. br. og milli 44° v. l. og 42° v. l.

2. Samningur þessi tekur til allra fiskiauðlinda á samningssvæðinu að undanteknum sjóspendýrum, botntegundum, þ. e. lífverum sem á þeim tíma er þær má nýta eru annað hvort kyrrstæðar á hafsbotninum eða undir honum eða geta ekki hreyft sig nema í stöðugri snertingu við hafsbotninn eða botnlögin og, að svo miklu leyti sem fjallað er um þær í öðrum alþjóðasamningum, fartegundum og tegundum sem leita aftur upp í ár.

2. gr.

Ekkert í samningi þessum skal talið hafa áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir nokkurs samningsaðila varðandi mörk eða víðáttu fiskveiðilögsögu.

3. gr.

1. Með samningi þessum samþykkja samningsaðilar að setja á stofn og starfrækja Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefnd, hér á eftir kölluð „nefndin".

2. Nefndin skal vera lögaðili og njóta í samskiptum sínum við aðrar alþjóðastofnanir og á landssvæðum samningsaðila þeirrar réttarstöðu er nauðsynleg kann að vera til að ræk ja störf sín og ná tilgangi sínum.

3. Sérhver samningsaðili skal tilnefna í nefndina allt að tveimur fulltrúum sem mega hafa með sér á fundum hennar sérfræðinga og ráðunauta.

4. Nefndin kýs sér sjálf forseta og eigi fleiri en tvo varaforseta.

5. Skrifstofa nefndarinnar skal vera í London.

6. Ákveði nefndin ekki annað skal hún koma saman einu sinni á ári í London á þeim tíma sem hún ákveður, að því þó tilskildu að, að ósk samningsaðila og með samþykki þriggja annarra samningsaðila, skuli forsetinn, svo fljótt sem auðið er, kveðja til fundar á þeim stað og tíma sem hann ákveður.

7. Nefndin skipar framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir þörfum.

8. Nefndinni er heimilt að stofna nefndir og aðrar undirdeildir eftir því sem hún telur æskilegt til að annast skyldur sínar og störf.

(*b*) within that part of the Atlantic Ocean north of 59° north latitude and between 44° west longitude and 42° west longitude.

2. This Convention applies to all fishery resources of the Convention Area with the exception of sea mammals, sedentary species, i.e. organisms which, at the harvestable stage, either are immobile on or under the seabed or are unable to move except in constant physical contact with the seabed or the subsoil and, in so far as they are dealt with by other international agreements, highly migratory species and anadromous stocks.

Article 2

Nothing in this Convention shall be deemed to affect the rights, claims, or views of any Contracting Party with regard to the limits or extent of jurisdiction over fisheries.

Article 3

1. For the purposes of this Convention the Contracting Parties agree to establish and maintain a North-East Atlantic Fisheries Commission, hereinafter referred to as "the Commission".

2. The Commission shall have legal personality and shall enjoy in its relations with other international organisations and in the territories of the Contracting Parties such legal capacity as may be necessary to perform its functions and achieve its ends.

3. Each Contracting Party shall appoint to the Commission not more than two representatives who may be accompanied at any of its meetings by experts and advisers.

4. The Commission shall elect its own President and not more than two Vice-Presidents.

5. The Office of the Commission shall be in London.

6. Except when the Commission determines otherwise, it shall meet once a year in London at such times as it decides; provided, however, that upon the request of a Contracting Party and subject to the concurrence of three other Contracting Parties, the President shall, as soon as practicable, convene a meeting at such time and place as he may determine.

7. The Commission shall appoint its own Secretary and such other staff as it may require.

8. The Commission may set up such Committees and other subsidiary bodies as it considers desirable for the exercise of its duties and functions.

9. Sérhver samningsaðili skal fara með eitt atkvæði í nefndinni. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta einfaldan meirihluta eða, áskilji samningur þessi sérstaklega vegin meirihluta, tvo þriðju hluta atkvæða allra samningsaðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða með eða á móti, að því tilskildu að engin atkvæðagreiðsla skal fara fram nema a. m. k. tveir þriðju samningsaðila séu viðstaddir. Nú skiptast atkvæði jafnt um málefni sem hlítir einföldum meirihluta, og skoðast tillagan þá felld.

10. Nefndin setur sér fundarsköp í samræmi við ákvæði þessarar greinar, þar með talin ákvæði um kjör forseta og varaforseta og um kjörtíma þeirra.

11. Fundargerðir nefndarinnar skal senda svo fljótt sem auðið er til samningsaðila á ensku og frönsku.

9. Each Contracting Party shall have one vote in the Commission. Decisions of the Commission shall be taken by a simple majority, or, if this Convention specifically requires a qualified majority, by a two-thirds majority of the votes of all Contracting Parties present and casting affirmative or negative votes, provided that no vote shall be taken unless there is a quorum of at least two-thirds of the Contracting Parties. If there is an even division of votes on any matter which is subject to a simple majority decision, the proposal shall be regarded as rejected.

10. Subject to the provisions of this Article, the Commission shall adopt its own Rules of Procedure, including provisions for the election of the President and Vice-Presidents and their terms of office.

11. Reports of the proceedings of the Commission shall be transmitted as soon as possible to the Contracting Parties in English and French.

4. gr.

1. Nefndin skal rækja störf sín til verndunar og bestu nýtingar á fiskiauðlindum innan samningssvæðisins og taka mið af bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.

2. Nefndin skal vera vettvangur samráðs og skipta á upplýsingum um ástand fiskiauðlinda innan samningssvæðisins og stjórnunarstefnur, þar með talið könnun á heildaráhrifum þeirra stefna á fiskiauðlindirnar.

Article 4

1. The Commission shall perform its functions in the interests of the conservation and optimum utilisation of the fishery resources of the Convention Area and shall take into account the best scientific evidence available to it.

2. The Commission shall provide a forum for consultation and exchange of information on the state of the fishery resources in the Convention Area and on management policies, including examination of the overall effect of such policies on the fishery resources.

5. gr.

1. Nefndin skal þar sem það á við gera ályktanir um fiskveiðar utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila. Slíkar ályktanir skulu gerðar með vegnum meirihluta.

2. Við framkvæmd starfa sinna samkvæmt 1. mgr. skal nefndin leitast við að tryggja samræmi milli:

a. sérhverrar ályktunar er varðar fiskstofn eða fjölda fiskstofna sem fyrirfinnast bæði innan svæðis er lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila og utan þess, eða sérhverrar ályktunar sem hafa myndi áhrif vegna tengsla tegunda á fiskstofn eða fjölda fiskstofna sem fyrirfinnast að öllu leyti eða að hluta á svæði er lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila, og

Article 5

1. The Commission shall, as appropriate, make recommendations concerning fisheries conducted beyond the areas under fisheries jurisdiction of Contracting Parties. Such recommendations shall be adopted by a qualified majority.

2. The Commission in the exercise of its functions under paragraph 1 shall seek to ensure consistency between:

(a) any recommendation that applies to a stock or group of stocks occurring both within an area under the fisheries jurisdiction of a Contracting Party and beyond, or any recommendation that would have an effect through species inter-relationships on a stock or group of stocks occurring in whole or in part within an area under the fisheries jurisdiction of a Contracting Party, and

b. sérhverra ráðstafana og ákvarðana sem teknar eru af samningsaðila til stjórnunar og verndunar þess fiskstofns eða fjölda fiskstofna hvað snertir fiskveiðar sem fram fara innan svæðis er lýtur fiskveiðilögsögu þess.
Samningsaðili sá er í hlut á og nefndin skulu samkvæmt þessu beita sér fyrir samræmingu slíkra ályktana, ráðstafana og ákvarðana.

3. Til þess að 2. mgr. nái tilgangi sínum skal hver samningsaðili jafnan láta nefndinni í té upplýsingar um ráðstafanir og ákvarðanir sínar.

6. gr.

1. Nefndin má gera ályktanir varðandi fiskveiðar sem fram fara innan svæðis í fiskveiðilögsögu samningsaðila að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili óski þess og hann greiði ályktun þar um atkvæði.

2. Nefndin getur verið ráðgefandi um þær fiskveiðar er um getur í 1. mgr. ef hlutaðeigandi samningsaðili óskar þess.

7. gr.

Við framkvæmd starfa sinna samkvæmt 5. og 6. gr. má nefndin íhuga meðal annars ráðstafanir varðandi

a. reglur um veiðarfæri og útbúnað, þar á meðal möskvastærð fiskneta,

b. reglur um lágmarksstærð fisks sem skip mega hirða, landa, sýna eða bjóða til sölu,

c. ákvörðun um lokun á tilteknum tímum eða um lokuð svæði,

d. eflingu eða aukningu fiskiauðlinda, og getur til þess talist tækniklak og flutningur lífvera og seiða,

e. ákvörðun á hámarksafla og skiptingu hans milli samningsaðila,

f. stjórnun fiskveiðisóknarinnar og skiptingu hennar milli samningsaðila.

8. gr.

1. Nefndin má gera ályktanir með vegnum meirihluta varðandi ráðstafanir um eftirlit með fiskveiðum sem fram fara utan svæða sem lúta fiskveiðilögsögu samningsaðila til þess að tryggja

(*b*) any measures and decisions taken by such Contracting Party for the management and conservation of that stock or group of stocks with respect to fisheries conducted within the area under its fisheries jurisdiction.
The appropriate Contracting Party and the Commission shall accordingly promote the coordination of such recommendations, measures and decisions.

3. For the purpose of paragraph 2 each Contracting Party shall keep the Commission informed of its measures and decisions.

Article 6

1. The Commission may make recommendations concerning fisheries conducted within an area under fisheries jurisdiction of a Contracting Party, provided that the Contracting Party in question so requests and the recommendation receives its affirmative vote.

2. The Commission may give advice concerning fisheries referred to in paragraph 1 if the Contracting Party in question so requests.

Article 7

In the exercise of its functions, as set out in Articles 5 and 6, the Commission may consider *inter alia* measures for:

(*a*) the regulation of fishing gear and appliances, including the size of mesh of fishing nets,

(*b*) the regulation of the size limits of fish that may be retained on board vessels, or landed or exposed or offered for sale,

(*c*) the establishment of closed seasons and of closed areas,

(*d*) the improvement and increase of fishery resources, which may include artificial propagation, the transplantation of organisms and the transplantation of young,

(*e*) the establishment of total allowable catches and their allocation to Contracting Parties,

(*f*) the regulation of the amount of fishing effort and its allocation to Contracting Parties.

Article 8

1. The Commission may by a qualified majority make recommendations concerning measures of control relating to fisheries conducted beyond areas under the fisheries jurisdiction of Contract-

framkvæmd samnings þessa og sérhverra ályktana sem gerðar eru samkvæmt honum.

2. Nefndin má einnig gera ályktanir varðandi ráðstafanir um eftirlit með fiskveiðum sem fram fara innan svæðis sem lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili óski þess og að hann greiði ályktun þar um atkvæði.

3. Ályktanir sem gerðar eru samkvæmt þessari grein mega fela í sér ákvæði um uppsögn önnur en þau sem gert er ráð fyrir í 13. gr.

9. gr.

1. Nefndin má gera ályktanir með vegnum meirihluta sem kveða á um söfnun tölfræðilegra upplýsinga um fiskveiðar sem fram fara utan svæða sem lúta fiskveiðilögsögu samningsaðila.

2. Nefndin má einnig gera ályktanir sem gera ráð fyrir söfnun tölfræðilegra upplýsinga um fiskveiðar sem fram fara innan svæðis sem lýtur fiskveiðilögsögu samningsaðila að því tilskildu að sá samningsaðili greiði ályktun þar um atkvæði.

10. gr.

Þegar nefndin gerir ályktanir skal hún ákveða hvort og með hvaða skilyrðum þær ályktanir skuli taka til fiskveiða sem fram fara einungis vegna vísindarannsókna sem framkvæmdar eru í samræmi við viðeigandi grundvallarreglur þjóðaréttar.

11. gr.

1. Nefndin skal án ótilhlýðilegs dráttar tilkynna samningsaðilum um ályktanir sem hún gerir samkvæmt samningi þessum.

2. Nefndin má gefa út eða dreifa á annan hátt skýrslum um starfsemi sína og öðrum upplýsingum varðandi fiskveiðar á samningssvæðinu.

12. gr.

1. Ályktun verður bindandi fyrir samningsaðila samkvæmt ákvæðum greinar þessarar og tekur gildi þann dag er nefndin ákveður, þó eigi fyrr en

ing Parties for the purpose of ensuring the application of this Convention and any recommendations adopted thereunder.

2. The Commission may also make recommendations concerning measures of control relating to fisheries conducted within an area under the fisheries jurisdiction of a Contracting Party, provided that the Contracting Party in question so requests and the recommendation receives its affirmative vote.

3. Recommendations adopted under this Article may include provisions for termination different from those provided for in Article 13.

Article 9

1. The Commission may by a qualified majority make recommendations providing for the collection of statistical information relating to fisheries conducted beyond areas under the fisheries jurisdiction of Contracting Parties.

2. The Commission may also make recommendations providing for the collection of statistical information relating to fisheries conducted within an area under the fisheries jurisdiction of a Contracting Party, provided that the recommendation receives the affirmative vote of that Contracting Party.

Article 10

When adopting recommendations the Commission shall determine whether, and under which conditions, those recommendations shall apply to fishing operations conducted solely for the purpose of scientific investigation carried out according to relevant principles and rules of international law.

Article 11

1. The Commission shall, without undue delay, notify the Contracting Parties of the recommendations adopted by the Commission under this Convention.

2. The Commission may publish or otherwise disseminate reports of its activities and other information relating to the fisheries in the Convention Area.

Article 12

1. A recommendation shall become binding on the Contracting Parties subject to the provisions of this Article and shall enter into force on a date

30 dögum eftir lok tímabils eða tímabila til mótmæla sem gert er ráð fyrir í grein þessari.

2. a. Sérhver samningsaðili má mótmæla ályktun sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 9. gr. innan 50 daga frá dagsetningu tilkynningar um hana. Komi slík mótmæli fram má sérhver annar samningsaðili á sama hátt mótmæla innan 40 daga eftir að hafa fengið tilkynningu um þau mótmæli. Komi einhver mótmæli fram innan þessa síðara 40 daga tímabils mega aðrir samningsaðilar bera fram mótmæli innan 40 daga lokatímabils eftir að hafa fengið tilkynningu um þau mótmæli.

b. Ályktun skal ekki binda samningsaðila sem hefur mótmælt henni.

c. Ef þrír eða fleiri samningsaðilar hafa mótmælt ályktun skal hún ekki binda neinn samningsaðila.

d. Samningsaðili sem hefur mótmælt ályktun má hvenær sem er draga mótmæli til baka og skal hann þá vera bundinn af ályktuninni innan 70 daga eða frá þeirri dagsetningu sem nefndin ákveður samkvæmt 1. mgr., hvort sem seinna er, nema þegar ályktunin er ekki bindandi fyrir neinn samningsaðila samkvæmt ákvæðum c-liðar.

e. Sé ályktun ekki bindandi fyrir neinn samningsaðila mega tveir eða fleiri samningsaðilar eigi að síður hvenær sem er samþykkja sín á milli að láta hana koma til framkvæmda, en í slíku tilviki skulu þau þegar í stað tilkynna nefndinni um það.

3. Hafi ályktun verið gerð samkvæmt 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. eða 2. mgr. 9. gr. má, innan 60 daga frá dagsetningu tilkynningar um ályktunina, eingöngu sá samningsaðili sem fer með fiskveiðilögsögu á umræddu svæði mótmæla henni og verður ályktunin þá ekki bindandi fyrir neinn samningsaðila.

4. Nefndin skal tilkynna samningsaðilunum um sérhver mótmæli og sérhverja afturköllun jafnskjótt og hún hefur móttekið slíkt og um gildistöku sérhverrar ályktunar og sérhvers samkomulags sem gert er samkvæmt 2. mgr. e.

determined by the Commission, which shall not be before 30 days after the expiration of the period or periods of objection provided for in this Article.

2. (*a*) Any Contracting Party may, within 50 days of the date of notification of a recommendation adopted under paragraph 1 of Article 5, under paragraph 1 of Article 8 or under paragraph 1 of Article 9, object thereto. In the event of such an objection, any other Contracting Party may similarly object within 40 days after receiving notification of that objection. If any objection is made within this further period of 40 days, other Contracting Parties are allowed a final period of 40 days after receiving notification of that objection in which to lodge objections.

(*b*) A recommendation shall not become binding on a Contracting Party which has objected thereto.

(*c*) If three or more Contracting Parties have objected to a recommendation it shall not become binding on any Contracting Party.

(*d*) Except when a recommendation is not binding on any Contracting Party according to the provisions of sub-paragraph (*c*), a Contracting Party which has objected to a recommendation may at any time withdraw that objection and shall then be bound by the recommendation within 70 days, or as from the date determined by the Commission under paragraph 1, whichever is the later.

(*e*) If a recommendation is not binding on any Contracting Party, two or more Contracting Parties may nevertheless at any time agree among themselves to give effect thereto, in which event they shall immediately notify the Commission accordingly.

3. In the case of a recommendation adopted under paragraph 1 of Article 6, under paragraph 2 of Article 8, or under paragraph 2 of Article 9, only the Contracting Party exercising fisheries jurisdiction in the area in question may, within 60 days of the date of notification of the recommendation, object thereto, in which case the recommendation shall not become binding on any Contracting Party.

4. The Commission shall notify the Contracting Parties of any objection and withdrawal immediately upon the receipt thereof, and of the entry into force of any recommendation and of the entry into effect of any agreement made pursuant to sub-paragraph (*e*) of paragraph 2.

13. gr.

1. a. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er að ári liðnu frá gildistöku ályktunar sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 8. gr. eða 1. mgr. 9. gr. tilkynnt nefndinni að hann samþykki ekki lengur ályktunina og, sé tilkynningin ekki afturkölluð, skal ályktunin ekki lengur vera bindandi fyrir þann samningsaðila að ári liðnu frá dagsetningu tilkynningarinnar.

b. Ályktun sem hefur misst gildi sitt gagnvart samningsaðila skal eigi vera bindandi fyrir neinn annan samningsaðila 30 dögum eftir þann dag sem hinn síðarnefndi tilkynnir nefndinni að hann samþykki ekki lengur ályktunina.

2. Hafi ályktanir verið gerðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr. eða 2. mgr. 9. gr. má einungis sá samningsaðili sem fer með fiskveiðilögsögu á umræddu svæði tilkynna nefndinni að hann samþykki ekki lengur ályktunina og skal hún þá ekki lengur vera bindandi fyrir neinn samningsaðila að liðnum 90 dögum frá dagsetningu tilkynningarinnar.

3. Nefndin skal tilkynna samningsaðilunum um sérhverja tilkynningu samkvæmt þessari grein þegar hún hefur móttekið hana.

Article 13

1. (*a*) After the expiration of one year from the date of entry into force of a recommendation adopted under paragraph 1 of Article 5, paragraph 1 of Article 8 or paragraph 1 of Article 9, any Contracting Party may notify the Commission of the termination of its acceptance of the recommendation and, if that notification is not withdrawn, the recommendation shall cease to be binding on that Contracting Party at the end of one year from the date of notification.

(*b*) A recommendation which has ceased to be binding on a Contracting Party shall cease to be binding on any other Contracting Party 30 days after the date on which the latter notifies the Commission of the termination of its acceptance of the recommendation.

2. In the case of recommendations adopted under paragraph 1 of Article 6, paragraph 2 of Article 8 or paragraph 2 of Article 9, only the Contracting Party exercising fisheries jurisdiction in the area in question may notify the Commission of termination of its acceptance of the recommendation, in which event it shall cease to be binding on any Contracting Party at the end of 90 days from the date of the notification.

3. The Commission shall notify the Contracting Parties of any notification under this Article immediately upon the receipt thereof.

14. gr.

1. Til þess að tryggja sem besta framkvæmd þeirrar starfsemi sem um getur í 4., 5. og 6. gr. skal nefndin leita upplýsinga og ráða hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu. Slíkra upplýsinga og ráða skal leita um mál sem varða starfsemi nefndarinnar og falla undir valdsvið ráðsins, þar á meðal upplýsinga og ráða um líffræði og stofnstærðardreifingu þeirra fisktegunda sem um ræðir, ástand fiskstofna, áhrif veiða á þá stofna og ráðstafanir til verndunar þeirra og stjórnunar.

2. Til þess að auðvelda störf Alþjóðahafrannsóknaráðsins við að láta nefndinni í té upplýsingar og ráð skal nefndin leitast við að gera í samráði við ráðið ráðstafanir til þess að tryggja að hvatt sé til rannsókna í þessum tilgangi, þar með talinna sameiginlegra rannsókna, og að þær séu framkvæmdar eftir bestu getu og án ótilhlýðilegs dráttar.

Article 14

1. In the interest of the optimal performance of the functions set out in Articles 4, 5 and 6, the Commission shall seek information and advice from the International Council for the Exploration of the Sea. Such information and advice shall be sought on matters related to the Commission's activites and falling within the competence of the Council, including information and advice on the biology and population dynamics of the fish species concerned, the state of the fish stocks, the effect of fishing on those stocks, and measures for their conservation and management.

2. In order to facilitate the tasks of the International Council for the Exploration of the Sea in providing information and advice to the Commission, the Commission shall seek to establish, in cooperation with the Council, arrangements to ensure that research studies for this purpose, including joint studies, are encouraged and conducted efficiently and without undue delay.

3. Nefndin má stofna til vinnusamstarfs við hverja aðra alþjóðastofnun sem hefur svipað markmið.

15. gr.

1. Án þess að það hafi áhrif á rétt samningsaðilanna varðandi hafsvæði sem lúta fiskveiðilögsögu þeirra, skulu samningsaðilar gera þær ráðstafanir, þar á meðal setja hæfileg viðurlög við brotum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að láta ákvæði samnings þessa ná fram að ganga og að sérhver ályktun sem verður bindandi samkvæmt 12. gr. komist í framkvæmd.

2. Sérhver samningsaðili skal senda nefndinni árlega skýrslu um ráðstafanir þær sem hann hefur gert samkvæmt 1. mgr.

16. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal tilkynna nefndinni um löggjöf sína og samninga sem hann kann að hafa gert að svo miklu leyti sem þessi löggjöf og samningar varða verndun og nýtingu á fiskiauðlindum á samningssvæðinu.

2. Sérhver samningsaðili skal að beiðni nefndarinnar láta í té allar tiltækar vísindalegar og tölfræðilegar upplýsingar sem þörf er á til þess að samningur þessi nái tilgangi sínum og aðrar þær upplýsingar sem þurfa þykir samkvæmt 9. gr.

17. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal greiða kostnað vegna eigin sendinefndar á fundum sem haldnir eru samkvæmt samningi þessum.

2. Á fyrsta fundi sínum skal nefndin samþykkja fjárhagsáætlun fyrir fyrsta fjárhagsár sitt. Á þessum fundi má nefndin líka, ef það þykir henta, samþykkja fjárhagsáætlun fyrir annað fjárhagsárið.

3. Á hverjum ársfundi skal nefndin samþykkja fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár og spá um fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár þar á eftir. Uppkast að fjárhagsáætlun og uppkast að spá um fjárhagsáætlun skal forseti nefndarinnar leggja fyrir samningsaðilana eigi síðar en 40 dögum fyrir þann fund nefndarinnar þar sem taka skal þau til athugunar.

4. Nefndin ákveður framlög sem hverjum samningsaðila ber að greiða samkvæmt hinni ár-

3. The Commission may establish working arrangements with any other international organisation which has related objectives.

Article 15

1. Without prejudice to the rights of Contracting Parties in regard to waters under their fisheries jurisdiction, the Contracting Parties shall take such action, including the imposition of adequate sanctions for infractions, as may be necessary to make effective the provisions of this Convention and to implement any recommendation which becomes binding under Article 12.

2. Each Contracting Party shall transmit to the Commission an annual statement of the actions it has taken pursuant to paragraph 1.

Article 16

1. Each Contracting Party shall inform the Commission of its legislative measures and of any agreements which it may have concluded, in so far as those measures and agreements relate to the conservation and utilisation of fisheries resources in the Convention Area.

2. Each Contracting Party shall furnish on the request of the Commission any available scientific and statistical information needed for the purposes of this Convention and such additional information as may be required under Article 9.

Article 17

1. Each Contracting Party shall pay the expenses of its own delegation to all meetings held under this Convention.

2. At its first meeting the Commission shall adopt a budget for its first financial year. At this meeting the Commission may also, as appropriate, adopt a budget for the second financial year.

3. At each annual session the Commission shall adopt a budget for the following financial year and a budget estimate for the financial year following thereafter. A draft budget and draft budget estimate shall be submitted by the President of the Commission to the Contracting Parties not less than 40 days before the meeting of the Commission at which they are to be considered.

4. The Commission shall determine the contributions due from each Contracting Party under

legu fjárhagsáætlun samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Einn þriðji af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptist jafnt milli samningsaðila,

b. tveir þriðju af heildarupphæð fjárhagsáætlunar skiptast milli samningsaðila í hlutfalli við afla þeirra á samningssvæðinu upp úr sjó á grundvelli endanlegra aflatalna Alþjóðahafrannsóknaráðsins á almanaksárinu sem lýkur eigi síðar en 24 og eigi fyrr en 18 mánuðum fyrir upphaf fjárhagsársins,

c. árlegt framlag samningsaðila sem hefur færri en 300.000 íbúa skal þó takmarkað við 5% heildarupphæðar fjárhagsáætlunarinnar. Þegar framlag er þannig takmarkað skiptast eftirstöðvar fjárhagsáætlunarinnar milli hinna samningsaðilanna í samræmi við a- og b-lið. Regla þessi skal gilda fyrstu fimm fjárhagsár nefndarinnar og síðan skal nefndin endurskoða hana árlega og má hún breyta henni með ákvörðun sem tekin er með þremur fjórðu meirihluta allra samningsaðilanna.

5. Nefndin skal tilkynna hverjum samningsaðila upphæð framlags sem honum ber að greiða samkvæmt 4. mgr. og innan hvaða dags nefndin hefur ákveðið að greiðslu þessa skuli inna af hendi.

6. Framlag samningsaðila sem gerst hefur aðili að samningi þessum fyrir lok fjárhagsárs skal fyrir það ár greiða hluta í hlutfalli við fjölda heilla mánaða ársins sem óliðnir eru miðað við ársframlag sem reiknað er samkvæmt 4. mgr.

7. Framlög skulu greiðast í mynt þess ríkis þar sem skrifstofa nefndarinnar er staðsett.

8. Hafi samningsaðili ekki staðið skil á framlögum sínum fyrir þann dag sem nefndin hefur ákveðið í tvö ár skal hann ekki eiga rétt á að greiða atkvæði og koma á framfæri mótmælum samkvæmt samningi þessum fyrr en hann hefur fullnægt skyldum sínum, nema nefndin ákveði öðruvísi að ósk þess samningsaðila sem í hlut á.

9. Nefndin skal samþykkja reglur um fundarsköp varðandi fjármál sín.

the annual budgets according to the following formula:

(*a*) one-third of the budget shall be divided equally among the Contracting Parties,

(*b*) two-thirds of the budget shall be divided among the Contracting Parties in proportion to their nominal catches in the Convention Area, on the basis of the International Council for the Exploration of the Sea definitive catch statistics for the calendar year ending not more than 24 and not less than 18 months before the beginning of the budget year,

(*c*) however, the annual contribution of any Contracting Party which has a population of less than 300,000 inhabitants shall be limited to a maximum of 5% of the total budget. When this contribution is so limited, the remaining part of the budget shall be divided among the other Contracting Parties in accordance with sub-paragraphs (*a*) and (*b*). This rule shall be effective for the first five budget years of the Commission and thereafter it shall be subject to annual review by the Commission which may change it by a decision adopted by a three-fourths majority of all Contracting Parties.

5. The Commission shall notify each Contracting Party of the contribution due from that Party as determined under paragraph 4 and of the date as determined by the Commission by which this contribution shall be paid.

6. The contribution of a Contracting Party which has acceded to this Convention during the course of a financial year shall, in respect of that year, be a part proportional to the number of complete months remaining in the year of the annual contribution calculated in accordance with paragraph 4.

7. Contributions shall be payable in the currency of the country in which the Office of the Commission is located.

8. A Contracting Party which has not paid by the date determined by the Commission its contributions for two years shall not enjoy the right of casting votes and of making objections under this Convention until it has fulfilled its obligations, unless, at the request of the Contracting Party concerned, the Commission decides otherwise.

9. The Commission shall adopt rules for the conduct of its financial affairs.

18. gr.

Nefndin má með vegnum meirihluta skipta samningssvæðinu niður í svæði og má breyta mörkum og fjölda svæðanna að því tilskildu að sérhver samningsaðili sem hefur fiskveiðilögsögu í einhverjum hluta umrædds svæðis greiði ákvörðuninni atkvæði.

Article 18

By a qualified majority the Commission may sub-divide the Convention Area into regions and may alter the boundaries and vary the number of regions provided that the decision receives the affirmative vote of each Contracting Party exercising fisheries jurisdiction in any part of the area affected.

19. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur komið fram með tillögu um breytingu á samningi þessum. Sérhver slík tillaga um breytingu skal send framkvæmdastjóranum a. m. k. 90 dögum fyrir fund þann sem samningsaðilinn leggur til að tillagan verði afgreidd á. Framkvæmdastjórinn skal tafarlaust senda tillöguna til samningsaðilanna.

2. Til þess að tillaga um breytingu hljóti samþykki þarf þrjá fjórðu meirihluta allra samningsaðila. Texta samþykktrar breytingar skal nefndin senda vörsluríkinu sem skal tafarlaust senda hana samningsaðilunum.

3. Breyting skal taka gildi fyrir samningsaðilana 120 dögum eftir dagsetningu tilkynningar vörsluríkisins um móttöku skriflegs samþykkis þriggja fjórðu hluta allra samningsaðila, nema einhver hinna samningsaðilanna tilkynni vörsluríkinu innan 90 daga frá dagsetningu tilkynningar vörsluríkisins um slíka móttöku að það mótmæli breytingunni, og skal þá breytingin ekki taka gildi fyrir neinn samningsaðila. Samningsaðili sem hefur mótmælt breytingu getur hvenær sem er afturkallað mótmæli sín. Séu öll mótmæli við breytingu afturkölluð skal breytingin taka gildi gagnvart öllum samningsaðilum 120 dögum eftir dagsetningu tilkynningar vörsluríkisins um móttöku síðustu afturköllunar.

4. Aðili sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að breyting hefur verið samþykkt í samræmi við 2. mgr. skal talinn hafa samþykkt breytinguna.

5. Vörsluríkið skal tafarlaust tilkynna samningsaðilunum móttöku tilkynninga um samþykki á breytingum, móttöku tilkynninga um mótmæli eða afturköllun mótmæla og gildistöku breytinga.

Article 19

1. Any Contracting Party may propose amendments to this Convention. Any such proposed amendment shall be sent to the Secretary at least 90 days prior to the meeting at which the Contracting Party proposes it to be acted upon. The Secretary shall transmit the proposal immediately to the Contracting Parties.

2. The adoption of a proposed amendment requires a three-fourths majority of all Contracting Parties. The text of any proposed amendment so adopted shall be transmitted by the Commission to the Depositary which shall forthwith forward it to the Contracting Parties.

Komi í ljós á skattframtali fyrir tekjuárið 1979 að skattaðili hafi ekki talið fram til skatts á liðnum árum eignir sem um ræðir í 78. gr. eða tekjur af þeim, sem skattfrjálsar hafa verið við viss skilyrði, skal eigi lagður eignarskattur vegna fyrri ára á hinar óframtöldu fjárhæðir né tekjuskattur á tekjur af fjármunum þessum, enda hafi eignir þessar myndast fyrir ársbyrjun 1978.

VII

Þann hluta gengistaps eða verðbóta sem fallið hefur á skuldir fyrir gildistöku laga þessara og enn er ógjaldfærður, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal gjaldfæra sérstaklega án endurmats með sama hætti og gert hefur verið samkvæmt eldri lögum. Þó skal skattaðila jafnan vera heimilt að gjaldfæra eftirstöðvarnar með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1979.

Ákvæði þetta gildir um gengistap og verðbætur hvort sem það hefur verið fært til hækkunar á heildarfyrningarverði eða fyrnt sérstaklega.

Gengistap og verðbætur, er um ræðir í þessu ákvæði, skulu ekki teljast til skattskyldrar eignar.

VIII

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 4. tl. 74. gr. skal heimilt að færa matsverð vörubirgða í árslok 1979 niður um 25%. Síðan skal hámark niðurfærsluheimildarinnar lækka um 5% árlega uns 10% markinu er náð í árslok 1982.

IX

Hafi skattaðili fyrir gildistöku laga þessara notað heimild í 11. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/1971 til frestunar skattlagningar söluhagnaðar og slíkur hagnaður hefur ekki verið tekjufærður í árslok 1978 skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður. Heimilt er skattaðila að fyrna eignir þær, sem um ræðir í 32. gr. þessara laga, um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði framreiknuðum á því ári þegar söluhagnaðurinn færist til tekna. Ákvæði þessara laga um tímalengd frestunar talið frá söluári gilda einnig um ótekjufærðan söluhagnað samkvæmt eldri lögum.

X

Þrátt fyrir ákvæði XIII kafla laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda, eftir því sem við á, um greiðslu opinberra gjalda á fyrri hluta ársins 1980.

XI

Þrátt fyrir ákvæði III kafla laga nr. 51/1968 um bókhald, XII kafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög og laga nr. 46/1937 um samvinnufélög, sbr. 2. málslið 1. mgr. 91. gr. þessara laga, er öllum bókhaldsskyldum aðilum heimilt að miða gerð ársreikninga sinna við ákvæði þessara laga að því er varðar endurmat, fyrningar og færslu vegna verðbreytinga. Lögin raska þó ekki ákvæðum tilvitnaðra laga um að eignir í ársreikningi skuli ekki tilfæra með hærra verði en raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

XII

Við skattlagningu á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu lán með sjálfskuldarábyrgð til tveggja ára eða lengri tíma lögð að jöfnu við sambærileg fasteignaveðlán að því er varðar frádráttarbærni vaxtagjalda, sbr. 1. tölulið E-liðs 1. mgr. 30. gr. laga þessara.

XIII

Ríkisskattstjóri getur veitt gjaldendum heimild til fyrningar skv. 1. mgr. 44. gr. vegna rekstrarársins 1979, enda komi fram umsókn um það frá gjaldanda.

Fjármálaráðherra skal fela ríkisskattstjóra að kanna í hvaða mæli reglur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum, hafa leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skal könnum þessari lokið fyrir nóvemberlok 1981 og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi.

Ákvæði 1. mgr. 98. gr. varðandi samningu og framlagningu álagningarskrár öðlist ekki gildi fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981 og eigna í lok þess árs.

Gjört í Reykjavík 14. september 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1981.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1981.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Stjórnartíðindi A 16, nr. 75—76. Útgáfudagur 24. september 1981.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1981

LÖG

um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 5. gr. laga nr. 74 31. maí 1976, um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970 um dýralækna, hef látið fella meginmál hinna fyrrgreindu laga, svo og meginmál laga nr. 38 24. maí 1972, laga nr. 43 7. maí 1974, laga nr. 34 23. maí 1975 og laga nr. 35 23. maí 1975, inn í lög nr. 31 5. maí 1970, og gef þau út svo breytt sem lög um dýralækna:

1. gr.

Í lögum þessum eru þeir einir taldir dýralæknar, sem lokið hafa prófum við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum, og sem hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðuneytinu með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem sett kunna að vera í því efni á hverjum tíma og að fengnum meðmælum yfirdýralæknis.

2. gr.

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Kletthálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýsla.
7. Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur.
8. Strandaumdæmi: Strandasýsla.
9. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.
10. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
11. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
12. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hrísey, Árskógsstrandarhreppur.
13. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
14. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
15. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð. Húsavík og Keldunes-hreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
16. Norð-Austurlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum vestan Öxarfjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.

A 34

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

17. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.
18. Austurlandsumdæmi syðra: Suður-Múlasýsla frá mörkum Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps við ströndina og Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps inn á landinu annars vegar og mörkum milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar.
19. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.
20. Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur.
21. Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur. Þó er bændum í Vestur-Eyjafjallahreppi vestan Seljalandsmúla heimilt ag vitja dýralæknis í Hvolsumdæmi, kjósi þeir það heldur.
22. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur og Rangárvallahreppur, austan Eystri-Rangár.
23. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur.
24. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur og Vestmannaeyjar.
25. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallavallahreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralækna, eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar, sem aflað hafa sér rækilegrar sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

3. gr.

Auk dýralækna þeirra, sem um getur í 2. gr., skal vera einn yfirdýralæknir, og skal hann hafa búsetu í Reykjavík og vera ríkisstjórn til ráðuneytis um og hafa yfirumsjón með öllu, er varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Hann skal hafa yfirumsjón með aðgerðum gegn smitsjúkdómum búfjár og innflutningi og útflutningi lifandi dýra- og búfjárafurða að því er varðar heilbrigði og hollustuhætti.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og annarra þeirra dýralækna sem læknisleyfi hafa.

4. gr.

Dýralæknar skulu hver í sínu umdæmi vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur, sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða.

Dýralæknar skulu gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem best við og gæta fyllstu samviskusemi í öllum dýralæknisstörfum.

5. gr.

Forseti skipar yfirdýralækni og héraðsdýralækna.

Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Héraðsdýralæknar og aðrir dýralæknar, sem aðstöðu hafa til venjulegra dýralæknisstarfa, skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stéttarfélags dýralækna.

Héraðsdýralæknum er óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín heldur en greint er í gildandi gjaldskrá.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi og þegar önnur nauðsyn krefur, er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi, gegn hálfum byrjunarlaunum þess umdæmis.

6. gr.

Héraðsdýralæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði og annast sölu lyfja fyrir dýr, samkvæmt gildandi lögum og reglum um sölu lyfja.

Þeir eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, þegar þess er leitað, nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis, og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

7. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í búfé eða grunur um slíkan sjúkdóm í umdæmi héraðsdýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða tjóni, er af honum getur leitt. Hann skal tilkynna yfirdýralækni tafarlaust um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir.

Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um meðferð helstu smitsjúkdóma búfjár og varnir gegn þeim.

8. gr.

Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturfé og sláturafurðum hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Í Reykjavík hefur yfirdýralæknir eftirlit þetta með höndum.

Þar sem dýralæknar geta ekki sjálfir annað heilbrigðiseftirliti þessu, skulu héraðslæknar eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast það undir stjórn og eftirliti viðkomandi héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknar safna árlega skýrslum frá þeim, sem heilbrigðisskoðun annast í umdæminu.

Landbúnaðarráðherra setur reglur að fengnum tillögum yfirdýralæknis um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturfé og sláturafurðum, meðferð og geymslu sláturafurða, útbúnaði og þrifnaði í sláturhúsum, kjötfrystihúsum, kjötvinnslustöðvum og mjólkurbúum.

9. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa á búum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu með leiðbeiningum og á

annan hátt leitast við að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölumjólkur.

Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta eftirlit samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Afrit af skýrslum þessum skal senda yfirdýralækni. Mjólkurbú skulu eiga greiðan aðgang að skýrslum þessum, sé þess óskað.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er heimilt að áfrýja þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

10. gr.

Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár hver í sínu umdæmi. Skýrslu um smitsjúkdóma skal gera mánaðarlega. Yfirlitsskýrslur um heilsufar og sjúkdóma og læknisaðgerðir skal semja og senda til yfirdýralæknis ár hvert fyrir 15. febrúar.

Úr skýrslum héraðsdýralækna skal árlega vinna og birta heildaryfirlit um heilsufar búpenings í landinu samkvæmt nánari fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bág við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi um tiltekinn tíma.

Nú telur yfirdýralæknir, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru, er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, eiturlyfjanotkunar eða drykkjuskaparóreglu, sem geri hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá skýri hann ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknaráðs um málið, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef læknaráð telur það nauðsynlegt, en skjóta má hann máli sínu til dómstólanna.

12. gr.

Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o.þ.h. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum.

13. gr.

Í þeim umdæmum, þar sem mjólkurkýr eru færri en 1600, miðað við skattaframtal næsta árs á undan, er heimilt að greiða héraðsdýralækni staðaruppbót sem nemur hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Staðaruppbót þessi fellur niður þegar kúm í umdæminu fjölgar yfir áðurnefnda tölu.

Þar sem eigi er embættisbústaður í umdæmi héraðsdýralæknis, er heimilt að greiða dýralækni skrifstofustyrk úr ríkissjóði. Styrkur þessi fellur niður, þegar embættisbústaður hefur verið byggður.

14. gr.

Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið til notkunar við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir í þrjú ár að minnsta kosti.

Í þessu skyni er heimilt í fjárlögum að gera ráð fyrir sérstakri upphæð til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknisáhöldum og

tækjum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða frí frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast, og heim til Íslands aftur að dvöl lokinni.

15. gr.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því. Einnig má fela honum tiltekin störf önnur, og hefur hann þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim.

16. gr.

Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi, er sýslufélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun, en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralæknastörf innan sýslunnar, eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau, sem um getur í 7., 8. og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis.

Sýslufélög njóta styrks til að greiða mönnum, sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en ⅔ þeirra launa, sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum.

Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í embættið.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 31. 5. maí 1970, um dýralækna, og síðari breytingar á þeim lögum, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum er kynnu að koma í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 1. október 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Pálmi Jónsson.

21. október 1981. Nr. 78.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 21. október 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 16. september 1981 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

92. gr. orðist svo:

„Til síðari hluta prófs teljast kjarni, kjörsvið, frálsar kjörgreinar og ritgerð.

Kjarni er metinn 30 námseiningar, kjörsvið og frjálsar kjörgreinar samanlagt 21 eining og ritgerð 9 einingar hjá þeim, sem ekki velja sér endurskoðunarkjörsvið. Fyrir þá, sem velja endurskoðunarkjörsvið gildir kjörsvið og frjálsar kjörgreinar 24 einingar og ritgerð 6 einingar.

Stúdent getur valið milli tveggja kjarna, fyirtækjakjarna og þjóðhagskjarna.

Prófgreinar í fyrirtækjakjarna eru þessar:

17. Stjórnun I
18. Stjórnun II
19. Fjármál fyrirtækja I
20. Fjármál fyrirtækja II
21. Sala I
22. Sala II
23. Framleiðsla I
24. Framleiðsla II
25. Aðgerðarannsóknir
26. Rafreiknar II a eða b

Prófgreinar í þjóðhagskjarna eru þessar:

19. Fjármál fyrirtækja I
25. Aðgerðarannsóknir
27. Rekstrarhagfræði II
28. Rekstrarhagfræði III
29. Þjóðhagfræði II
30. Þjóðhagfræði III
31. Hagrannsóknir I
32. Hagrannsóknir II
33. Hagkerfi
34. Rafreiknar II c

Vægi allra ofantalinna prófgreina er 3 námseiningar. Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarnagreinum og kjörsviðsgreinum árlega, en námsefni í öðrum greinum að minnsta kosti annað hvert ár.

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi, áður en hann hefur nám í síðari hluta."

2. gr.

93. gr. 2. ml. 1. mgr. orðist svo:

„Eitt kjörsvið í framhaldi af fyrirtækjakjarna skal vera endurskoðunarkjörsvið."

3. gr.

94. grein falli niður í heild sinni.

4. gr.

Breyting þessi tekur gildi fyrir þá stúdenta sem innritast í viðskiptadeild haustið 1981 eða síðar.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. september 1981.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.

2. nóvember 1981. Nr. 80.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 2. nóvember 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Gísli Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1981

Nr. 81. 276 21. desember 1981.

LÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2.286% gengismun til 9. nóvember 1981, en þar á eftir 2.136% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 og skulu þá allt að 29 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptist hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal veita ríkisábyrgð fyrir lánum að fjárhæð allt að 42 millj. kr. til þeirrar deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem tekur til afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til þess að gera þessari deild sjóðsins kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. október til 31. desember 1981.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

28. desember 1981. Nr. 82.

LÖG

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1980, orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1982 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:
A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds

28. desember 1981. Nr. 83.

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

32.—40. gr. laganna verði 33.—41. gr. þeirra, jafnframt því sem ný grein, er verði 32. gr. laganna, orðist svo:
Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra húsa og húshluta sem flokkast skv. 1. gr. í tnr. 44.23.01, 44.23.04, 44.23.09, 73.21.01, 73.21.03, 73.21.09 og 76.08.00.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleiddir eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahlutar. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða, sem að framan getur, taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar teljast í verulegum atriðum að efni og gerð frábrugðnir þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum, sem framleiddir eru hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1982.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds

Nr. 84. 28. desember 1981.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist ný mgr., sem verði 2. mgr. svohljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f. o. b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981 nema 3,575% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneyti setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%
Samtals:	100,0%

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimta gjald samkvæmt 2. gr. af skreið, sem unnin er úr kolmunna, sem veiddur er á árunum 1981—1982, og að endurgreiða það gjald, sem þegar kann að hafa verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna, sem veiddur var á árinu 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

18. desember 1981. Nr. 85.

Forsetabréf

um frestun á fundum Alþingis

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 104. löggjafarþings, frá 19. desember 1981 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 20. janúar 1982.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Stjórnartíðindi A 18, nr. 81—85. Útgáfudagur 31. desember 1981.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1981

Nr. 86. 280 31. desember 1981.

LÖG

um iðnráðgjafa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra, svo og kostnað við samræmingu, sbr. 4. gr.

Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka eða miðað við kjördæmi.

2. gr.

Iðnþróunarfélag, skv. lögum þessum, merkir félag er hefur landshluta eða kjördæmi sem starfssvæði og sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar geta átt aðild að, enda hafi félagið það markmið að efla iðnþróun á starfssvæði sínu.

3. gr.

Helstu verkefni iðnráðgjafa eru þessi:

a) Að hjálpa iðnfyrirtækjum og aðilum, sem hyggja á iðnrekstur, að greina þörf sína fyrir sérfræðiaðstoð og veita upplýsingar um hvar slíka aðstoð sé að fá.
b) Að vera tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins og þeirra aðila sem starfa í iðnaði og að iðnaðarmálum í landshlutanum.
c) Að aðstoða sveitarstjórnir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga við athuganir á nýjum viðfangsefnum í iðnaði.
d) Að miðla upplýsingum um tækni- og rekstrarmálefni og hafa milligöngu um námskeiðahald og aðra fræðslustarfsemi sem völ er á fyrir starfsfólk í iðnaði.
e) Að stuðla að aukinni samvinnu iðnfyrirtækja bæði innan starfsgreina og þeirra í milli, svo og tengslum við fyrirtæki í öðrum greinum.
f) Að vera til ráðuneytis þeim aðilum sem eiga þátt í að móta atvinnumálastefnu landshlutans.

4. gr.

Iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmd þessara laga.

Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forustu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 31. desember 1985.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritaður var í Stokkhólmi 11. júní 1981, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar viðbótarsamningur er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Tillægsaftale til aftalen mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om bistand i skattesager

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige er, foranlediget af ønsket om at indgå en tillægsaftale til aftalen af 9. november 1972 mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om bistand i skattesager, som ændret ved tillægsaftalen af 21. juli 1976 (nedenfor kaldet "aftalen"), blevet enige om følgende.

Artikel I

Artikel 1 i aftalen får følgende ændrede ordlyd:

"Artikel 1

De kontraherende stater forpligter sig til at yde hinanden bistand i skattesager på den nedenfor angivne måde.

Bistand ifølge denne aftale omfatter:

a) forkyndelse af dokumenter,

b) oplysning i skattesager, såsom tilvejebringelse af selvangivelser eller andre meddelelser og udveksling af oplysninger uden særlig begæring eller efter anmodning i det enkelte tilfælde,

c) fremskaffelse af selvangivelsesblanketter og andre skatteblanketter,

d) opkrævning af skat, herunder foranstaltninger til at hindre, at forskudsskat trækkes i mere end en stat, samt

e) inddrivelse af skat og

Suomen, Islannin, Norjan, Ruotsin ja Tanskan välillä virka-avusta veroasioissa tehtyä sopimusta muuttava ja täydentävä lisäsopimus

Suomen, Islannin, Norjan, Ruotsin ja Tanskan hallitukset ovat, haluten tehdä Suomen, Islannin, Norjan, Ruotsin ja Tanskan välillä virka-avusta veroasioissa 9 päivänä marraskuuta 1972 tehtyä sopimusta (jäljempänä "sopimus"), sellaisena kuin se on muutettuna 21 päivänä heinäkuuta 1976 tehdyllä lisäsopimuksella, muuttavan ja täydentävän lisäsopimuksen, sopineet seuraavasta:

I artikla

Sopimuksen 1 artikla muutetaan näin kuuluvaksi:

"1 artikla

Sopimusvaltiot sitoutuvat antamaan toisilleen virka-apua veroasioissa jäljempänä mainitulla tavalla.

Tämän sopimuksen mukainen virka-apu voi koskea:

a) asiakirjojen tiedoksiantoa,

b) selvitystä veroasioissa, kuten veroilmoitusten tai muiden ilmoitusten hankkimista ja tietojen vaihtamista ilman erityistä pyyntöä tai yksittäistapauksessa tehdystä esityksestä,

c) veroilmoitus- ja muiden verolomakkeiden saatavana pitämistä,

d) veron kantoa, siihen luettuina toimenpiteet sen välttämiseksi, että veron ennakkoa suoritetaan useammassa kuin yhdessä valtiossa, sekä

e) veron perintää ja vero-

Tilläggsavtal till avtalet mellan Finland, Danmark, Island, Norge och Sverige om handräckning i skatteärenden

Regeringarna i Finland, Danmark, Island, Norge och Sverige har, föranledda av önskan att ingå ett tilläggsavtal till avtalet den 9 november 1972 mellan Finland, Danmark, Island, Norge och Sverige om handräckning i skatteärenden, i dess genom tilläggsavtalet den 21 juli 1976 ändrade lydelse (här nedan kallat "avtalet"), kommit överens om följande:

Artikel I

Artikel 1 i avtalet erhåller följande ändrade lydelse:

"Artikel 1

De avtalsslutande staterna förbinder sig att lämna varandra handräckning i skatteärenden på sätt nedan anges.

Handräckning enligt detta avtal kan avse:

a) delgivning av handlingar,

b) utredning i skatteärenden, såsom införskaffande av deklarationer eller andra uppgifter och utbyte av upplysningar utan särskild begäran eller efter framställning i det enskilda fallet,

c) tillhandahållande av deklarationsblanketter och andra skatteblanketter,

d) uppbörd av skatt, däri inbegripna åtgärder för att undvika att preliminär skatt uttages i mer än en stat, samt

e) indrivning av skatt och

Viðbótarsamningur við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar sem óska að gera með sér viðbótarsamning við samning frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, eins og honum hefur verið breytt með viðbótarsamningi frá 21. júlí 1976 (hér eftir nefndur samningurinn), hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

1. gr. samningsins orðist svo:

1. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að veita hvert öðru aðstoð í skattamálum á þann hátt, sem greinir hér á eftir.

Aðstoð samkvæmt samningi þessum tekur til:

a) birtingar skjala,

b) rannsókna í skattamálum, svo sem öflunar framtala eða annarra upplýsinga og skipta á upplýsingum bæði án sérstakrar beiðni og samkvæmt beiðni hverju sinni,

c) afhendingar framtalseyðublaða og annarra skatteyðublaða,

d) afdráttar skatta, þar á meðal aðgerða til að forðast að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir í fleiri en einu ríki, svo og

e) innheimtu skatta og

Tilleggsavtale til avtalen mellom Norge, Danmark, Finland, Island og Sverige om bistand i skattesaker

Regjeringene i Norge, Danmark, Finland, Island og Sverige som ønsker å inngå en tilleggsavtale til avtalen av 9. november 1972 mellom Norge, Danmark, Finland, Island og Sverige om bistand i skattesaker (nedenfor kalt "avtalen"), slik den lyder etter tilleggsavtalen av 21. juli 1976, er blitt enige om følgende:

Artikkel 1

Artikkel 1 i avtalen får følgende endrede ordlyd:

"Artikkel 1

De kontraherende stater forplikter seg til å yte hverandre bistand i skattesaker på den måte som er angitt nedenfor.

Bistand etter denne avtale kan omfatte:

a) forkynnelse av dokumenter,

b) opplysninger i skattesaker, så som fremskaffing av selvangivelser eller andre oppgaver og utveksling av opplysninger uten særskilt begjæring eller etter anmodning i det enkelte tilfelle,

c) fremskaffing av selvangivelsesblanketter og andre skatteblanketter,

d) oppkreving av skatt, herunder innbefattet tiltak for å unngå at forskudd på skatt kreves i mer enn en stat, samt

e) inndriving av skatt og

Tilläggsavtal till avtalet mellan Sverige, Danmark, Finland, Island och Norge om handräckning i skatteärenden

Regeringarna i Sverige, Danmark, Finland, Island och Norge har, föranledda av önskan att ingå ett tilläggsavtal till avtalet den 9 november 1972 mellan Sverige, Danmark, Finland, Island och Norge om handräckning i skatteärenden, i dess genom tilläggsavtalet den 21 juli 1976 ändrade lydelse (här nedan kallat "avtalet"), kommit överens om följande:

Artikel 1

Artikel 1 i avtalet erhåller följande ändrade lydelse:

"Artikel 1

De avtalsslutande staterna förbinder sig att lämna varandra handräckning i skatteärenden på sätt nedan anges.

Handräckning enligt detta avtal kan avse:

a) delgivning av handlingar,

b) utredning i skatteärenden, såsom införskaffande av deklarationer eller andra uppgifter och utbyte av upplysningar utan särskild begäran eller efter framställning i det enskilda fallet,

c) tillhandahållande av deklarationsblanketter och andra skatteblanketter,

d) uppbörd av skatt, däri inbegripna åtgärder för att undvika att preliminär skatt uttages i mer än en stat, samt

e) indrivning av skatt och

sikkerhedsstillelse for betaling af skattekrav."

Artikel 2

Artikel 2 i aftalen får følgende ændrede ordlyd:

"Artikel 2

Som skat anses i denne aftale:

a) skat, på hvilken aftale mellem de kontraherende stater til undgåelse af dobbeltbeskatning for så vidt angår skatter på indkomst, formue, arv eller efterladenskaber iøvrigt finder anvendelse,

b) gaveafgifter;

c) motorafgifter i det omfang, som angives i en i henhold til artikel 20 truffen aftale;

d) mærdiafgift og anden almindelig omsætningsafgift i det omfang, som angives i en i henhold til artikel 20 truffen aftale;

e) punktskatter i det omfang, som angives i en i henhold til artikel 20 truffen aftale;

f) socialforsikringsbidrag og andre bidrag til det offentlige i det omfang, som angives i en i henhold til artikel 20 truffen aftale.

Med skat ligestilles forskud på sådan skat og afgift, som omfattes af denne artikels første stykke."

Artikel 3

Artikel 3 i aftalen får følgende ændrede ordlyd:

"Artikel 3

En kontraherende stat er pligtig at yde bistand i henhold til artikel 1 i alle de skattesager og med hensyn til alle

saamisen maksamisen turvaamista."

2 artikla

Sopimuksen 2 artikla muutetaan näin kuuluvaksi:

"2 artikla

Verolla tarkoitetaan tässä sopimuksessa:

a) veroa, johon sovelletaan sopimusvaltioiden välistä, tulo-, omaisuus-, perintö- tai jäämistöveroa koskevan kaksinkertaisen verotuksen välttämiseksi tehtyä sopimusta,

b) lahjaveroa,

c) moottoriajoneuvoveroa, siinä laajuudessa kuin määrätään 20 artiklan mukaisessa sopimuksessa,

d) lisäarvonveroa ja muuta yleistä liikevaihtoveroa, siinä laajuudessa kuin määrätään 20 artiklan mukaisessa sopimuksessa,

e) pisteveroja, siinä laajuudessa kuin määrätään 20 artiklan mukaisessa sopimuksessa,

f) sosiaalivakuutus- ja muita julkisia maksuja, siinä laajuudessa kuin määrätään 20 artiklan mukaisessa sopimuksessa.

Veroon rinnastetaan 1 kappaleessa tarkoitetun veron ja maksun ennakko."

3 artikla

Sopimuksen 3 artikla muutetaan näin kuuluvaksi:

"3 artikla

Sopimusvaltio on velvollinen antamaan 1 artiklan mukaista virka-apua kaikissa niissä veroasioissa ja kaik-

säkerställande av betalning för fordran på skatt."

Artikel 2

Artikel 2 i avtalet erhåller följande ändrade lydelse:

"Artikel 2

Med skatt avses i detta avtal:

a) skatt, på vilken avtal mellan de avtalsslutande staterna för undvikande av dubbelbeskattning beträffande skatter på inkomst, förmögenhet, arv eller kvarlåtenskap äger tillämpning,

b) gåvoskatt,

c) motorfordonsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20,

d) mervärdeskatt och annan allmän omsättningsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20,

e) punktskatter, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20,

f) socialförsäkringsavgifter och andra offentliga avgifter, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20.

Med skatt likställes förskott på sådan skatt och avgift som avses i första stycket."

Artikel 3

Artikel 3 i avtalet erhåller följande ändrade lydelse:

"Artikel 3

Avtalsslutande stat är skyldig lämna handräckning enligt artikel 1 i alla de skatteärenden och i fråga om alla

ráðstafana til tryggingar á skattkröfum.

sikring av skattekrav".

säkerställande av betalning för fordran på skatt."

2. gr.

2. gr. samningsins orðist svo:

Artikkel 2

Artikkel 2 i avtalen får følgende endrede ordlyd:

Artikel 2

Artikel 2 i avtalet erhåller följande ändrade lydelse:

2. gr.

Með skatti er í samningi þessum átt við:

a) skatt, sem samningur milli aðildarríkjanna til þess að komast hjá tvísköttun tekna, eigna, arfs eða eftirlátinna eigna tekur til,

b) gjafaskatt,

c) skatt af vélknúnum ökutækjum, að því leyti, sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.,

d) virðisaukaskatt og annan almennan söluskatt, að því leyti, sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.,

e) „punktskatta", að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.

f) almannatryggingagjöld og önnur opinber gjöld, að því leyti, sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.

Með skatti er jafnframt átt við fyrirframgreiðslu þeirra skatta og gjalda, sem fyrri málsgrein þessarar greinar tekur til.

"Artikkel 2

Som skatt anses i denne avtale:

a) skatt som går inn under avtalene mellom de kontraherende stater til unngåelse av dobbeltbeskatning for så vidt angår skatt på inntekt, formue, arv eller etterlatenskaper,

b) avgift på gaver,

c) motorvognavgift i den utstrekning det følger av avtale i henhold til artikkel 20,

d) merverdiavgift og annen alminnelig omsetningsavgift i den utstrekning det følger av avtale i henhold til artikkel 20,

e) særavgifter i den utstrekning det følger av avtale i henhold til artikkel 20,

f) avgifter til folketrygden og andre offentlige avgifter i den utstrekning det følger av avtale i henhold til artikkel 20.

Med skatt likestilles forskudd på skatt og avgift som går inn under første ledd i denne artikkel."

"Artikel 2

Med skatt avses i detta avtal:

a) skatt, på vilken avtal mellan de avtalsslutande staterna för undvikande av dubbelbeskattning beträffande skatter på inkomst, förmögenhet, arv eller kvarlåtenskap äger tillämpning,

b) gåvoskatt,

c) motorfordonsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20,

d) mervärdeskatt och annan allmän omsättningsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20,

e) punktskatter, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20,

f) socialförsäkringsavgifter och andra offentliga avgifter, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20.

Med skatt likställes förskott på sådan skatt och avgift som avses i första stycket."

3. gr.

3. gr. samningsins orðist svo:

Artikkel 3

Artikkel 3 i avtalen får følgende endrede ordlyd:

Artikel 3

Artikel 3 i avtalet erhåller följande ändrade lydelse:

3. gr

Aðildarríki er skylt að veita aðstoð samkvæmt 1. gr. í öllum þeim skattamálum og við allar þær skattakröfur,

"Artikkel 3

En kontraherende stat er etter artikkel 1 pliktig til å yte bistand i alle skattesaker som er oppstått etter lovgivning-

"Artikel 3

Avtalsslutande stat är skyldig lämna handräckning enligt artikel 1 i alla de skatteärenden och i fråga om alla

de skattekrav, som er opstået i en anden kontraherende stat i overensstemmelse med dennes lovgivning vedrørende de skatter, afgifter og bidrag, som omfattes af artikel 2. I sager vedrørende skatter, som omfattes af artikel 2 a), foreligger sådan pligt dog kun, såfremt skatten omfattes af en aftale til undgåelse af dobbeltbeskatning med den kontraherende stat, som begærer bistanden.

Bistanden kan omfatte foranstaltninger ikke blot overfor skattepligtige, men tillige overfor arbejdsgivere og andre, som har været pligtige at tilbageholde skat ved udbetaling af løn eller anden ydelse, og overfor andre, som ifølge lovgivningen i den stat, som begærer bistanden, er ansvarlige for skat.

Anmodning om bistand må kun fremsættes, såfremt de begærede foranstaltninger ikke kan foretages i egen stat uden væsentlige vanskeligheder og såfremt den stat, som fremsætter anmodningen, ifølge sin egen lovgivning kan yde tilsvarende bistand på begæring af den stat; til hvilken anmodningen er rettet."

Artikel 4

Artikel 12 i aftalen får følgende ændrede ordlyd:

"Artikel 12

Den kompetente myndighed i en kontraherende stat skal i det omfang, det kan ske på grundlag af tilgængelige kontroloplysninger eller tilsvarende oplysninger, snarest muligt

kiin niihin verovaateisiin nähden, jotka ovat syntyneet toisessa sopimusvaltiossa sen lainsäädännön mukaan ja jotka koskevat 2 artiklassa tarkoitettuja veroja ja maksuja. Sopimuksen 2 artiklan a) kohdassa tarkoitettua veroa koskevissa asioissa tällainen velvollisuus on kuitenkin vain, jos vero kuuluu virka-apua pyytävän valtion kanssa kaksinkertaisen verotuksen välttämiseksi tehdyn sopimuksen piiriin.

Virka-apu voi koskea sekä toimenpidettä, joka kohdistuu verovelvolliseen, että toimenpidettä, jonka kohteena on työnantaja tai muu henkilö, joka maksaessaan palkkaa tai muuta etuutta on ollut velvollinen pidättämään siitä veroa, ja muu henkilö, joka virka-apua pyytävän valtion lainsäädännön mukaan on vastuussa verosta.

Virka-apua koskeva esitys saadaan tehdä vain, jos pyydettyä toimenpidettä ei voida omassa valtiossa suorittaa ilman olennaisia vaikeuksia ja jos se valtio, joka tekee esityksen, oman lainsäädäntönsä mukaan voi sen valtion pyynnöstä, jolle esitys tehdään, suorittaa vastaavan virka-avun."

4 artikla

Sopimuksen 12 artikla muutetaan näin kuuluvaksi:

"12 artikla

Sopimusvaltion asianomaisen viranomaisen tulee, mikäli niin voi tapahtua saatavissa olevien tarkkailu- tai muiden vastaavien tietojen perusteella, mahdollisimman pian jokaisen kalenterivuo-

de skatteanspråk, som uppkommit i annan avtalsslutande stat i enlighet med dess lagstiftning beträffande de skatter och avgifter som omfattas av artikel 2. I ärenden rörande skatt som avses i artikel 2 a) föreligger dock sådan skyldighet endast om skatten omfattas av avtal för undvikande av dubbelbeskattning med den avtalsslutande stat som begär handräckningen.

Handräckning får avse åtgärd icke blott mot skattskyldig utan även mot arbetsgivare och annan, som har varit skyldig att innehålla skatt vid utbetalning av lön eller annan förmån, och mot annan som enligt lagstiftningen i den stat som begär handräckningen är ansvarig för skatt.

Framställning om handräckning får göras endast om den begärda åtgärden icke kan vidtas i den egna staten utan väsentliga svårigheter och om den stat som gör framställningen enligt sin egen lagstiftning kan på begäran av den stat till vilken framställningen riktats verkställa motsvarande handräckning."

Artikel 4

Artikel 12 i avtalet erhåller följande ändrade lydelse:

"Artikel 12

Behörig myndighet i avtalsslutande stat skall, i den mån det kan ske på grundval av tillgängliga kontrolluppgifter eller motsvarande uppgifter, snarast möjligt efter utgången av varje kalen-

sem fram hafa komið í öðru aðildarríki í samræmi við löggjöf þess og varða þá skatta og gjöld, sem 2. gr. tekur til. Í skattamálum, sem 2. gr. a) tekur til, er þessi skylda þó því aðeins fyrir hendi, að skatturinn falli undir samning til að komast hjá tvísköttun við það aðildarríki, sem aðstoðar óskar.

Aðstoð getur ekki aðeins tekið til aðgerða gegn þeim, sem skatt skuldar, heldur einnig gegn vinnuveitanda og öðrum, sem skylt var að halda eftir fé til greiðslu skatta við útborgun launa eða annarrar þóknunar, svo og gegn öðrum þeim, sem ábyrgð bera á sköttum samkvæmt löggjöf þess ríkis, er aðstoðar óskar.

Beiðni um aðstoð má aðeins setja fram, þegar eigi er hægt að grípa til hinna umbeðnu aðgerða í eigin ríki án verulegra erfiðleika og að það ríki sem beiðnina ber fram geti samkvæmt löggjöf sinni veitt sambærilega aðstoð, ef það ríki, sem aðstoðar er beðið, fer fram á slíkt.

4 gr.

12. gr. samningsins orðist svo:

12. gr.

Bært stjórnvald í aðildarríki skal, að svo miklu leyti, sem unnt er á grundvelli samanburðargagna eða samsvarandi upplýsinga, svo fljótt sem verða má eftir hver áramót og án sérstakrar

en i en kontraherende stat når det gjelder skatter og avgifter som går inn under artikkel 2. I saker om skatt etter artikkel 2 a) foreligger det dog bare en slik plikt når skatten går inn under en avtale til unngåelse av dobbeltbeskatning med den kontraherende stat som begjærer bistand.

Bistanden kan omfatte tiltak ikke bare overfor skattytere, men også overfor arbeidsgivere og andre som har hatt plikt til å holde tilbake skatt ved utbetaling av lønn eller annen ytelse og overfor andre som etter lovgivningen i den stat som har begjært bistand, er ansvarlig for skatt.

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda og neytenda, skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverðið til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og

smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna tvo menn, en Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann, en af hálfu neytenda hafa stjórnir eftirtalinna samtaka rétt til þess að tilnefna einn mann hvert: Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannafélag Reykjavíkur. Tilnefningu fulltrúa í sexmannanefndinni skal lokið 15. júlí ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. ágúst ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningaskrifstofunnar skulu vera nefndinni til aðstoðar.

6. gr.

Sexmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Náist um slíkan verðlagsgrundvöll samkomulag, er stutt sé af meiri hluta nefndarmanna, skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

Samhliða því að sexmannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., skal Framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal Framleiðsluráð leggja nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sexmannanefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum Framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta. Þegar rætt er í sexmannanefnd um álagningu á búvöru í smásölu, ber að gefa fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Nú næst ekki meiri hluti í sexmannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara skv. 2. málsgr. þessarar greinar, og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, er meirihluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í sexmannanefnd, um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða verðlagningu söluvara. Beri sáttaumleitanir ekki árangur innan þess tíma, er 7. gr. kveður á um, skal skipa 3 manna nefnd, er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti sexmannanefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af nefndinni í heild. Nú fær enginn stuðning meirihluta sexmannanefndar sem oddamaður, og tilnefnir þá Hæstiréttur oddamanninn. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar, samkv. 5. málslið, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda, ef þeir nota ekki rétt sinn, en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn, sem eiga sæti í sexmannanefnd.

Ákvæði um úrskurð samkvæmt ákvæðum 3. málsgr. þessarar gr. gilda, meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær úr ríkissjóði.

7. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda skv. 3. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í sexmannanefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar reksturskostnaðar skv. útreikningum Hagstofu Íslands, en launabreytingar og

breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði fara eftir ákvæðum 9. gr. Þó gildir verðlagsgrundvöllur sá, er ákveðinn verður haustið 1966, aðeins í eitt ár. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af sexmannanefnd.

8. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sexmannanefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sexmannanefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 6. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 7. gr.

Búreikningaskrifstofa ríkisins skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægjanlega marga að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og sexmannanefnd. Stjórn Búreikningaskrifstofunnar, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar að fengnum tillögum frá sexmannanefnd.

Sexmannanefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingagrundvöll fyrir þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða, svo sem framleiðslu- og dreifingarkostnað, vinnutíma o. fl. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna, ef 3 nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningaskrifstofu ríkisins og aðrar opinberar stofnanir, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Að því leyti sem umræddar stofnanir telja sig ekki geta látið í té starfslið til þess að framkvæma þær rannsóknir, er sexmannanefnd hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslið, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

9. gr.

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. mars og 1. júní vegna hækkunar á kaupi, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á kaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangegnu þriggja mánaða tímabili.

Nú telur Framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það tilkynna sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar skv. 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meirihluti í sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

Nú telur Framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

10. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept-

ember, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæðum 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal það tilkynna sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meirihluti í sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

11. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsgr. þessarar greinar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna skv. ákvæðum 2. málsgr. 8. gr., sem það leggur fyrir sexmannanefnd.

III. KAFLI

Um sauðfjárafurðir.

14. gr.

Framleiðsluráð úthlutar sláturleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða versla með kjöt af því í heildsölu án leyfis Framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1965, svo og þeim, sem eignast hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur ennfremur veitt öðrum aðilum sláturleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum nýafgreiddra laga frá Alþingi um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Framleiðsluráð getur ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa sláturleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, eftir að tiltekinn greiðslufrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim.

15. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til Framleiðsluráðs. Stjórn neytenda-

félags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjalddagi er, þegar slátrun fer fram, nema Framleiðsluráð heimili annað.

16. gr.

Framleiðsluráð ákveður, um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar.

17. gr.

Skylt er öllum, sem versla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innan lands og utan.

18. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra best og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun bestu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verslun með þær. Það getur ennfremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna.

19. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

20. gr.

Framleiðsluráð úthlutar leyfum til slátrunar stórgripa, nautgripa og hrossa og má enginn slátra stórgripum til sölu né versla með kjöt af þeim í heildsölu nema hann hafi fengið til þess slíkt leyfi. Um úthlutun slátrunarleyfa á stórgripum gilda sömu ákvæði og um úthlutun slátrunarleyfa fyrir sauðfé, sbr. 14. gr. þessara laga.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 frá 28. apríl 1966.

Framleiðsluráð skal hafa eftirlit með sölu og meðferð stórgripakjöts.

21. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 7. gr., að fengnum tillögum Hagsmunafélags hrossabænda.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem Framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá Framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars:

1. Um skiptingu landsins í sölusvæði.
2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki Framleiðsluráðs.
3. Að Framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum.
4. Um mat og flokkun hrossakjöts.
5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón Framleiðsluráðs.
6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI
Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

22. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annaðhvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði.

Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er Framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningi mjólkurframleiðslu, að færa þær byggðir undir það mjólkursölusvæði, er best hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf.

Við skiptingu í mjólkursölusvæði skal Framleiðsluráð ennfremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neyslumjólk sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

23. gr.

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna á því sölusvæði, þ. á m. heildsöludreifingu mjólkur, rjóma, skyrs og annarra skyldra mjólkurvara. Hún annast ennfremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neyslumjólk og afhendingu þess til Framleiðsluráðs. Nú eru starfandi fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af Framleiðsluráði og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau þá, ef Framleiðsluráð ákveður, hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, og getur þá Framleiðsluráð hlutast til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kauptún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkursöluna og annað, er hana snertir.

24. gr.

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn, skv. ákvæðum 23. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neyslumjólk, sem samsalan selur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Heimilt er að taka gjald þetta af fleiri vörutegundum. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

Verðjöfnunargjald skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðum. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á móttökustöð.

Skylt er að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stiglækkandi fyrir aðra flokka.

25. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal hún annast alla heildsöludreifingu á mjólk, rjóma og nýju skyri á sölusvæðinu.

Sexmannanefnd ákveður hverju sinni verð á mjólk og rjóma í heildsölu og smásölu, sbr. 2. málsgr. 6. gr. Í því sambandi skal hún einnig ákveða lausnargjald, sem heildsöluaðila er heimilt að taka í hvert skipti sem mjólk, rjómi eða aðrar skyldar mjólkurvörur eru afgreiddar við dyr smásöluverslunar eða aðra útsölustaði. Getur nefndin ákveðið gjald þetta jafnhátt að

krónutölu, hvort sem afgreitt er mikið eða lítið magn vöru hverju sinni, sé um sölu í þéttbýli að ræða. Heildsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og og mjólkurvörur á hinu skráða smásöluverði til aðila, sem ekki reka smásöluverslun. Skal þá ekki taka losunargjald.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta verðákvörðunum sexmannanefndar, og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þó að ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þeirra vara.

Ekki má selja mjólk, rjóma og skyr eða skyldar mjólkurvörur til annarra verslana en þeirra, er fengið hafa samþykki heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi til sölu mjólkur. Skal í þeim efnum fylgt ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.

26. gr.

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla heildsölu á mjólk, rjóma, skyri, súrmjólk, jógurt og öðrum skyldum mjólkurafurðum, sbr. 1. málsgr. 25. gr.

27. gr.

Nú er starfandi mjólkurbú eða samsala, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur viðurkennt, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk, rjóma, skyr, súrmjólk og aðrar skyldar mjólkurafurðir í heildsölu á því sölusvæði.

Nú kemur upp deila milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölusvæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

28. gr.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til heildsölu á mjólk, sbr. ákvæði 25. gr., að sjá um að ætíð sé nóg neyslumjólk til sölu á sölusvæði þeirra, sé þess nokkur kostur. Öll mjólk og allur rjómi, sem seldur er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur.

Verslanir, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skulu einatt hafa á boðstólum allar vörutegundir, sem mjólkursamsala og mjólkursamlögin hafa til sölu á hverjum tíma.

Nú telja héraðsdýralæknir, mjólkureftirlitsmaður eða héraðslæknir, að mjólk frá einhverjum framleiðanda sé ekki söluhæf, og geta þeir þá, hver um sig eða allir saman, stöðvað mjólkursölu frá viðkomandi framleiðanda.

Um framkvæmd þess sölubanns skal setja ákvæði í reglugerð.

Nú telur heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir meðferð sölumjólkur áfátt hjá einhverju mjólkurbúi eða mjólkursöluaðila (verslun), og getur heilbrigðisnefndin þá stöðvað sölu mjólkur frá þeim aðila og krafist úrbóta á því sem áfátt er, áður en sala hefur verið leyfð að nýju. Um slíkar aðgerðir ber nefndinni að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

29. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyslumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta Framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

30. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast

til um, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði og forráðamenn hlutaðeigandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Ennfremur er Framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og gera aðrar ráðstafanir, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verður aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga. Ber sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

31. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi Framleiðsluráðs. Getur Framleiðsluráð krafist þess, að byggingu stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur. Í því sambandi er Framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar þar sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og Framleiðsluráð telur þeirra þörf og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að 1/4 stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum.

Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

VI. KAFLI

Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.

32. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra best og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að bestu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má versla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi Framleiðsluráðs. Leyfi skal veitt til eins árs í senn.

33. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins, sem annast verslun með kartöflur og annað grænmeti.

34. gr.

Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

35. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Framleiðsluráð ræður Grænmetisverslun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

36. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Framleiðsluráði.

Nú hefur Framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og er þá öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til smásöluverslana, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

37. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helstu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess ennfremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal Grænmetisverslun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

38. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Grænmetisverslun landbúnaðarins sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:

1. um starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins;
2. um flokkun og mat garðávaxta;
3. um stofnræktun úrvals tegunda;
4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

VII. KAFLI

Um verðmiðlun.

40. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fáist fyrir sams konar vörur komnar á vinnslustað miðað við meðalvinnslukostnað og nýtingu. Verðjöfnunargjald skal teljast til dreifingarkostnaðar. Skal því hagað þannig:

a. Kjöt: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mismunandi flutningskostnaðar frá sláturstað til markaðsstaðar. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að framkvæma útjöfnun á flutningskostnaði sláturfjár að sláturhúsi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæman rekstur sláturhúsa. Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á stórgripakjöti, er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.

b. Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög og skal verja því til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða. Í því sambandi er heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar mjólkurbúanna. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi ef þörf krefur að mati Framleiðsluráðs.
c. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum.
d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum, til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða.
e. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð skv. 12. gr. nægir ekki. Gjald þetta hefur ekki áhrif á dreifingarkostnað eða útsöluverð, sbr. 1. málsgr. 12. gr.

41. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skal tekið í samræmi við 40. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við Framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 13. gr.).

42. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkursamlaga eða mjólkursölusvæða og aðrir sem versla með gjaldskyldar vörur skv. 40. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjaldi skv. fyrirmælum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda ber honum að standa skil á verðjöfnunargjaldi til Framleiðsluráðs.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðjöfnunar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þær geta látið í té.

VIII. KAFLI

Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

43. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Ennfremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenskar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

44. gr.

Nú telur Framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 43. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá Framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem best má verða.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum Framleiðsluráðs.

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að Framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við Framleiðsluráð.

46. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 1—100 kr.

47. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og síðari breytingar á þeim lögum, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum er kynnu að koma í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 11. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Pálmi Jónsson.